

Bliki

TÍMARIT UM FUGLA

18

JÚNÍ 1997





BLIKI er gefinn út af Náttúrufræðistofnun Íslands í samvinnu við Flækingsfuglanefnd, Fuglaverndarfélag Íslands, Líffræðistofnun háskólans og áhugamenn um fugla. Birtar eru greinar og skýrslur um íslenska fugla ásamt smærri pistlum um ýmislegt er að fuglum lýtur.

Ritið kemur út a.m.k. einu sinni á ári. Hvert hefti er verðlagt sérstaklega og innheimt með giróseðli. Þeir sem þessa óska geta látið skrá sig á útsendingarlista og fá þá ritið við útgáfu.

Ritnefnd Blika skipa: Guðmundur A. Guðmundsson (ritstjóri), Arnór P. Sigfússon, Arnþór Garðarsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson, Jóhann Óli Hilmarsson og Kristinn H. Skarphéðinsson.

Afgreiðsla ritsins er á Náttúrufræðistofnun Íslands, Hlemmi 3, pósthólf 5320, 125 Reykjavík. Sími: 562 9822. Bréfsími: 562 0815. Tölvupóstur: bliki@nattfs.is.

Greinar, sem óskast birtar, skulu sendar ritstjóra Blika á Náttúrufræðistofnun. Höfundar fá 25 sérprent af greinum sínum endurgjaldslaust.

Ábyrgðarmaður: Guðmundur A. Guðmundsson.

Umbrot: Gunnlaugur Pétursson / BLIKI
Filmugerð og litgreining: Prentþjónustan hf.
Prentun og bókband: Prentsmiðjan Grafík hf.

© 1997 BLIKI
ISSN 0256-4181

Forsíðumynd:
Hávellusteggur *Clangula hyemalis* í vígahug á Boðatjörn í Mývatnssveit.
Júní 1997.
Ljós. Jóhann Óli Hilmarsson.

BLIKI is published by the Icelandic Institute of Natural History in cooperation with the Icelandic Rarities Committee, the Icelandic Society for the Protection of Birds, the Institute of Biology (University of Iceland), and bird observers.

The primary aim is to act as a forum for previously unpublished material on Icelandic birds, in the form of longer or shorter papers and reports. The main text is in Icelandic, but summaries in English are provided, except for some shorter notes.

The bulletin appears at least once each year. Each issue is priced separately, hence there is no annual subscription. Those wishing to receive future issues of the bulletin, will be put on the mailing list. Payment is by an invoice or postal giro (account no. 29822-0).

Editorial board: Guðmundur A. Guðmundsson (editor), Arnór P. Sigfússon, Arnþór Garðarsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson, Jóhann Óli Hilmarsson and Kristinn H. Skarphéðinsson.

All enquiries, including potential contributions, should be submitted to the editor, at the Icelandic Institute of Natural History, PO Box 5320, IS-125 Reykjavík, Iceland. Offers of exchange of bird journals, will be considered. Authors are provided with 25 reprints of their contributions, free of charge.

Note to foreign readers: The Icelandic letters Ðð, Þþ, Ææ, Öö and vowels with an acute accent (Áá, Éé, Íí, Óó, Úú, Ýý), are used in all Icelandic and foreign texts. In the reference lists "HEIMILDIR" Icelandic authors are listed by their Christian name, as is customary in Iceland.

Viðkoma og fjöldi nokkurra Mývatnsanda

Inngangur

Mývatn hefur löngum verið frægt fyrir fjölda og fjölbreytileika anda. Þar er andavarp mikið á vorin, en vatnið er einnig athvarf fugla í sárum þegar líða tekur á sumarið og nokkrar tegundir hafa þar vetursetu. Mikið hefur verið skrifað um Mývatnsendur og rannsóknir á þeim. Verður það ekki tíundað hér en látið nægja að vísa til yfirlitskafla um fuglalíf á Mývatni og Laxá í Mývatnsbók Hins íslenska náttúrufræðifélags (Arnþór Garðarsson 1991). Fylgst hefur verið náið með andastofnum í Mývatnssveit undanfarna tvo áratugi, en fjöldinn er breytilegur frá ári til árs. Enda þótt flestar tegundirnar séu farfuglar virðast stofnbreytingarnar fremur tengjast fæðuskilyrðum í Mývatni og Laxá, en lífs-skilyrðum á vetrarstöðvunum.

Miklar breytingar urðu á fjölda Mývatnsanda á fyrri helmingi þessarar aldar (Finnur Guðmundsson 1979). Langvarandi fækkun duggandar *Aythya marila*, hrafnsandar *Melanitta nigra* og hávelli *Clangula hyemalis* virðist tengd breytingum á sumarfæðu þessara tegunda (Arnþór Garðarsson 1979). Viðkoma fimm andartegunda, rauðhöfða *Anas penelope*, skúfandar *Aythya fuligula*, duggandar, hrafnsandar og straumandar *Histrionicus histrionicus* sýnir fylgni við fæðu, en viðkoman tengist einnig síðari stofnbreytingum (Arnþór Garðarsson & Árni Einarsson 1994, 1997).

Frá árinu 1975 höfum við fylgst með stofnum og viðkomu anda á Mývatni og ofanverðri Laxá og frá 1977 með stofnum vatnaskordýra sem eru fæða andanna. Slíkar langtímaathuganir (vöktun) eru ómissandi grundvöllur fyrir umönnun og verndun Mývatns, en svæðið nýtur verndar skv. sérstökum lögum (nr. 36/1974).


Rannsóknir þessar mynda einnig grundvöll fyrir aukinn fræðilegan skilning og gefa tilefni til þess að skoða tilgátur um takmörk þeirra stofna sem fylgst er með.

Í þessari ritgerð eru kannaðar nánar tvær spurningar um andastofnana: 1. Hvað ákvarðar framleiðslu unga hjá fjórum kafandartegundum, skúfönd, duggönd, hrafnsönd og straumönd? 2. Hvaða þættir ákvarða einkum breytingar á þéttleika fullorðinna kafanda á varpstöðvum? Þar er fengist við sex tegundir alls, fjórar fyrrnefndar auk hávelli og toppandar *Mergus serrator*.

Athugunarsvæði

Mývatn er stærsta vatnið af allmörgum grunnum og næringarauðugum stöðuvötnum norðanlands. Flatarmál þess er 38 km² en þar við bætast 16 km² af öðrum stöðuvötnum, tjörnum, flæðimýrum og straumvötnum, þannig að alls eru 54 km² vatna á athugunarsvæðinu í Mývatnssveit (l. mynd). Vatninu eru nokkrar eyjar og margir hólmar og strandlengjan er mjög vogskorin. Meðaldýpi Mývatns er 2,2 m. Í byrjun varptíma er meðalfjöldi (þéttleiki) andarsteggja á Mývatnssvæðinu 162 á hvern ferkílómetra vatns.

Mývatnsendur lifa á fjölbreytilegri fæðu, bæði gróðri og smádýrum (Bengtson 1971, Arnþór Garðarsson 1979, 1991). Toppönd lifir nær einvörðungu á hornsíli *Gasterosteus aculeatus*. Rykmý sem er að klekjast úr púpuhýðinu er einkar mikilvæg fæða fyrir gráendur *Anas* spp. á opnu vatni, svo og litla kafandarunga. Greiningar á magasýnum (óbirt gögn) benda til þess að kafendurnar velji áfánutegundir, þ.e. dýr sem halda sig ofan á eða nærri yfirborði botnsetsins, en það eru einkum



1. mynd. Mývatn og nálæg vötn. Staðsetningar flugnagildra eru merktar með skammstöfunum: SN: Syðri Neslönd, KS: Kálfaströnd, DR: Dragsey við Laxá, HE: Helluvað við Laxá.
– Lake Mývatn and other waters in the study area. Locations of insect traps are indicated.

mýlirfur af undirættunum Tanypodinae (ránmý) og Orthocladiinae (vatnsmý), svo og botnkrabbadýrin kornáta *Eurycercus lamellatus* og skötuormur *Lepidurus arcticus*. Í Laxá eru lirfur bitmýs *Simulium vittatum* aðalfæða andfugla.

Aðferðir

Hér er fjallað um eftirtaldir andartegundir: skúfönd, duggönd, hrafnönd, straumönd, hávellu og toppönd. Fylgst var árlega með fjölda allra tegundanna, en ungaframleiðsla var aðeins metin hjá fjórum tegundum, skúfönd, duggönd, hrafnönd og straumönd.

Reynt er að tengja ungaframleiðsluna (meðalfjölda unga á hvern kvenfugl) við

eftirfarandi þætti: 1. Þéttleika (fjölda) fullorðinna fugla sömu tegundar að vori. 2. Fæðuframboð eins og það birtist í veiddum mýflugum. 3. Veður, meðal annars fjölda hretdaga (Siple-Passel kælingarstuðull $< 10^{\circ}\text{C}$, sbr. Steadman 1971) og fjölda daga með minna en 4°C meðalhita, og meðalhita á mismunandi tímum sumars. Svipuð atriði voru prófuð í sambandi við breytingu á fjölda fullorðinna fugla milli vora: 1. Þéttleiki vorið áður. 2. Ungaframleiðsla allt að sex árum áður. 3. Fæðuframboð árið áður og á sama ári. 4. Veður að vorlagi.

Mývatnsendur eru taldir á hverju vori og fæst þá fjöldi fugla af báðum kynjum fyrir varptíma. Fjöldi unga á aldrinum 2-4





2. mynd. Hávellupar *Clangula hyemalis*. Hávellu hefur fækkað mjög á Mývatni á þessari öld en fjöldi hennar var í hámarki kringum árið 1916. – *The Long-tailed Duck is a species which has decreased greatly at Mývatn in the twentieth century. The maximum numbers were reached about the year 1916.* – Jóhann Óli Hilmarsson.

vikna er metinn svo sem kostur er, en þetta hefur þó ekki reynst framkvæmanlegt fyrir allar tegundirnar. Aðferðum við talningar hefur verið lýst ítarlega annars staðar (Arnþór Garðarsson 1979), og verður því aðeins tæpt á þeim hér. Fjöldi fullorðinna kafanda af báðum kynjum er metinn með heildartalningu á öllu svæðinu seint í maí, eftir að ísa hefur leyst af Mývatni. Í köldum vorum (1979, 1983, 1989 og 1995) var talningum frestað þar til ísa hafði leyst af vatninu.

Framleiðsla kafandarunga var metin á þeim tíma sem þeir voru flestir um 2-4 vikna gamlir, yfirleitt kringum 10. ágúst. Fjöldi unga hjá skúfönd og duggönd var áætlaður sem aldurshlutfall, þ.e.a.s. jöldi unga á kvenfugl miðað við alla kvenfugla sem sáust, hvort sem þeir voru með unga eða ekki. Til þess að meta fjölda unga á hvern kvenfugl hjá hrafnsönd og straumönd töldum við alla unga sem fundust á

svæðinu og áætluðum aldurshlutfall sem heildarfjölda unga síðsumars miðað við vortölu kvenfugla.

Fylgst var með stofnum vatnaskordýra með sérhönnuðum gildrum sem eru á fjór-um stöðum á athugunarsvæðinu (Erlendur Jónsson o.fl. 1986). Tvær gildirur eru á bökkum Mývatns og eru 5,2 km á milli þeirra. Önnur þeirra er á Kálfaströnd, nærri lindum suðaustantil við vatnið, en hin er á Syðri Neslöndum, norðanvert við Syðriflóa Mývatns. Tvær gildirur eru við Laxá, önnur í Dragsey við upptök Syðstukvíslar, hin við Helluvað, 3,2 km neðar við ána. Byrjað var að nota gildrunar vorið 1977 og eru þær yfirleitt hafðar uppi frá byrjun maí til loka september. Tæmt er úr gildrunum öðru hverju, venjulega á viku til tíu daga fresti, og skordýrin talin og aðgreind í tegundahópa. Hóparnir eru: ýmis skordýr, bitný og rykmý, en mýflugurnar eru auk þess greindar eftir kynjum. Karl-



3. mynd. Fjöldi mýflugna í gildrum við Mývatn og Laxá árin 1977-94. Fjöldinn er sýndur á lógarítmískum kvarða, þannig að aukning um 1 jafngildir tísföldun á fjölda. – *Numbers of chironomids (“rykmý”) and blackflies (“bítmý”) in traps at Mývatn and Laxá in 1977-94. Epifaunal chironomids are shown separately (“áfánumý”). Note the logarithmic scale.*

flugur rykmýs eru síðan ákvarðaðar til tegunda. Oft veiddist mjög mikið af flugum, og er þá tekið hlutsýni til þess að telja og ákvarða til tegunda. Gildrurnar hafa einnig verið notaðar til þess að fylgjast með lífsferlum (Erlendur Jónsson o.fl. 1986) og til þess að kanna langtíðabreytingar á fjölda mýflugna (Arnpór Garðarsson o.fl. 1995).

Til þess að kanna sambandið á milli flugna og anda er heppilegt að skipta ársveiði flugna um 20. júlí, því að flestar mýflugutegundirnar hafa annað hvort eina göngu á ári, í maí-júlí, eða tvær göngur, í maí-júní og aftur í ágúst. Mýflugnafjöldinn er metinn sem tvö geometrísk meðaltöl, annars vegar við Mývatn (Syðri Neslönd og Kálfaströnd), hins vegar við efri hluta Laxár (Dragsey og Helluvað). Einnig var leitað að sambandi milli veðurs og viðkomu anda. Veðurgögnin eru mælingar fyrir Reykjahlíð frá Veðurstofu Íslands.

Í þessari athugun leituðum við með tölfræðilegum aðferðum að tengslum milli stofnbreytinga og umhverfisþátta. Við þær kannanir notuðum við aðallega fylgni-greiningu og fjölþátta aðhvarfsgreiningar. Tölur anda og mýflugna voru log-varpaðar en hlutföll unga arcsin-vörpuð.


Niðurstöður

Veður og fæða

Mjög erfitt getur verið að finna þætti í veðurfari sem hafa ótvírætt bein áhrif á dýrastofna. Til dæmis virtist meðalhiti og úrkoma ekki hafa nein teljandi áhrif á viðgang Mývatnsanda. Óvenju mikið hret sem stóð alls í fjóra daga seint í júní 1992 leiddi til þess að andarungar drápuðst unnvörpum og flestar kafendur afræktu hreiður og urpu ekki aftur. Af þessu leiddi að ungaframleiðsla flestra tegunda við Mývatn varð mjög lítil sumarið 1992, þrátt fyrir að mýflugur skorti ekki.

Dagurinn sem ísinn hverfur af Mývatni er hentugur mælikvarði á vorkomu. Meðaldagsetningin var 21. maí og yfirleitt varð vatnið íslaut á tímabilinu 13. til 28. maí. Vorið var sérstaklega snemma á ferðinni 1980 (4. maí) og 1987 (7. maí), og vorin 1991 og 1993 fór ísinn einnig snemma (11. maí). Hörðust voru vorin 1979, 1983, 1989 og 1995 en þá fór seinasti ísinn 7. til 10. júní.

Næstum 80-faldur munur var á minnstu og mestu ársveiði rykmýs í gildrurnar við Mývatn. Gögnin sýna þrjár sveiflur í fjölda



4. mynd. Fjöldi unga á kvenfugl í byrjun ágúst í Mývatnssveit árin 1975-94. – *Production of young, estimated in the beginning of August, in the Mývatn district in 1975-94.*

mýflugna með hámörk kringum 1979, 1987 og 1992 (3. mynd). Áfánutegundir rykmýs sýna mikil lágmörk 1983 og 1988 en hámörk um 1981 og 1990-91. Afar lítið var af öllum tegundum rykmýs í báðum gildrunum við Mývatn 1983 og 1988 (sbr. Arnþór Garðarsson o.fl. 1995). Fjöldi bitmýs við Laxá breyttist öfugt við rykmýið í Mývatni, minnstur var fjöldinn 1979 en mestur 1984, 1988 og 1989 (3. mynd). Fjöldi rykmýs við Laxá var fremur stöðugur frá ári til árs og rykmýið sem fékkst við ána var aðallega mjög smávaxin tegund (*Eukiefferiella minor*), sem er sennilega lítið nýtt sem andafæða.


Fjöldi unga

Meðalfjöldi unga á kvenfugl var 1,72 hjá skúfönd, 1,43 hjá duggönd, 0,98 hjá hrafnstönd og 0,91 hjá straumönd. Mikill munur var á framleiðslu unga frá ári til árs (4. mynd). Munurinn var tæplega 50-faldur hjá duggönd, 80-faldur hjá skúfönd og

meira en 200-faldur hjá hrafnstönd. Hjá straumönd var munurinn rúmlega 100-faldur milli besta og lélegasta ársins.

Skúfönd og duggönd komu upp hlutfallslega mörgum ungum (2-4 á kvenfugl) á árunum 1977-1982 og 1994. Annars var ungaframleiðslan lélegri, og næstum engin árin 1983, 1988-89 og 1992-93. Afkoma hrafnstöndar breyttist að mestu í takt við afkomu duggöndar og skúföndar. Einn eða fleiri hrafnstöndarungar á kvenfugl komust upp þegar vel áráði, en 0,01-0,2 í lélegum árum. Aðeins einn hrafnstöndarungi komst upp á öllu svæðinu árið 1992 og fjórir árið 1983. Hlutfallslega margir hrafnstöndarungar komust upp 1986 (2,5 á kvenfugl) og 1987 (2,0), eða um 420 alls hvort árið. Mest var af hrafnstöndarungum 1990, 2,9 á kvenfugl (855 á öllu svæðinu) og litlu minni 1994 (2,5 eða 842). Heildarfjöldi straumöndarunga var allbreytilegur, frá 3 (árið 1994) til 233 (1984). Miðað við ungafjölda á kvenfugl var ungaframleiðsla straumöndar mest 1975-76 og 1984-85 (vel yfir 2 ungar á kvenfugl), en mjög slök 1980-81, 1987 og 1993 (kringum 0,1) og langminnst 1994 (0,03).

Dreifing er mikil í gögnunum fyrir ungafjölda skúföndar, duggöndar og hrafnstöndar (5. mynd) og virðist stafa að miklu leyti frá tveimur afbrigðilegum árum, 1988 þegar bæði mý og andarungar voru í einstæðu lágmarki, og 1992 þegar 4 hretdagar urðu seint í júní. Ungafraðleiðsla straumöndar var einkennilega mikil miðað við fljúgandi bitmý kalda sumarið 1979. Það tilvik er óupplýst, en gæti stafað af því að kulddinn hafi seinkað lífsferli sumarkynslóðar bitmýs, sem hafi þá ekki flogið fyrir en vorið 1980, en lírfurnar hafi eftir sem áður nýst straumöndum. Loks er alltaf töluverð en vandmetin óvissa í gögnum af þessu tagi sem stafar af athugunarskekkju og erfiðleikum við að staðla athuganir. Þrátt fyrir ofangreinda annmarka teljum við jóst að fæðufraðboð fyrir ungana er sá þáttur sem ræður hvað mestu um lífslíkur þeirra. Auk þeirra fjögurra tegunda sem hér er fjallað um á þetta einnig við um



5. mynd. Samband ungaframleiðslu og mýflugna-
mergðar í Mývatnssveit. Hver punktur samsvarar
einu ári og er miðað við
heildarveiði mýflugna yfir
allt sumarið. – The rel-
ationship between pro-
duction of young and the
abundance of midges
(Chironomidae) and black-
flies (*Simulium vittatum*).
Each point represents one
year. Abundance of mid-
ges and blackflies is
based on the whole sum-
mer's catch in the traps.

rauðhöfðaönd (Arnpór Garðarsson & Árni Einarsson 1997).

Duggönd, skúfönd og hrafnönd, sem eru aðallega með ungana á Mývatni, svörðu breytingum á fjölda rykmýs jákvætt (bæði heildartölu og fjölda áfánúmýflugna). Ekki er þó víst að endurnar hafi beinlínis verið að svara breytingum á magni rykmýs, því að þær lifa einnig mikið á krabbadýrum, einkum kornátu, við botn. Fjöldi krabbadýra breytist í takt við fjölda mýflugnanna og mat okkar á fjölda flugna er því einnig óbeint mat á krabbadýrin (Arnpór Garðarsson & Árni Einarsson 1994). Skúfandarungar lifðu betur eftir því sem meira var af áfánúmýi (vatns-
mýi af ættkvíslunum *Orthocladius* og *Psectrocladius*, svo og ránmýi) og var þessi svörun tölfræðilega mjög marktæk ($r^2 = 0,512$, $P < 0,001$, $n = 18$). Hið sama gildir um duggandarunga ($r^2 = 0,383$, $P < 0,01$). Fjöldi hrafnandarunga fylgdi sumarfjölda rykmýs ($r^2 = 0,265$, $P < 0,05$). Fjöldi straumandarunga fylgdi sumarfjölda bitmýs ($r^2 = 0,219$, $P < 0,05$). Straumöndin var eina andartegundin þar sem ungaframleiðsla minnkaði marktækt með þéttleika fullorðinna fugla. Í fjölþátta

aðhvarfsgreiningu kemur fram að þéttleiki og bitmý skýra til samans meir en helminginn af breytileika í ungaframleiðslunni ($R^2 = 0,524$, $P < 0,005$). Bæði þéttleikinn ($R^2 = 0,221$, β [stöðluð hallatala] = $-0,470$, $P < 0,05$) og ungaframleiðslan (breyting $R^2 = 0,303$, $\beta = 0,524$, $P < 0,01$) höfðu veruleg áhrif.

Ef litið er á einstakar rykmýstegundir sést að ungaframleiðsla skúfandar, duggandar og hrafnandar sýndi yfirleitt marktæka fylgni við algengar áfánutegundir, einkum þær sem mest er af úti í dýpri hlutum Mývatns og tegundir sem fljúga upp um mitt sumar (1. tafla). Auk þess kom fram marktæk fylgni allra andategundanna við *Tanytarsus gracilentus* og *Micropsectra lindrothi*, tvær algengar þey-
mýstegundir (Chironominae) sem mynda pípumottu ofan á leðjubotni og eru sennilega mest étnar þegar þær eru á púpu- eða fullorðinsstigi.

Fjöldi anda í byrjun varptíma

Breytingar á fjölda fjögurra tegunda, skúfandar, duggandar, hrafnandar og hávellu, héldust í hendur á árunum 1975-1995 (6. mynd) og fylgdu nokkurn veginn

1. tafla. Árleg framleiðsla andarunga þriggja tegunda 1977-94 borin saman við fjölda algengra mýflugutegunda (geometrískt meðaltal flugugilda á Syðri Neslöndum og Kálfaströnd. Einungis eru teknar með algengustu mýflugutegundirnar og er þá miðað við að meðalveiði átján ára (1977-94) hafi verið meiri en 200. Fylgnistuðull Pearsons. – *Annual production of ducklings of three species at Myvatn in 1977-94 compared with the abundance of the most common chironomid species. Only these chironomid species are included where the mean annual catch exceeded 200. Pearson's r.*

	Ganga <i>Emergence</i>	Meðaltal <i>Mean</i>	Skúfönd <i>A. fuligula</i>	Duggönd <i>A. marila</i>	Hrafnstönd <i>M. nigra</i>
Tanypodinae (ránmý)					
<i>Procladius islandicus</i>	S	541	0,52 *	0,72 ***	0,69 **
Orthoclaðiinae (vatnsmý)					
<i>Psectrocladius barbimanus</i>	S	252	0,59 **	0,63 **	0,46
<i>Orthocladus consobrinus</i>	A	824	0,68 **	0,76 ***	0,58 *
<i>Orthocladus consobrinus</i>	B	695	0,49 *	0,39	0,32
<i>Cricotopus sylvestris</i>	S	3034	0,50 *	0,36	0,02
<i>Orthocladus oblidens</i>	S	1147	0,48 *	0,22	0,02
<i>Cricotopus tibialis</i>	A	1306	0,36	0,45	0,33
<i>Cricotopus tibialis</i>	B	1036	0,31	0,32	0,35
Chironominae (þeymý)					
<i>Chironomus</i> spp.	S	1167	0,20	0,47 *	0,45
<i>Tanytarsus gracilentus</i>	A	54331	0,16	0,38	0,41
<i>Tanytarsus gracilentus</i>	B	21049	0,52 *	0,63 **	0,62 **
<i>Micropsectra lindrothi</i>	A	949	0,14	0,36	0,37
<i>Micropsectra lindrothi</i>	B	371	0,54 *	0,50 *	0,58 *

A = Fyrri ganga (fyrir 20. júlí). – *Catches before 20 July.*

B = Seinni ganga (eftir 20. júlí). – *Catches after 20 July.*

S = Ein ganga, venjulega um mitt sumar (*Chironomus* flýgur í maí-júní). – *One generation, usually in mid summer (Chironomus in May-June).*

* $P < 0,05$; ** $P < 0,01$; *** $P < 0,001$.


þeim breytingum sem urðu á fjölda veiddra mýflugna (sbr. 3. mynd). Þrátt fyrir talsverðar sveiflur innan tímabilsins var ekki hægt að merkja neina leitni (trend) hjá þessum fjórum andartegundum yfir þetta 20 ára tímabil. Toppönd og straumönd fjölgaði hins vegar marktækt á tímabilinu, toppönd að meðaltali um 2,8% á ári ($P < 0,005$) en straumönd um 7,9% ($P < 0,0001$).

Meðalfjöldi skúfandar í 21 ár, 1975-1995, var 6786 (kvenfuglar og steggir samtals). Fæstar töldust þær 4194 árið 1977 en flestar 1984 og 1995, eða rúmlega 10000. Skúfönd fjölgaði mikið á tímabilinu 1975 til 1983 eða að meðaltali um 11,8% á hverju ári. Vorið 1983 hafði skúf-

önd fækkað um 45% frá árinu áður og henni fór fækkandi allt til 1986, að meðaltali um 20% á ári, en síðan varð aftur fjölgun um 7,4% á ári.

Meðalfjöldi duggandar var 3253, minnstur 2405 árið 1991 en mestur 4623 árið 1983. Henni jölgaði að meðaltali um 6,4% á ári 1975-1983, fækkaði 1983-4 um 29% og fækkaði áfram til 1988, að meðaltali um 10,2% á ári. Árleg fjölgun 1988-1995 var 3,8%.

Hrafnsendur voru að meðaltali 576, fæstar 1975 og 1986, rúmlega 390, en flestar 892 árið 1983 og fóru einnig á níunda hundraðið árið 1994. Hrafnstönd hegðaði sér mjög líkt og duggönd og fjölga-



6. mynd. Fjöldi anda að vorlagi í Mývatnssveit árin 1975-95. – Numbers of ducks in spring in the Mývatn district in 1975-95.

aði árlega að meðaltali um 9,6% árin 1975 til 1983. Fækkunin 1983-84 nam 47% og meðaltalsfækkun til ársins 1988 var 13,4% á ári. Eftir það fjölgaði hrafnönd að jafnaði um 4,9% á ári.

Hávellur voru að meðaltali 288, fæstar 181 árið 1977 en flestar 539 árið 1983. Hávellu fjölgaði heldur 1975-1983 eða um 6,6% á ári en fækkaði þá um 52%. Mestallt tímabilið var fjöldinn mjög jafn og það

var fyrst og fremst í köldum árum (1979, 1981, 1983 og 1989) sem hann var verulega mikið ofan við meðaltalið.

Meðalfjöldi straumandar var 270, minnstur 58 árið 1975 en mestur 488 árið 1991 og næstum jafnmikill (483) árið eftir. Henni fór sífellt fjölgandi, a.m.k. frá 1975 til 1991, en þá var meðaltalsaukningin 8,5% á ári, eftir það fækkaði nokkuð, eða um 20% á ári síðustu þrjú árin.

Toppöndur voru að meðaltali 731, fæstar 436 árið 1981, en flestar 1234 árið 1989. Toppönd fjölgaði að jafnaði um 2,8% á ári allt tímabilið 1975-1995, en fjöldabreytingar gerðust með tröppugangi þannig að svo virtist sem margar toppöndur kæmu inn á svæðið eða færðu þaðan í einu. Á árunum 1975-1979 voru toppöndurnar að meðaltali 637, fækkaði þá um 26% og voru að meðaltali 474 árin 1980-1982. Næstu fimm árin, 1983-87, var meðalfjöldinn 649, næstum sá sami og í upphafi tímabilsins, en fjölgaði síðan enn og var að meðaltali 938 árin 1988-1995. Fjöldinn breyttist yfirleitt öfugt við fjölda annarra anda.

Breytingar á fjölda

Breytingar á fjölda fullorðinna anda frá ári til árs gætu skýrst af atvikum sem gerast á varpstöðvunum, við Mývatn eða annars staðar, eða á vetrarstöðvum sem oft eru sameiginlegar fyrir endur frá mörgum og dreifðum varpstöðvum. Þættir á varpstöðvunum sem virðast líklegir til að hafa áhrif á fjöldann sem sést á hverju vori eru einkum: 1. Þéttleiki fullorðinna fugla árið á undan. 2. Fjöldi unga nokkur fyrri ár (eitt til fjögur eftir því á hvaða ári viðkomandi tegund verður kynþroska). 3. Fæðuframboð árið á undan. 4. Fæðuframboð um vorið þegar fullorðni fuglinn kemur. 5. Ísálög sama vor (vorkuldar gætu þétt endur á Mývatni og gert þær teljanlegri). Til þess að kanna áhrif þessara þátta og leita uppi þær breytur sem stýra atburðum í stofnunum gerðum við margar og margvíslegar tölfræðiprófanir með aðferðum fjölþátta aðhvarfsgreiningar. Hér á eftir er einungis

getið um þá þætti sem höfðu marktæk áhrif á stofnbreytingarnar.

Fjöldi skúfandar á vorin var í öfugu hlutfalli við þéttleika en réttu hlutfalli af ungaframleiðslu árið áður ($R^2 = 0,592$, $P < 0,005$). Ungaframleiðslan vó mest ($R^2 = 0,414$, $\ell = 0,598$, $P < 0,005$) en þéttleikinn var einnig mikilvægur (breyting $R^2 = 0,178$, $\ell = -0,424$, $P < 0,05$).

Fjöldi duggandar á vorin virtist sömu-leiðis vera í öfugu hlutfalli við þéttleika og réttu hlutfalli við ungaframleiðslu árið áður ($R^2 = 0,465$, $P < 0,01$). Þéttleikinn réð mestu ($R^2 = 0,307$, $\ell = -0,554$, $P < 0,05$) en ungaframleiðslan var að vísu ekki marktæk (breyting $R^2 = 0,158$, $\ell = 0,397$, $P = 0,0533$).

Fjöldi hrafnsandar breyttist í öfugu hlutfalli við þéttleika og réttu hlutfalli við ungaframleiðslu fyrri ára. Í fjölþátta líkani sem skýrir mestallan breytileikann ($R^2 = 0,805$, $P < 0,0001$) er þéttleikinn mikilvægastur ($R^2 = 0,573$, $\ell = -0,757$, $P < 0,0001$), en ungaframleiðsla fjórum árum áður (breyting $R^2 = 0,154$, $\ell = 0,451$, $P < 0,05$) og þremur árum áður (breyting $R^2 = 0,077$, $\ell = 0,284$, $P < 0,05$) hefur marktæk áhrif.

Breytingar á fjölda straumandar milli ára virtust eingöngu tengjast framleiðslu unga tveimur árum áður ($r^2 = 0,263$, $b = 0,336$, $P < 0,05$), sem stafar væntanlega af því að ungarnir leita á varpstöðvarnar þegar þeir eru tveggja ára gamlir. Ekki verður séð að fæða (bitný), veður eða þéttleiki hafi áhrif.

Fjöldi hávellu breyttist lítið á tímabilinu og voru breytingarnar greinilega í öfugu hlutfalli við þéttleika ($R^2 = 0,710$, $\ell = -0,696$, $P < 0,0001$) en einnig kemur fram fjölgun í köldum vorum (breyting $R^2 = 0,103$, $\ell = 0,352$, $P < 0,05$) sem kann að stafa af því að hávellur hafi þá staðnæmst á svæðinu fremur en að koma sér fyrir herra yfir sjó. Breytingar á fjölda hávellu skýrðust því að mestu af þéttleika árið áður og tíðarfari að vori ($R^2 = 0,813$, $P < 0,0001$).

Fjöldi toppandar var mjög breytilegur milli ára en breytingarnar voru í öfugu

hlutfalli við mergð áfánúmýs sama vor ($r^2 = 0,422$, $b = -0,156$, $P < 0,005$), en það gæti bent til þess að minna hafi verið af hornsílum í árum þegar mikið var af þessum mýflugnategundum. Fjölgun og fækkingun toppandar virðist vera ákvörðuð sama vor og hún gerist og stafar því sennilega af beinni atferlissvörun fugla sem eru í þessum landshluta á vorin en staðnæmast á Mývatni eða öðrum vötnum þar sem fæðuskilyrði kunna að vera hagstæð.

Umraða

Niðurstöður þessara rannsókna styðja fyrri ályktanir okkar (Arnbór Garðarsson & Árni Einarsson 1994) að framleiðsla andarunga á Mývatni og Laxá stjórnist að mestu af fæðu unganna, og fjöldi varpfugla á vorin sé einnig skyldur ungaframleiðslu og tengist fæðu fyrri árs eða fyrri ára. Hér kemur einnig fram að þéttleiki varpfugla hefur marktæk áhrif á stofnbreytingar fjögurra tegunda, skúfandar, duggandar, hrafnsandar og hávellu.

Sýnt hefur verið fram á tengsl skúfandarunga og duggandarunga við áfánúmý, en ekki er eins ljóst hvernig þessum tengslum er háttað frá líffræðilegu sjónarmiði. Hugsanlega eru þeir háðir þeim mýflugutegundum sem eru að skríða úr púpuhýði og koma upp úr vatninu um leið og ungarnir koma út á vatnið. Ef svo er, ætti afkoma þeirra einkum að tengjast tegundunum *Procladius islandicus*, *Psectrocladius barbimanus* og *Cricotopus sylvestris*. *Procladius islandicus* og aðrar tegundir ránmýs eru líklegar til að lifa á mýflugulirfum og smávöxnum botnkrabbadýrum svo sem kornátu *Eurycercus lamellatus* og gætu því gefið til kynna magn þessara krabbadýra. Hugsanlegt er að lifur mýflugnanna *Orthocladus consobrinus* og *Psectrocladius barbimanus*, sem báðar lifa á yfirborði botnsins, tengist magni kornátu vegna þess að allar þessar tegundir þrífast best við svipuð skilyrði. Nánari greining þessara gagna (1. tafla) bendir til þess að tengsl skúfandarunga séu fremur við mýið sjálft. Duggandarungar og hrafnsandar-



7. mynd. Duggandarpar *Aythya marila*. Duggönd var algengasta öndin á Mývatni allt fram yfir 1970, en þá komst skúfönd í fyrsta sætið. – *The Scaup was the most abundant duck at Mývatn until after 1970 when the Tufted Duck moved into this place.* – Arnþór Garðarsson.

ungar virðast einkum fylgja ránmýi og tveimur mýtegundum, sem alast upp á svipuðum slóðum og kornáta, og virðist því fremur sennilegt að þeir séu að sýna viðbrögð við framboði kornátu, en líkur hafa verið færðar að því að hún skipti miklu fyrir afkomu þessara andategunda (Arnþór Garðarsson 1979).

Vitað er að skúfendur koma a.m.k. eitt-hvað á Mývatn á fyrsta vori, og stöku árs-gamlir straumandarsteggir sjást á Laxá (Arnþór Garðarsson 1979), en undantekning er að árs-gamlir fuglar af hinum tegundunum sjáist (Bengtson 1972a). Fylgni sú sem kemur fram á stofnbreytingum hrafn-sandar við viðkomuna þremur árum og fjórum árum á undan, og fylgni straum-andarstofnsins við viðkomuna tveimur árum fyrr, stafar eflaust af því að ungar sem klöktust á svæðinu eru að skila sér þangað aftur. Fylgni milli breytinga á vorstofni duggandar og viðkomu einu ári á undan stafar hins vegar tæplega af endurkomu

árgamalla fugla því að þeir eru sárasjald-gæfir á Mývatni. Svörun duggandar við ungaframleiðslunni árið á undan er því sennilega afleiðing þess að fullorðnu fuglarnir snúa fremur til baka á varpstöðvarnar ef vel hefur gengið árið áður, en leita annað ef illa hefur gengið (sbr. Doty & Lee 1974, Mihelsons 1980, Dow & Fredga 1983). Ef til vill eru lífslíkur þessara fullorðnu fugla einnig breytilegar eftir fæðuskilyrðunum. Fækkun skúfandar 1983-84 stafaði að öllum líkindum af brottför af svæðinu. Fækkunin byrjaði sumarið 1983 með brottflutningi um helmingsins af stofninum áður en fjaðrafellir hófst. Endurnar skiluðu sér svo ekki vorið 1984. Breytingar í stofnunum voru afleiðing breyttra fæðuskilyrða. Er það í samræmi við fyrri tilgátur þar sem breytingar á mývetnskum andastofnum á fyrri helmingi þessarar aldar voru tengdar breyttum fæðuskilyrðum (Arnþór Garðarsson 1979, Arnþór Garðarsson o.fl. 1988).



8. mynd. Skúfandarpar *Aythya fuligula*. Skúfandar varð fyrst vart á Mývatni 1896 en henni fjölgaði fljótlega og er nú algengasta andartegundin á vatninu. – *First recorded at Mývatn in 1896, the Tufted Duck soon increased and is now the most abundant duck species on the lake.* – Arnþór Garðarsson.

Á sléttum Norður-Ameríku eru mikil votlendi þar sem mikið af öndum verpur og hafa þær verið grannt skoðaðar, einkum stökkönd *Anas platyrhynchos*. Komið hefur í ljós að þéttleiki verpandi stökkanda endurspeglar afkomu varpsins árið á undan, og er það í samræmi við niðurstöður okkar. Margar rannsóknir hafa sýnt að breytileiki í þéttleika stökkandar fylgir fjölda tjarna með vatni að vorinu, en vatnsstaða á þessum slóðum er mjög breytileg milli ára (Crissey 1969, Dzubin 1969, Krapu o.fl. 1983). Aldurshlutföll stökkandar vestra að haustinu eru tengd ástandi votlenda vorið og sumarið á undan (Kaminski & Gluesing 1987). Talið er að varpafkoma stökkandar á sléttunni sé takmörkuð af afráni, og hefur verið stungið upp á því að afrán tengist þurru árferði (Cowardin o.fl. 1985). Sennilega er vatnsstaða einnig tengd fæðuframboði andanna, en menn hafa að því er virðist ekki fylgst með fæðunni. Raveling og Heitmeyer (1989)

greina frá hliðstæðum tengslum umhverfis við jölda og aldurshlutfall hjá grafönd *Anas acuta* að vetrinum.

Rannsóknir á stökkönd í Englandi sýna að dánartala unga var mikilvægasti þátturinn í afföllum stofnsins, en samt sem áður er talið að þéttleikaháð afföll að vetrinum stjórni stofnstærðinni (Hill 1984). Niðurstaða okkar, að sumarfæðan takmarki staðbundna varpstofna gengur þvert á niðurstöðu Sven-Axels Bengtsons (1972a), sem taldi sig ekki finna nein slík tengsl á grundvelli fremur takmarkaðra gagna. Hins vegar stakk Bengtson (1972b) upp á því að straumandarstofnar takmarkist af viðkomusvörun við fæðuframboði á varpstöðvum.

Niðurstaða okkar er sú að fjöldi Mývatnsanda stjórnist af staðbundnum fæðuskilyrðum á varpstöðvunum. Þetta gerist mikið til á þann hátt að fullorðnar endur dreifa sér eftir því hvernig viðkoman hefur gengið, en er einnig beint háð því hve

margir ungar komast upp á staðnum. Flestar endur eru farfuglar og heildarrýmið sem hver þessara andastofna nýtir yfir árið er vitanlega miklu stærra en athugunar svæðið. Því á enn eftir að svara spurningunni um það hvort einnig eru takmörk á varpstofninn sem ráðist af tiltækum fuglum, þ.e.a.s. heildarfjölda í mörgum stofnum sem skarast utan varptíma, eða svonefndum farleiðarstofni. Líklega er mjög erfitt að komast að því hvort slík takmörk eru til, þótt því megi halda fram á fræðilegum grundvelli og áhrif þéttleika á stofnbreytingar gætu bent í þessa átt. Fáir hafa skoðað þetta vandamál, enda þótt það sé mikilvægt ef reynt er að útskýra stofntakmörkun hjá fartegundum (sjá Morse 1980, Cox 1985, Holmes o.fl. 1986). Þær upplýsingar sem nú liggja fyrir frá Mývatni benda til þess að takmörkun stofna eigi sér aðallega stað á varpstöðvunum og undirstrika þýðingu fæðunnar. Stofnarnir takmarkast af þeirri fæðu sem nýtanleg er til viðkomu og vaxtar (sbr. White 1978, Martin 1987). Beint samband var yfirleitt á milli viðkomu og sumarfæðu, en það bendir til þess að fæðan hafi stöðugt verið takmarkandi og ekki hafi verið um að ræða ár með ofgnótt fæðu. Varpstofnarnir stjórna framfæðu með svörum sem yfirleitt kemur fram eftir nokkurn tíma frá því að breyting á fæðufrámboði á sér stað.

ÞAKKIR

Fjölmargir hafa aðstoðað okkur við þessar rannsóknir, en sérstaklega viljum við þakka Erlendi Jónssyni, Gísli M. Gíslasyni, Guðmundi A. Guðmundssyni, Jóni S. Ólafssyni, Kristjáni Lilliendahl, Ólafi K. Nielsen, Sigríðu Jónsdóttur, T. austa Jónssyni og Þóru Hrafnisdóttur fyrir framlag þeirra. Enn fremur þökkum við Kristjáni Þórarinssyni fyrir tölfraðilega ráðgjöf og gagnrýninn yfirlestur á forvera þessarar greinar. Vísindasjóður Íslands og Rannsóknasjóður Háskóla Íslands styrktu þessar rannsóknir.

HEIMILDIR

- Arnbór Garðarsson 1979. Waterfowl populations of Lake Mývatn and recent changes in numbers and food habits. *Oikos* 32: 250-270.
Arnbór Garðarsson 1991. Fuglalíf við Mývatn og Laxá. Bls. 278-319 í: Arnbór Garðarsson & Ární

- Einarsson (ritstj.). Náttúra Mývatns. Hið íslenska náttúrufræðifélag. Reykjavík.
Arnbór Garðarsson & Ární Einarsson. 1994. Responses of breeding duck populations to changes in food supply. *Hydrobiologia* 279/280: 15-17.
Arnbór Garðarsson & Ární Einarsson. 1997. Numbers and production of Eurasian wigeon in relation to conditions in a breeding area, Lake Mývatn, Iceland. *J. Anim. Ecol.* 66 (í prentun)
Arnbór Garðarsson, Gísli M. Gíslason & Ární Einarsson 1988. Long term changes in the Lake Mývatn ecosystem. *Aqua fennica* 18: 125-135.
Arnbór Garðarsson, Jón S. Ólafsson, Þóra Hrafnisdóttir, Gísli M. Gíslason & Ární Einarsson 1995. Monitoring chironomid numbers at Mývatn, Iceland: the first sixteen years. Bls. 141-154 í P. Cranston (ritstj.): *Chironomids. From Genes to Ecosystems*. CSIRO, Melbourne.
Bengtson, S.-A. 1971. Food and feeding of diving ducks breeding at Lake Mývatn, Iceland. *Ornis Fennica* 48: 77-92.
Bengtson, S.-A. 1972a. Reproduction and fluctuations in the size of duck populations at Lake Mývatn, Iceland. *Oikos* 23: 35-58.
Bengtson, S.-A. 1972b. Breeding ecology of the Harlequin Duck *Histrionicus histrionicus* (L.) in Iceland. *Ornis Scand.* 3: 1-19.
Cox, G. W. 1985. The evolution of avian migration systems between temperate and tropical regions of the New World. *Am. Nat.* 126: 451-474.
Cowardin, L. M., D. S. Gilmer & C. W. Shaffer 1985. Mallard recruitment in the agricultural environment of North Dakota. *Wildl. Monogr.* 92: 1-37.
Crissey, W. F. 1969. Prairie potholes from a continental viewpoint. Bls. 161-171 í: *Saskatoon wetlands seminar*. Can. Wildl. Serv. Rep. Ser. No. 6.
Doty, H. A. & F. B. Lee 1974. Homing to nest baskets by wild female Mallards. *J. Wildl. Manage.* 38: 714-719.
Dow, H. & S. Fredga 1983. Breeding and natal dispersal of the goldeneye, *Bucephala clangula* (L.). *J. Anim. Ecol.* 52: 681-695.
Dzubin, A. 1969. Comments on carrying capacity of small ponds for ducks and possible effects on Mallard production. Bls. 138-160 í: *Saskatoon wetlands seminar*. Can. Wildl. Serv. Rep. Ser. No. 6.
Erlendur Jónsson, Arnbór Garðarsson & Gísli M. Gíslason 1986. A new window trap used in the assessment of the flight periods of Chironomidae and Simuliidae (Diptera). *Freshwat. Biol.* 16: 711-719.
Finnur Guðmundsson 1979. The past status and exploitation of the Mývatn waterfowl populations. *Oikos* 32: 323-249.
Hill, D. A. 1984. Population regulation in the Mallard (*Anas platyrhynchos*). *J. Anim. Ecol.* 53: 191-202.
Holmes, R.T., T.W. Sherry & F.W. Sturges 1986. Bird community dynamics in a temperate deciduous forest: Long-term trends at Hubbard Brook. *Ecol. Monogr.* 56: 201-220.

Kaminski, R. M. & E. A. Gluesing 1987. Density- and habitat-related recruitment in Mallards. *J. Wildl. Manage.* 51: 141-148.

Krapu, G. L., A. T. Kle t & D. G. Jorde 1983. The effect of variable spring water conditions on Mallard reproduction. *Auk* 100: 689-698.

Martin, T. E. 1987. Food as a limit on breeding birds: a life-history perspective. *Ann. Rev. Ecol. Syst.* 18: 453-487.

Mihelons, H. 1980. Study of population ecology of ducks by ringing. *Acta ornithologica* 17: 45-62.

Morse, D. H. 1980. Population limitation: breeding or wintering grounds? *Bls.* 505-516 f: A. Keast & E. S. Morton (ritstj.), *Migrant birds in the Neotropics: ecology, behavior, distribution, and conservation.* Smithsonian Institution, Washington, D.C.

Raveling, D. G. & M. E. Heitmeyer 1989. Relationships of population size and recruitment of Pintails to habitat conditions and harvest. *J. Wildl. Manage.* 53: 1088-1103.

Steadman, R. G. 1971. Indices of windchill in clothed persons. *J. Applied Meteorol.* 10: 674-683.

White, T. C. R. 1978. The importance of food in animal ecology. *Oecologia* 33: 71-86.

SUMMARY

Production and numbers of some diving ducks at Mývatn, Iceland

The production and numbers of ducks of several species have been monitored at Mývatn, Iceland, beginning in 1975. Large fluctuations in spring numbers were mainly related to feeding conditions in this important breeding area, rather than conditions on the wintering grounds.

We examine the factors that determine (1) the reproductive success of four species of diving ducks, Tufted Duck *Aythya fuligula*, Greater Scaup *Aythya marila*, Common Scoter *Melanitta nigra* and Harlequin Duck *Histrionicus histrionicus*; and (2) changes in the numbers on the breeding grounds of adults of these and two

additional species, Long-tailed Duck *Clangula hyemalis* and Red-breasted Merganser *Mergus serrator*.

The mean reproductive success (as young, aged 2-4 weeks, per female, see Fig. 4) of Tufted Duck was 1.72, Scaup 1.43, Scoter 0.98 and Harlequin 0.91. Wide annual variation in productivity was to a large extent explained by variation in food availability as estimated from aquatic insects caught in window traps (Fig. 5; Table 1).

Changes in numbers of the ducks (Fig. 6) were associated with density, prior reproductive success and current conditions (spring thaw and food availability). Despite large fluctuations, Tufted Duck, Scaup, Scoter and Long-tailed Duck did not show a trend in numbers through the 21 year period 1975-95; the Harlequin and the Merganser increased significantly. Density in the previous year had a significant negative influence on change in numbers in Tufted Duck, Scaup, Scoter and Long-tailed Duck. Change in numbers of Tufted Duck and Scaup was associated with reproductive output in the previous year, but this was presumably caused by a behavioural response of adult breeders, as yearlings of these species were rarely observed. Change in Harlequin numbers was positively correlated with reproductive success two years earlier and change in Scoter numbers was correlated with reproductive success three and four years earlier; in both species the time lag of the response corresponds to the probable age of maturity and return of young breeders. Relatively many Long-tailed Ducks were counted in cold springs, and there was a significant negative correlation between numbers of epifaunal chironomids and the return of Mergansers in spring.

Arnþór Garðarsson, *Liffræðistofnun háskólans / Institute of Biology, University of Iceland, Grensásvegi 12, 108 Reykjavík, Iceland.*

Árni Einarsson, *Náttúruvannsóknastöðin við Mývatn.*

Rjúpnarannsóknir á Birningsstöðum í Laxárdal 1963-1995

Einhver fallegustu heiðalönd í Suður-Þingeyjarsýslu liggja að Laxárdal. Þetta eru víðáttumiklar aflíðandi heiðar þar sem skiptast á móar og mýrar fram á dalbrún og síðan brattar hlíðar niður í dalbotninn. Nyrst hækkar landið og dalsmynnið er markað af tveimur fellum, Þorgerðarfjalli að vestan og Geitafelli að austan. Einn af einkennisfuglum þessara heiðalanda er rjúpan, *Lagopus mutus*.

Snemma á sjöunda áratugnum hófust umfangsmiklar rjúpnarannsóknir á Íslandi undir stjórn Finns Guðmundssonar á Náttúrufræðistofnun Íslands (Finnur Guðmundsson 1964). Finnur vann fyrst og fremst í Hrísey á Eyjafirði en fékk einnig menn til að byrja athuganir á öðrum svæðum. Þessi svæði voru Heiðmörk ofan

Reykjavíkur, Kvísker í Örafum (Ólafur K. Nielsen & Hálf dán Björnsson 1997) og Birningsstaðir í Laxárdal sem hér eru til umræðu. Það var Ragnar Sigfinnsson frá Grímsstöðum við Mývatn sem sá um allar athuganir á Birningsstöðum á þessum árum (1. mynd), en þær snerust fyrst og fremst um að meta stærð rjúpnastofnsins í Birningsstaðalandi vor hvert og einnig að kanna varphætti fuglanna. Tengslum við rannsóknir mínar á fálka hóf ég sjálfur rjúpnatalningar í landi Birningsstaða vor- ið 1981, en þá höfðu þær legið niðri í 5 ár (Ólafur K. Nielsen 1995a). Í þessari ritgerð verður fjallað um athuganir Ragnars og mínar athuganir og niðurstöður bornar saman við það sem hefur verið að gerast á öðrum rjúpnatalningasvæðum hér á landi.



1. mynd. Ragnar Sigfinnsson (til vinstri) og dr. Finnur Guðmundsson (til hægri) við rjúpnamerkingar í Birningsstaðalandi um miðjan 7. áratuginn. – *Ptarmigan banding at Birningsstaðir in the mid 1960s.* – Ljósmyndari óþekktur.

Rannsóknasvæðið

Talningasvæðið er mikill hluti jarðarinnar Birningsstaða í Laxárdal (65°46'N, 17°18'V). Svæðið er 3,9 km að lengd, breiðast 1,5 km og 5,7 km² að flatarmáli. Þetta eru austurhlíðar Þorgerðarfjalls; að neðan markast svæðið af þjóðvegi við Laxá og að ofan af fjallsbrúninni, landamerkjagirðingar marka það að norðan og sunnan. Vegurinn er í 140 m hæð yfir sjó og fjallsbrúnn í um 400 m hæð. Svæðið er algróið hið neðra, brekkuræturnar eru mýri, grasmóar, gróinn hraunkantur og gamalt tún. Hlíðarnar eru þýfðir lyngmóar og hrísmóar en uppi á jallinu er gróðurlaus melur. Ríkjandi jurtir í mounum eru fjalldrapi *Betula nana*, bláberjalyng *Vaccinium uliginosum* og krækilyng *Empetrum nigrum*. Mikið vatnsrof er efst í mounum. Nokkur melstykki eru í miðjum hlíðum fjallsins. Birkikjarr *Betula pubescens* (0,3 km²) er norðan bæjar.

Aðferðir


Rjúpnatalningarnar fóru fram í maí ár hvert. Gengið var um svæðið og allir karrar taldir og staðsetning þeirra merkt á kort. Á árunum 1963 til 1968 var margfarið um talningasvæðið allt vorið til að huga að körrunum og sumir þeirra voru heimsóttir allt að 20 sinnum og skráð hvort þeir væru á óðali sínu og hvort kvenfuglar væru með þeim. Einnig voru vorvanhöld skráð 1964

til 1968. (Vanhöld eru dauðar rjúpur eða rjúpnaleifar sem finnast í talningu.) Árin 1969 til 1975 var aðeins farið einu sinni til að telja og vanhöld voru ekki skráð. Ekki var talið 1972, né heldur 1976 til 1980. Árin 1981 til 1995 var talið einu sinni seint í maí og öll vanhöld skráð.

Ragnar leitaði kerfisbundið að hreiðrum á árunum 1964 til 1967, þó mest 1965. Hann skráði við hvert hreiður fjölda eggja (urptina) og fylgdist með hreiðrunum uns ungar höfðu klakist eða varp misfarist. Ég notaði hreiðurathuganirnar til að reikna út *meðalurpt*, *varpárangur*, *klakárangur* og *varptíma fyrsta eggs*. *Urpt* er endanlegur eggjafjöldi í hreiðri.

Varpárangur, sem er hlutfall hreiðra þar sem a.m.k. einn ungi kemst úr eggi, var fundinn samkvæmt aðferð Mayfields (Mayfield 1961, 1975). Aðferð Mayfields gerir öllum hreiðrum jafnhátt undir höfði og í útreikningum á varpárangri er aðeins stuðst við þá daga þar sem fylgst var með viðkomandi hreiðri. Meðalfjöldi hreiðra sem farast að jafnaði á dag er reiknaður út frá heildarfjölda hreiðurdaga. Hreiðurdagar (exposure days) eru skilgreindir sem tíminn frá fundardegi hreiðurs þar til athugunum lýkur, sem í þessum rannsóknunum var við klak eggja eða þegar hreiður misförst. Deilt er með heildarfjölda hreiðurdaga í fjölda hreiðra sem misfarast og þannig fæst hve mörg hreiður farast á dag.

2. mynd. Rjúpakarrar á Birningsstöðum 1963 til 1995. – *Territorial cock Rock Ptarmigan on the Birningsstaði study area 1963–1995.*



Klákárangur er hlutfall klakinna eggja í hreiðrum þar sem a.m.k. einn ungi kom ír egg. Öll egg sem urðu eftir í hreiðrum voru opnuð og skráð hvort fósturmyndun væri í þeim eða ekki.

Varptími fyrsta eggs var yfirleitt fundinn með því að bakreikna miðað við klakdag og þá gengið út frá því að álegutíminn væri 21 dagur, að álega hæfist við varp næstsíðasta eggs og einu eggj væri orpið á dag (Holder & Montgomerie 1993).

Ungatalningar fóru fram seint í júlí og snemma í ágúst 1963 til 1967, þegar ungarnir voru jögurra til sex vikna gamlir.

Niðurstöður

Karrar

Um 20 karrar voru á talningasvæðinu vorið 1963 (3,5 karrar/km²). Síðan fjölgaði þeim hratt á næstu þremur árum og mjög greinilegur toppur var vorið 1966 er 58 karrar sáust (10,2/km²) (2. mynd). Eftir 1966 hrundi stofninn í lágmark á tveimur árum og voru karrarnir 6 vorið 1968 (1,1/km²). Munur á fjölda karra 1966 og 1968 var um 10-faldur. Eftir 1968 var hægfare aukning í tæplega 20 karra 1974 og 1975 og fjöldinn var á svipuðu róli er talningar hófust aftur vorið 1981. Þetta skeið varaði til 1984 en 1985 var greinileg aukning og toppur var 1986. Eftir 1986 fækkaði jafnt og þétt allt til 1993, að árinu 1991 undanskildu. Vorið 1994 jölgaði körrum að nýju og svo aftur 1995.

Kynjahlutföll í vorstofni

Öðalskarrar voru heimsóttir margoft vorin 1963 til 1968 og skráð hvort þeir væru paraðir eða ekki. Af 184 körrum voru 160 (87%) paraðir, fjórir voru paraðir tveimur kvenfuglum en hinir einni rjúpu hver. Þessi hlutföll eru miðuð við rjúpu á lífi í lok maí. Vitað var um 28 fugla 1964 til 1968 sem voru drepnir eða fórust af slysförum á svæðinu fyrir maflok; þeir eru ekki með í þessum útreikningum enda var kynjasamsetning þeirra ekki þekkt. Hlutfall kvenfugla í varpstofninum í lok maí

1. tafla. Kynjahlutföll rjúpa á Birningsstöðum áætlað í síðari hluta maí 1963 til 1968. – *Sex ratio of Rock Ptarmigan on the study area Birningsstaðir as estimated in late May 1963 to 1968.*

Ár Year	% kvenfuglar % hens	n n
1963	44	36
1964	39	46
1965	51	98
1966	48	112
1967	48	46
1968	40	10
Samtals – Total	45	348

var að meðaltali 45%, mest 51% og minnst 39% á ári (1. tafla). Ekki var tölfræðilega marktækur munur á kynjahlutföllum á milli ára ($\chi^2=1,799$, frítölur 4, $p=0,77$). Skráð kynjahlutföll voru ekki marktækt frábrugðin jöfnum kynjahlutföllum, hvort heldur sem skoðuð voru einstök ár eða samtala fyrir öll árin (G-próf fyrir mátgæði).

Varptími


Varptími fyrsta eggs var þekktur fyrir 20 varptilraunir 1964 til 1967. Sýnastærð gefur ekki tilefni til að bera saman tölfræðilega mismunandi ár. Meðalvarptími fyrsta eggs tekið saman fyrir öll árin var 1. júní, fyrsta skráða varptilraunin var 22. maí og sú síðasta 21. júní (3. mynd). Flestar, eða 85%, rjúpnanna hófu varp á tímabilinu 22. maí til 5. júní.

Urptarstærð

Samtals eru til upplýsingar um 43 urptir 1964 til 1967. Sárálftill munur var á urptarstærð milli ára, en sýnastærð var þó mjög takmörkuð sum árin. Meðalurpt tekinn saman fyrir öll árin var 9,6 egg í hreiðri, mest 9,8 árið 1965 og minnst 9,0 árið 1967 (2. tafla).

Varp- og klákárangur

Varpárangur var mældur fyrir 42 hreiður en þrjú þeirra voru rænd. Ekki var vitað



3. mynd. Varptími rjúpna á Birningsstöðum 1964 til 1967. Varp hófst að meðaltali 1. júní, staðalfrávik 7,19 dagar, $n=20$. – *Onset of laying among Rock Ptarmigan on the Birningsstaðir study area 1964–1967. Average date for onset of laying is 1 June, standard deviation is 7.19 days, $n=20$.*

hvaða dýr rændu þessi hreiður. Hreiður-dagar voru samtals 418 og afföll á hreiður-dag því 0,0072. Meðallengd hreiðurskeiðs fyrir þennan stofn er um 30 dagar og þá er miðað við meðalurpt, að einu eggi sé orpið á dag og að álegutíminn sé 21 dagur, frá því að næstsíðasta eggi er orpið. Miðað við þessar forsendur og afföll á dag er 19% hreiðra spillt um varp- og álegutímann.

Sextán hreiður fundust fyrst eftir að þau höfðu verið rænd, í 6 tilvikum var ræninginn hiafn *Corvus corax*, í einu tilviki tófa *Alopex lagopus*, hagamús *Apodemus sylvaticus* hafði étið úr eggjum í einu

hreiðri og ræningi var óþekktur í 8 tilvikum.

Klakarángur var þekktur fyrir 361 egg úr samtals 34 hreiðrum 1964 til 1967 og var 96%. Algengasta ástæða affalla á eggjum var ófrjósemi (7 egg) og fósturlát (4 egg). Tveir ungar dóu við klak, tvö egg hurfu og ekki var skráð innihald eins eggs.

Afkoma unga



Þrír kvenfuglar (4%) voru án unga í ungatalningum og 71 með unga. Meðalfjöldi unga á ungamóður var 8,3 tekið saman fyrir öll árin, mest 10,2 ungar 1964 og minnst 7,7 ungar 1966 (2. tafla). Miðað við stærð ungahópa er ljóst að sumar rjúpur sanku að sér ungum annarra kvenfugla og það á líklega við um flestar sem voru með 13 unga eða fleiri (4. mynd). Árið 1964 var sú sérkennilega staða uppi að ungahópar voru að meðaltali stærri en meðalurpt! Þetta endurspeglar væntanlega lítið sýni og það að kvenfuglar geta safnað að sér ungum annarra.

Afföll á varptíma

Við getum skipt afföllum á nýliðuninni á þrjá þætti, í fyrsta lagi heil hreiður sem tapast vegna ræningja, í öðru lagi ófrjósemi og fósturlát og í þriðja lagi afföll á ungum fyrsta mánuðinn í lífi þeirra. Ef við gefum okkur að rjúpunar reyni ekki að verpa aftur ef rænt er undan þeim þá er ljóst að eggjarán er langstærstur hluti affalla á þessu fyrsta skeiði í lífi rjúpunnar

2. tafla. Varphættir rjúpna á Birningsstöðum 1963 til 1967. SE er staðalskekkja meðaltals. – *Production of Rock Ptarmigan in the study area Birningsstaðir 1963 to 1967. SE is standard error of the mean.*

Ár – Year	Urpt – Clutch size Meðaltal ± SE (n) – Mean ± SE (n)	Ungar/kvenf. – Brood size Meðaltal ± SE (n) – Mean ± SE (n)
1963	–	8,8 ± 0,49 (5)
1964	9,5 ± 0,50 (4)	10,2 ± 0,49 (9)
1965	9,8 ± 0,21 (26)	8,1 ± 0,56 (35)
1966	9,4 ± 0,37 (7)	7,7 ± 0,95 (18)
1967	9,0 ± 0,26 (6)	8,3 ± 0,85 (4)
Samtals – Total	9,6 ± 0,15 (43)	8,3 ± 0,38 (71)



4. mynd. Samanburður á meðalúrpt og meðalstærð unghópa síðsumars tekið saman fyrir tímabilið 1963 til 1967. *s* er staðalfrávik, *n* er sýnastærð. – Comparison of mean clutch size and mean brood size at Birningsstaðir, combined for the years 1963–1967. *s* is standard deviation and *n* is sample size.

(5. mynd). Ófrjósemi og fósturlát eru óveruleg og afföll á litlum ungum lítil.


Merkingar

Ragnar merkti 122 rjúpur á Birningsstöðum 1965 til 1967, 31 kvenfugl og 91 unga. Fjórir fuglar hafa endurheimst, allir skotnir á veiðitíma. Tveir merktir sem fullorðnir kvenfuglar voru skotnir, annar á athuganasvæðinu en hinn í Þingvallasveit, um 240 km frá merkingastað. Tvær rjúpur merktar sem ungar voru skotnar, önnur í Kinnarfelli í Kinn 14 km í burtu og hin, sem var karri, á Reykjaheiði, 25 km í burtu. Lesið var á tvo kvenfugla á hreiðrum á athuganasvæðinu, annan ári eftir merkingu og hinn tveimur árum eftir merkingu. Báðir höfðu verið merktir þar sem fullorðnir fuglar með hreiður.

Umfjöllun

Þéttleiki og stofnbreytingar rjúpu

Tölur um þéttleika karra eru til fyrir Hrísey (Arnþór Garðarsson 1988, Náttúru-



5. mynd. Afkoma rjúpnarvarps á Birningsstöðum byggð á meðaltalstölum fyrir tímabilið 1963 til 1968 um urptarstærð, varpárangur, klakárangur og stærð unghópa um mánaðamótin júlí/ágúst. – Breeding output and main mortality factors for Rock Ptarmigan population at Birningsstaðir in Laxárdalur based on average figures for the period 1963–1968 for clutch size, nest success, hatching success and brood size in late July and early August.

fræðistofnun Íslands óbirt gögn), Kvísker (Ólafur K. Nielsen & Hálf dán Björnsson 1997) og fimm talningasvæði á Norðausturlandi önnur en Birningsstaðir (Ólafur K. Nielsen 1995a). Samanborið við þessi svæði er þéttleiki karra á Birningsstöðum í meðallagi hár en svæðið kemst þó ekki í hálfkvisti við Hrísey og Hól á Tjörnesi. Á þessum tveimur svæðum voru 30 til 40 karrar/km² í bestu árum og þéttleikinn í lélegustu árum var svipaður og mestur hefur verið á Birningsstöðum, þ.e.a.s. rétt um og undir 10 karrar/km². Í heiðalöndum Suður-Þingeyjarsýslu fellur þéttleiki rjúpna frá ströndinni og hrísmóar taka við af lyngmóum sem ríkjandi móagróður (Ólafur K. Nielsen 1995b).

Stofnbreytingar hafa verið meira og minna í takt á öllum íslenskum rjúpnatalningasvæðum síðan athuganin hófust. Þannig var mjög greinilegur toppur í Hrísey, á Kvískerjum og Birningsstöðum vorið 1966 (6. mynd). Stofnbreytingar voru svipaðar á áttunda áratugnum, þ.e. aukning úr lágmarki við upphaf þess áratugar í meðalþéttleika um miðjan áratuginn. Síðan féllu talningar niður á Birningsstöðum og í Hrísey en hófust aftur snemma á níunda áratugnum. Talningar á Kvískerjum benda til þess að það ástand sem var 1974 og 1975 hafi varað áfram, þ.e. jafnvægi í meðalþéttleika og enginn greinilegur toppur (Ólafur K. Nielsen & Hálf dán Björnsson 1997). Eftir að talningar hófust aftur á

Birningsstöðum 1981 og í Hrísey 1983 eru stofnbreytingar í takt og toppur var á báðum stöðum 1986. Eftir 1986 fækkaði rjúpum á Kvískerjum, Birningsstöðum og í Hrísey allt til 1992 og 1993 en síðan hefur verið fjölgun á öllum svæðunum.


Rannsóknir í Hrísey (Arnþór Garðarsson 1988) og á Norðausturlandi (Ólafur K. Nielsen 1995a) hafa sýnt að það eru vetrarafföll fyrsta árs fugla sem skipta mestu máli í sambandi við stofnbreytingar rjúpunnar. Ekki er vitað af hverju dregur úr afföllum í fjölgunarárum og þau aukast síðan í fækkunarárum, en í ljósi þess hversu samtaka talningasvæði í ólíkum landshlutum eru og hversu staðbundin rjúpan er þá hlýtur þessi þáttur að hafa áhrif á mjög stórum landsvæðum og það skýrir samhæfinguna.

Vaerphætti rjúpu

Einu gögnin sem við höfum til samanburðar um vaerphætti rjúpunnar á Íslandi eru frá Hrísey (Arnþór Garðarsson 1988), Norðausturlandi (Ólafur K. Nielsen 1995a) og Kvískerjum (Ólafur K. Nielsen & Hálf dán Björnsson 1997).

Arnþór (1988) var með jöfn kynjahlutföll í Hrísey 1966 til 1968 og sama var uppi á teningnum á Kvískerjum 1964 til 1965. Þetta eru svipaðar niðurstöður og fengust á Birningsstöðum og benda til þess að kynjahlutföll í varpstofni rjúpunnar á Íslandi séu jöfn. Sömu niðurstöður hafa

6. mynd. Samanburður á þéttleika ropkera á Birningsstöðum, Hrísey og Kvískerjum 1963 til 1995. – *Comparison of Rock Ptarmigan density at Birningsstaðir, Hrísey and Kvísker 1963–1995.*



fengist með því að skoða rjúpnaaflla á haustin (Arnþór Garðarsson 1988).

Urptarstærð á Birningsstöðum var heldur minni en hefur verið að jafnaði í Hrísey (Arnþór Garðarsson 1988). Meðalurpt í Hrísey 1963 til 1969 var 10,4 til 11,7 egg í hreiðri samanborið við 9,0 til 9,8 egg í hreiðri á Birningsstöðum. Arnþór (1988) komst einnig að því að meðalurptarstærð væri háð þéttleika og væri minni í mestu rjúpnaárum en annars, en þetta er ekki að sjá á gögnum frá Birningsstöðum. Hrísey voru nær engin afföll á hreiðrum samanborið við að um 20% hreiðra voru rænd á Birningsstöðum. Ástæðan fyrir þessum mun er nokkuð augljós, en á Birningsstöðum er tófa en ekki í Hrísey og hrafninn, sá slungni eggjaræningi, hefur ofgnótt af öðrum auðteknari fuglseggjum í því mikla fuglveri sem Hrísey er. Þetta gæti m.a. verið ein af skýringunum á minni urpt á Birningsstöðum, það er að segja að rándýr finna eitthvað af hreiðrum þar sem rjúpan er að byrja að verpa og hirða egginn, en kvenfuglinn fær að vera í friði með þau sem á eftir koma. Einu upplýsingarnar um klakarárangur eru frá Hrísey og gefa sömu niðurstöðu og á Birningsstöðum, þ.e. að ófrjósemi er lítil og fósturlát ekki tíð. Ungatalningar í Hrísey, á Birningsstöðum og víðar á Norðausturlandi gefa allar sömu niðurstöður, þ.e. að meðalstærð unghópa um mánaðamótin júlí/ágúst er um og yfir 8 ungar á ungamóður og að flestir kvenfuglar eru með unga. Þetta eru hærri gildi en hafa fundist fyrir rjúpur á flestum öðrum svæðum (sbr. Holder & Montgomerie 1993). Það vekur athygli hversu afkoma rjúpuunga er yfirleitt góð hér á landi og á þetta bæði við þegar stofninn er í aukningu og á niðurleið. Það er ljóst að fyrsta veturinn í lífi þeirra verða mestöll afföllin, en það er jafnframt það skeið í lífi rjúpunnar sem við vitum minnst um.

ÞAKKIR

Ragnar Sigfinnsson sá um rannsóknir á Birningsstöðum 1963 til 1975 og ástæðan fyrir því að ég ákvað að hefja rjúpnatalningar á þessum stað vorið 1981 voru einmitt þessar rannsóknir Ragnars. Ragnar

vann sitt starf af mikilli nákvæmni og alúð og á heiður skilinn fyrir sitt verk og tileinka ég honum þessa ritgerð. Arnþór Garðarsson og Ingrid Markan lásu ritgerðina yfir í handriti og færðu margt til betri vegar.

HEIMILDIR

- Arnþór Garðarsson 1988. Cyclic population changes and some related events in Rock Ptarmigan in Iceland. Bls. 300-329 í: A.T. Bergerud, A.T. & M.W. Gratson (ritstj.), Adaptive strategies and population ecology of northern grouse. University of Minnesota Press, Minneapolis.
- Finnur Guðmundsson 1964. Cyclic phenomenon in population of *Lagopus mutus*. Progress report for the period May - December 1963. Náttúrufræðistofnun 'slands. Fjölrit. 47 bls.
- Holder, K. & R. Montgomerie 1993. Rock Ptarmigan (*Lagopus mutus*). í: Poole, A. & F. Gill (ritstj.), The Birds of North America, No. 51. Philadelphia. The Academy of Natural Sciences, Washington, D.C. The American Ornithologists' Union. 24 bls.
- Mayfield, H.F. 1961. Nesting success calculated from exposure. Wilson Bulletin 73: 255-261.
- Mayfield, H.F. 1975. Suggestions for calculating nest success. Wilson Bulletin 87: 456-466.
- Ólafur K. Nielsen 1995a. Rjúpnatalningar á Norðausturlandi 1981 til 1994. Náttúrufræðingurinn 65: 165-179.
- Ólafur K. Nielsen 1995b. Karrar og gróðurfar. Náttúrufræðingurinn 65: 81-102.
- Ólafur K. Nielsen & Hálfðán Björnsson 1997. Rjúpnarannsóknir á Kvískerjum 1963 til 1995. Náttúrufræðingurinn 66: 115-123.

SUMMARY

Rock Ptarmigan research at Birningsstaðir in Laxárdalur 1963 to 1995

The paper reports the results of Rock Ptarmigan (*Lagopus mutus*) census work at Birningsstaðir in NE-Iceland in 1963-1995. In 1963-1968 the breeding habits of this population were also studied. The study area covers 5.7 km² and is on the east facing slopes of the hill Þorgerðarfjall (65°46'N, 17°18'W), and ranges from 140 m to 400 m above sea level. The study area is mostly grown with heathland vegetation, characterised by various species of small woody shrubs including *Betula nana*, *Vaccinium uliginosum* and *Empetrum nigrum*.

During the period 1963-1975 field work was carried out by Mr. Ragnar Sigfinnsson (Fig. 1). No censuses were done in 1972 and in 1976-1980. The author has conducted the censuses since 1981. The spring census takes place in mid or late May each year. The study area is covered on foot and the location of all ptarmigan cocks marked on a map. Territorial cocks were visited repeatedly in 1963-1968 to note their location and whether they were paired or not. After 1968

there has been one census per year covering the whole census area in a day. All spring kills were counted in 1964–1968 and 1981–1995. Information from nests found in 1964–1967 were used to figure out mean clutch size, nest success, hatching success and initiation of laying. Nest success is % of nests found where at least one young hatched successfully and left the nest. Nest success was calculated by using the Mayfield method (Mayfield 1962, 1975). Hatching success is % of eggs hatching successfully in nests where at least one young left the nest. Initiation of laying was found by back-calculating from the date of hatch, assuming 21 day incubation period, incubation starting with the penultimate egg and one egg being laid per day (Holder & Montgomerie 1993). The brood census was done in late July and early August 1963–1967 when the young were four to six weeks old. No attempt was made to locate all females alive on the study area during the brood census.

In 1963 a total of 20 territorial ptarmigan cocks were on the study area during the spring census (3.5/km²). The population increased to a peak in 1966 when 58 territorial cocks were observed (10.2/km²), and then crashed to a low of 6 cocks in 1968 (1.1/km²) (Fig. 2). The difference between the high and the low numbers was 10-fold. After the low in 1968 the population increased slowly to medium population levels in 1974 and 1975. The population was still at this level when the censuses were restarted in 1981 and it remained the same till 1984. An increase was noted in 1985 and a peak in numbers was reached in 1986, followed by a gradual decline to bottom levels in 1993, after which the population started rising again. The mean percentage of females in the spring population as measured in late May was 45% for the years 1963 to 1968 (Table 1). No significant difference was observed between years ($\chi^2=1.799$, df 4, $p=0.77$). A G-test for goodness of fit assuming equal sex ratio gave no significant differences looking at individual years or all the years combined.

Onset of laying was known for 20 nesting attempts in 1964–1967 and was on the average 1 June (range 22 May to 21 June). Most hens (85%) started laying during 22 May to 5 June (Fig. 3). Mean clutch size differed little between years in 1964–1967 and was 9.6 eggs/nest ($n=43$) combined for all years (Table 2). Nest success was known for 418 exposure days in 42 nests. Three of the nests were robbed by unknown predators, giving 0.0072 nests disappearing/day or 81% of nests being lost to predators during the 30 day nest period for this population (laying + incubation). Sixteen nests not included in this analysis were found after being robbed, 6 nests by Raven *Corvus corax*, one by Arctic Fox *Alopex lagopus*, 8 by either Raven or Arctic Fox, and the content of one nest was eaten by Field Mouse *Apodemus sylvaticus*. Hatching success was known for 361 eggs in 34 nests and was 96%. Failure included: infertility 7 eggs, death of embryo 4 eggs, death at hatching 2 eggs, eggs disappearing 2, and unknown 1. Only three (4%) of 74 females observed during the

covey censuses were without young. Average brood size was 8.3 young/female with young (range 7.7 to 10.2 young/female; Table 2). The main mortality factors responsible for decline in breeding output are egg losses related to whole clutches being preyed on by Raven or Arctic Fox (Fig. 5). Loss of eggs due to infertility and death of embryos and mortality of young during their first week of life are of minor importance.

One hundred and twenty two ptarmigan were banded in 1965–1967, including 31 females and 91 young. Four were recovered dead, all shot during the open season in autumn. One female was shot on the study area, another female was shot in SW-Iceland 240 km away, two young were shot 14 and 25 km (cock) from study area. Two females were recaptured in a later year on nests in the study area.

Compared with other areas in Iceland the observed density figures from Birningsstaðir are at medium levels and far below dense census plots such as Hrísey and Hóll, where peak densities have reached 30–40 cocks/km² and low numbers are similar to peak numbers at Birningsstaðir. Studies in NE-Iceland have shown that ptarmigan breeding density declines as one goes inland, height over sea level increases and the heathland vegetation changes from heather heaths to *Betula nana* heaths.

Population changes of ptarmigan on different study plots in Iceland have been more or less in synchrony since observations began in the early 1960s (Arnþór Garðarsson 1988, Ólafur K. Nielsen 1995a, Ólafur K. Nielsen & Hálfán Björnsson 1997, Icelandic Inst. Nat. Hist. unpubl. data). There was a sharp peak in numbers at Hrísey, Birningsstaðir and Kvísker in 1966 (Fig. 6). These three study areas showed a similar pattern in the early 1970s, i.e. an increase from low numbers in the late 1960s to medium population levels around 1974 and 1975. The census area at Kvísker suggests that the population remained at medium levels through the late 1970s. When census was continued at Birningsstaðir and Hrísey in the early 1980s, the population was still at medium levels, soon to be followed by an increase, and a peak in numbers was reached in 1986. After 1986 there was a long period of slow decline to low numbers in 1992 and 1993, then followed by an increase on all plots. Work in Hrísey (Arnþór Garðarsson 1988) and in NE-Iceland (Ólafur K. Nielsen 1995a) has shown that first-winter mortality is the most important demographic factor in determining population changes. Considering the apparent synchrony of ptarmigan population changes in different parts of the country, and the limited movement of ptarmigan during the non-breeding season, we can conclude that these factors affecting ptarmigan survival and causing the synchrony must apply on a regional scale.

Sex ratio has also been estimated in two other areas, namely Hrísey (Arnþór Garðarsson 1988) and Kvísker (Ólafur K. Nielsen & Hálfán Björnsson 1997). The results from these studies are the same as at Birningsstaðir and imply that the sex ratio of the Icelandic ptarmigan population is equal in spring.

Some information has been published for breeding habits of ptarmigan in Hrísey (Arnþór Garðarsson 1988) that can be compared with Birningsstaðir. Clutch size was 9.0–9.8 at Birningsstaðir and generally lower than at Hrísey, where it ranged between 10.4 and 11.7. Nest success was much better at Hrísey, where almost no nests were preyed on as compared with ca. 20% of nests at Birningsstaðir. This reflects the unusual situation on the island Hrísey where no Arctic Foxes occur and Ravens are persecuted and the few birds around have an ample supply of eggs from the seabirds colonies on the island. Hatching success and

survival of young during the first few weeks was similar at Hrísey and Birningsstaðir. High survival of young seems to be the norm in Iceland both during increase and decrease years. First-winter survival decides whether the ptarmigan population increases or decreases.

Ólafur K. Nielsen, Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History, Pósthólf / P.O. Box 5320, IS-125 Reykjavík, Iceland.

Viðauki. Vorvanhöld á Birningsstöðum 1964 til 1968 og 1981 til 1995. – Appendix. Observed mortality at Birningsstaðir in spring prior to census in 1964 to 1968 and 1981 to 1995.

	Vanhöld samtals <i>Total kills</i>	Kyngreint – <i>Sexed</i>		Dánarorsök – <i>Cause of death</i>			
		Karrar <i>Cocks</i>	Kven <i>Hens</i>	Fálki <i>Gyrfacon</i>	Hrafn <i>Raven</i>	Slys <i>Accidents</i>	Óvisst <i>Unknown</i>
1964	1	0	0	1	0	0	0
1965	11	0	0	0	0	2	9
1966	5	2	0	3	0	2	0
1967	8	0	0	0	0	0	8
1968	3	0	0	3	0	0	0
1981	6	1	1	4	0	0	2
1982	4	1	0	3	0	0	1
1983	2	0	0	2	0	0	0
1984	5	1	0	2	1	0	2
1985	1	0	0	1	0	0	0
1986	5	0	1	4	0	0	1
1987	10	4	0	9	0	0	1
1988	4	0	0	1	3	0	0
1989	3	0	0	3	0	0	0
1990	4	0	1	2	0	1	1
1991	0	0	0	0	0	0	0
1992	2	0	0	0	0	0	2
1993	1	0	0	0	0	0	1
1994	5	0	2	4	0	0	1
1995	1	0	0	0	0	0	1
Samtals:	81	9	5	42	4	5	30

Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1995

Inngangur

Skýrslur um sjaldséða fugla hér á landi hafa nú verið gefnar út síðar 1979. Tvær þær fyrstu voru fjölritaðar, en frá og með 1981 hafa þær birst í *Blika*. Skýrslurnar í *Blika* eru orðnar 440 blaðsíður að lengd (þessi undanskilin) og er meðallengd þeirra rúmlega 31 bls. Lengsta skýrslan var rúmlega 39 bls. Skýrslurnar hafa verið um 38% af öllu efni í *Blika*.

Ritstjórn *Blika* hefur annað slagið haft áhyggjur af lengd skýrslanna. Í samráði við flækingsfuglanefnd var því ákveðið að breyta nokkuð útliti þeirra og uppbyggingu. Letur er smækkað (nema tegundaheiti og umsagnir), en jafnframt er notað breytt letur (feitt letur í sýslum og skáletur í staðarheitum) og þankastrik til aðgreiningar. Vonum við að skýrslurnar verði jafnframt læsilegri með þessu móti. Einnig eru notaðir tölustafir í mánuðum (nema dag vanti), en það ætti að vera skýrara en að nota mánaðaheiti. Ennfremur hefur umsögnum verið breytt, þannig að það sem er einkennandi fyrir hverja tegund á viðkomandi ári er betur skýrt. Við vonum að lesendur taki öllum þessum breytingum vel. Reynt verður að stilla fjölda ljósmynda í hóf, en það er orðið sífellt erfiðara, þar sem fjöldi góðra ljósmynda hefur sem betur fer aukist á undanförunum árum. Við getum því ekki lofað því að allar frambærilegar myndir birtist, en hvetjum athugendur engu að síður til að senda allar slíkar myndir til nefndarinnar. Ljósmyndum er skilað sé þess óskað.

Flækingsfuglanefnd hefur ákveðið að hætta að fjalla um og birta upplýsingar um svartþresti og gráþresti frá og með þessari skýrslu, þ.e. frá haustinu 1994. Birtar athuganir frá 1979 til 1994 gefa góða mynd af komu þessara tegunda til

landsins. Þetta verður einnig til þess að stytta skýrslurnar nokkuð. Eru fuglaskoðarar samt sem áður beðnir að skrá hjá sér og senda sem fyrr upplýsingar um þessar tegundir til Náttúrufræðistofnunar.

Breytingar á flækingsfuglanefnd

Tilgangur flækingsfuglanefndar er að sjá um gerð árlegra skýrslna um sjaldgæfa fugla. Slíkar nefndir starfa nú í flestum, ef ekki öllum löndum evrópu. Íslenska nefndin er aðili að samstarfi evrópskra flækingsfuglanefnda, AERC (sjá tilgang og leiðbeiningar varðandi starf þeirra í *Blika* 14: 60-61). Íslenska nefndin er sjálfstæður fulltrúi fuglaskoðara líkt og í öðrum löndum Evrópu. Hún á tvo fulltrúa í ritnefnd *Blika*.

Á undanförunum árum hefur flækingsfuglanefndin verið skipuð sjö mönnum. Árleg endurnýjun hefur verið nokkuð tilviljanakennd og hefur það valdið nokkurri gagnrýni. Nú hafa hins vegar verið gerðar starfsreglur fyrir nefndina og endurnýjun í henni komið í fastar skorður (frá og með 1996). Með því aukast áhrif þeirra fuglaskoðara sem mest sjá af sjaldséðum fuglum. Áðlega er einn nýr maður er kosinn í nefndina í stað þess sem lengst hefur starfað í henni samfelld. Nefndin sjálf útnefnir fimm fuglaskoðara, sem hún telur að hafi næga þekkingu til nefndarstarfa. Þeir innlendir fuglaskoðarar sem mest kveður að hverju sinni (koma a.m.k. 10 sinnun fyrir samanlagt í skýrslum tveggja undanfarandi ára) kjósa síðan um einn af þessum fimm til starfa í nefndinni. Auk þess eru tveir varamenn kosnir. Kosning til nefndarstarfa fyrir árið 1996 hefur þegar farið fram. Gaukur Hjartarson kemur í stað Kristins H. Skarphéðinsson-

ar, en Björn Arnarson og Ólafur K. Nielsen eru varamenn til eins árs.

Nefndin velur ritara ársskýrslna, og skal a.m.k. annar þeirra vera nefndarmaður. Ritararnir sjá um að safna saman öllum athugunum á flækingsfuglum, samræma þær og vélrita, leggja þær fyrir dómnefnd og ganga síðan frá þeim fullbúnum til útgáfu í Blika á hverju ári. Þeir halda einnig skrá yfir árlegan fjölda einstaklinga af hverri tegund. Samkvæmt reynslu, nemur þessi vinna um 350 klukkustundum á hverju ári. Ritarar flækingsfuglanefndar árið 1995 eru Gunnlaugur Pétursson og Gunnlaugur Þráinsson. Skýrslur um sjaldséða fugla á Íslandi eru gefnar út í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands (Hlemmi 3, pósthólf 5320, 125 Reykjavík), enda berst þangað mikið af gögnum um sjaldséða fugla. Á Náttúrufræðistofnun eru öll gögn varðandi athuganir á sjaldgæfum fuglum varðveitt að lokinni umfjöllun nefndarinnar.

Yfirlit

Í þessari skýrslu er getið 94 tegunda flækingsfugla sem sást á Íslandi og innan efnahagslögsögu landsins árið 1995. Auk þess eru upplýsingar um þrjár erlendar undirtegundir eða litarafrigði af jafnmörgum tegundum íslenskra vað- eða umferðarfugla (margæs, urtönd og fálki). Samtals sást því 97 tegundir sjaldgæfra fugla hér á landi 1995. Þetta er svipað og undanfarin ár, ef tekið er tillit til þess að tvær tegundir hafa verið felldar niður, svartpröstur og grápröstur. Auk þess er getið hringandar frá 1994. Nokkrar viðbætur frá fyrri árum eru einnig í þessari skýrslu. Dómnefndin fór yfir 185 athuganir, og voru 145 þeirra samþykktar (78%).

Árið 1995 voru athuganir á eftirfarandi tegundum ekki dæmdar, nema í einstöku tilvikum: gráskrofa, gráhegri, brandönd, ljóshöfðaönd, urtönd, taumönd, skeiðönd, skutulönd, æðarkóngur auk kynblendinga æðarkóns og æðarfugls, hvinönd, hrökönd, bleshæna, grálóa, vepja, rúkragi, skógarsnípa, lappajaðrakan, fjöruspói, ís-

kjói, fjallkjói, dvergmáfur, hringdúfa, snæugla, múrsvölungur, landsvala, bæjasvala, glóbrystingur, hettusöngvari, gransöngvari, glókollur, gráspör á Hofi í Öræfum, fjallafinka, barrfinka og dóm-pápi.

Að þessu sinni sátu eftirfarandi sjö menn í dómnefndinni: Guðmundur A. Guðmundsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson, Hallgrímur Gunnarsson, Jóhann Óli Hilmarsson, Kristinn H. Skarphéðinsson og Ólafur Einarsson.

Sjaldgæfir varpfuglar. Fremur fáar sjaldgæfar tegundir fundust verpandi árið 1995. Skeiðendur urpu með vissu við Mývatn og Djúpavog (stakar kollur með unga). Þessi tegund er talin reglulegur varpfugl hér á landi, þótt kollur með unga sjáist ekki oft. Landsvala varp á tveimur stöðum, á Bragðavöllum í Hamarsfirði og á Tumastöðum í Fljótshlíð. Á Bragðavöllum urpu þær 5 eggjum og þrír ungar komust á legg, og á Tumastöðum komust fimm ungar á legg. Á Tumastöðum í Fljótshlíð urpu einnig barrfinkur annað árið í röð (sjá Örn Óskarsson 1995). Fjögur hreiður fundust, öll með fjórum eggjum, og margir fuglar sást um haustið. Á Hofi í Öræfum urpu gráspörvar eins og undanfarin ár. Alls urpu sex til átta pör, tvisvar eða jafnvel þrisvar sinnum. Hins vegar bárust nefndinni engar upplýsingar um verpandi brandendur né hrökendur, en báðar þessar andategundir hafa orpið nokkrum sinnum á undanförunum árum. Brandandarpör sást þó bæði í Eyjafirði og Borgarfirði, þar sem þær hafa orpið áður. Hrökandarpar sást einnig á Mývatni. Syngjandi efjutíta var enn á Tjörnesi í maí og júní, níunda árið í röð, en þó aðeins einn fugl. Syngjandi fjallafinka sást á Selfossi tvo daga í maí, en ekkert benti til varps.

Vetrargestir, fargestir og algengir flækingar. Aldrei áður hafa sést jafnmargar gráskrofur og árið 1995, en þær sást allar undan Suðausturlandi. Um 34 æðarkóngar sást, en það er nálægt meðallagi síðustu 15 ára. Hvinendur sást á

hefðbundnum stöðum, frá suðvestanverðu landinu austur og norður um til Mývatns. Margar vepjur sáust um haustið. Það er óvenjulegur árstími, en vepjur sjást oftast að vetrarlagi. Fjöldi skógarsnípa var nálægt meðallagi. Einn lappajaðrakann sást um vorið á Höfn og annar um haustið og þrír sást um haustið á Suðurnesjum. Þetta er svipað og mörg undanfarin sex ár, en á árunum 1982-83 sáust þó engir lappajaðrakannar. Rúmlega 40 fjöruspórar sáust, flestir við Höfn og á Suðurnesjum, en svo fáir hafa ekki sést í allmörgu ár. Ískjóar sáust á sjó undan Norðurlandi og Suðausturlandi, en einnig tíu fuglar á flugi yfir Mýrum. Fjöldi þeirra var í meðallagi. Nokkrir dvergmafar sáust á Suðvesturlandi. Fleiri ísmáfar sáust á árinu en nokkru sinni áður, en mest munaði um „nokkra tugi“ í febrúar og 50 fugla í mars á sjó undan norðanverðu landinu. Aðeins fimm hringdúfur sáust. Tyrkjadúfur höfðu vetursetu á Höfn og í Reykjavík. Rúmlega 20 snæuglur fundust, en það er meira en nokkru sinni áður (síðan 1979). Aðeins þrír múrsvölungar sáust eins og tvö undanfarin ár. Tveir þeirra sáust í september, sem er óvenjulegt, en ekki einsdæmi. Fjöldi landsvala og bæjasvala var nálægt meðallagi og landsvölur urpu á tveimur stöðum. Slæðingur af silkitoppum og glóbrýstingum sást síðla hausts, svo og söngþröstum. Ekki hefur orðið vart við jafnmarga hettusöngvara síðan 1982. Sáust þeir um haustið (október til desember), flestir á Suðausturlandi en einnig um sunnanvert landið vestur á Reykjaneskaga og Kjós og á norðanverðu landinu vestur í S-Þingeyjarsýslu. Einn sást í Skagafirði. Gransöngvarar og laufsöngvarar voru hins vegar óvenjufáir þetta árið. Aldrei áður hafa sést janímargir glókkolar á einu ári. Flestir komu fyrri hluta október og 50 fugla hópur settist á skip undan Suðausturlandi. Engin ný dvergkráka sást, en tvær höfðu vetursetu í Mývatnsveit 1994-95. Aðeins einn bláhrfn sást, og aðeins tvær bókfinkur. Fjallafinkur sáust hins vegar í nokkrum mæli um haust-

ið. Síðla árs 1994 kom mikið af dómpápm til landsins. Enn fleiri sáust í byrjum árs 1995, og urðu þeir um 100 áður en yfir lauk. Þeir voru allir horfnir skömmu eftir miðjan apríl. Aðeins einn sportittlingur sást.

Undirtegundir. Fjórar austrænar margæsir sáust, en það er svipað og nokkur undanfarin ár (sömu fuglar?). Ein vestræn margæs sást, en nú í fyrsta sinn utan Álfataness. Tíu amerískar urtundur sáust, en það er meira en nokkuð sinni áður. Fjórir grænlenkir fálkar sáust, en það er litarafríð en ekki undirtegund. Miklar hræringar hafa átt sér stað undanfarið meðal fræðimanna varðandi skilgreiningu á tegundum. Auknum mæli er farið að líta á ýmsar undirtegundir sem sérstakar tegundir, en það er þó ef til vill einungis byrjunin á nýrri byltingu í þessum efnum. Hollendingar og fleiri þjóðir líta til dæmis nú þegar á vestrænar og austrænar margæsir sem sérstakar tegundir (þriðja tegundin er síðan sú sem fer hér um vor og haust).

Nýjar tegundir. Þrjár nýjar tegundir sáust á árinu, en svo margar hafa þær ekki verið síðan 1989. Í síðari hluta apríl sást klapparmáfur í Garðabæ. Áður var litið á klapparmáf sem undirtegund silfur máfs. Þessi tegund verpur í sunanverðri Evrópu, og var það undirtegundin *michahellis* sem sást hér. Þessir fuglar hafa sést í auknum mæli í norðvestanverðri Evrópu á undanförunum árum. Tregadúfa fannst á Heimaey í október. Þetta er amerísk dúfa, sem aðeins hafði sést einu sinni í Evrópu áður (Gunnlaugur Pétursson 1996). Þriðja nýja tegundin var daggarskríkja, amerískur spöfugl af skríkjuætt. Tveir fuglar sáust hér, önnur á Bakka í A-Landeyjum frá lokum september fram í desember, en hin við Seltjörn í Njarðvík í síðari hluta október. Einungis ein daggaskríkja hafði áður sést í Evrópu (Gunnlaugur Þráinsson 1997). Haustið 1995 sáust óvenjumargir amerískir spöfuglar hér og í V-Evrópu. Í þessari skýrslu er einnig getið nýrrar undirtegundar korpandar, *M. f. deglandi*, sem

sást í Fossfirði í júní 1993. Þessi undirtegund er amerísk, og hefur ekki sést í Evrópu áður (Arnpór Garðarsson 1997). Ýmsir fræðimenn líta nú orðið á þessa undirtegund sem sérstaka tegund.

Sjaldgæfir flækingsfuglar. Nokkrar sárasjaldgæfar tegundir sáust hér árið 1995. Moldþröstur sást hér í annað sinn, svo og daggarskríkja. Þrjár tegundir sáust í þriðja sinn, svölustelkur, freyshani og tígulperna. Á árinu sást fjórði toppgoðinn og fjórða vestræna margæsinn. Mýrerla sást í fimmta sinn og trjáspör í sjötta sinn. Hvorki meira né minna en fimm græningjar sáust á árinu (sjötti til tíundi fuglinn), jafnmargir og sést höfðu fram að því. Sjöunda rákaskríkjan sást, svo og áttundi hláturmáfurinn og áttundi trjáamúrinn. Bláönd, hvítönd, förfúlkur, gulllóa og sefsöngvari sáust í níunda sinn. Af öðrum sjaldgæfum fuglum má nefna tvo trjátittlinga (tíundi og ellefti fuglinn) og einn gráspör utan Örefa. Sjö bakkasvölur sáust á árinu, en það einsdæmi.

Annáll ársins

Janúar er að jafnaði tíðindalítill mánuður. Hin árlega vetrarfuglatalning („jólatalning“) fór fram þann áttunda. Allmargir flækingsfuglar sáust þá að venju, en einna athyglisverðast var hláturmáfur í Reykjavík. Einnig sáust brúnönd í Ósum, dvergmáfur í Njarðvík og keldusvín í Reykjavík auk algengra vetrargesta. Allmargir dómþápar sáust í mánuðinum, en þeirra hafði fyrst orðið vart í nóvember 1994.

Í febrúar bar mest á dómþápum, en fjöldi þeirra náði hámarki um miðjan mánuðinn. Hvinandahópar sáust við Reykjavík og í Meðallandi. Í byrjun mánaðar sást æðarkóngur við Eskifjörð og keldusvín í Örefum um miðjan mánuðinn. Undir lok mánaðarinnar sást hópur ísmáfa norðan við land og söngþröstur á Höfn.

Fyrri hluti mars var tíðindalítill, en þó sást fjallafinka á Höfn. Um miðjan mánuðinn fór að bera á æðarkóngum við suð-

vestanvert landið. Dómþápar sáust víða um austan- og sunnanvert landið. Um miðjan mánuðinn sást ísmáfur við Húsavík og 21. mars settist straumerla á bát við Suðausturland.

Apríl er jafnan mánuður breytinga eftir tíðindalítinn vetur. Strax í byrjun mánaðarinnar sáust snjógæsir í A-Landeyjum og á Mýrum (A-Skaft.) og skutulönd í Njarðvík. Undir miðjan mánuð sást brandönd í Hornafirði og skeiðönd þar nokkru síðar. Síðustu dómþáparnir sáust um miðjan mánuðinn. Eftir miðjan apríl bar nokkuð á flækingsfuglum, enda fartíminn að hefjast. Korpönd sást við Grindavík og dvergmáfar í Garði, Sandgerði og Hafnarfirði. Þann 21. sást ný tegund hér á landi í Garðabæ, klapparmáfur. Af öðrum athyglisverðum fuglum má nefna vestræna margæs í Hornafirði og austrænar margæsir á Álftanesi. Í lok mánaðarinnar sáust grátrana í Nesjum og kanadagæs í Jökulsárhlíð. Talsvert bar á æðarkóngum víða við land allan mánuðinn, og nokkrar snæuglur sáust í síðari hluta apríl.

Strax þann fyrsta maí sáust fyrstu landsvölnar, en þær og bæjasvölur sáust síðan víða allan mánuðinn. Fjórar bakkasvölur sáust einnig í byrjun mánaðarinnar, á Heimaey og í Grindavíkurdjúpi, en þær eru annars sárasjaldgæfir flækingsfuglar. Hrökendur sáust á Skjálfanda snemma í mánuðinum, svo og taumönd í Álftafirði, korpönd við Flatey í Breiðafirði og amerískar urtendur við Borgarnes og á Mýrum á A-Skaft. Brandandarpar sást á hefðbundnum slóðum við Borgarnes. Rétt fyrir miðjan mánuðinn sást trjáamúr á Suðurnesjum og hringmáfur í Njarðvík. Nokkrar sjaldséðar endur sáust einnig í síðari hluta mánaðarinnar, þar á meðal nokkar skeiðendur. Af sjaldgæfari tegundum í síðari hluta máí má nefna gauka bæði í Eyrarsveit og í Örefum, rósamáf við Eyrarbakka og trjátittling er fannst dauður í Borgarfirði eystra. Gransöngvari heimsótti Reynivelli í Suðursveit. Þann 23. sáust tíu ískjóar á flugi vestur á Mýrum.

Júní er mánuður andfugla. Margar sjaldséðar endur sáust á Mývatni, svo sem hrókendur, skeiðendur, skutulendur, hvinendur og jóshöfðaendur. Brandendur sáust í Andakíl og Eyjafirði og korpændur við Þvottárskríður. Fyrstu dagana í júní sáust margir ískjóar á sjó 70-160 sjómílur norður af landinu. Allmargar landsvölur og bæjasvölur sáust hér og þar allan mánuðinn. Enn ein bakkasvalan sást í Nesjum annan dag mánaðarins. Annast var lítið um flækinga, en nefna má hringdúfur í Hallormsstaðarskógi og Kópavogi, laufsöngvara í Álftaveri, hringmáf í Andakíl og flóastelk í Skorradal.

Júlí var sérlega rýr mánuður, eins og stundum áður. Dvergsnípa og fjöruspóar voru við Höfn í byrjun mánaðarins. Snæuglur sáust á nokkrum stöðum og fjöruspói í Tálknafirði undir lok mánaðarins. Einnig má nefna gráhegra í Eyjafirði og fjallkjóa á Breiðamerkursandi. Sjaldgæfasti fuglinn var tígulþerna í Sandgerði þann tíunda, aðeins sú þriðja sem hér hefur sést.

Í fyrri hluta ágúst sást aðeins einn flækingsfugl, laufsöngvari á Höfn annan dag mánaðarins. Síðari hlutinn var ekki mikið betri. Þó varð vart við lappajaðrakan á Höfn og fyrstu fjöruspóana á Miðnesi. Ein afar sjaldgæf tegund fannst, svölustelkur, þann 19. ágúst í Reykjavík, í þriðja sinn hér á landi. Gráskrofa sást á Mýragrunni og þrír ískjóar undan Hrolaugseyjum síðasta dag mánaðarins.

Í fyrri hluta september sást talsvert af gráskrofum á Mýragrunni. Sefsöngvari fannst í Reykjavík fyrsta dag mánaðarins og tvær rákatítur daginn eftir í Arfadalsvík við Grindavík. Þann þrettánda varð vart við bakkasvölu, múrsvölung og turtildúfu á Höfn, en annars bar fátt til tíðinda í fyrri hluta mánaðarins. Upp úr miðjum september fór að bera heldur meira á flækingum. Má þar nefna dvergsnípu, vallskvettu, freyshana (í þriðja sinn hér á landi) og rákatítu á Miðnesi. Norður á Blönduósi sást múrsvölungur undir lok mánaðarins, svo og gjóður undir Eyjafjöllum, turnfálki í Holtum og spóatíta við

Höfn. Þá bar til tíðinda að tveir sárasjaldgæfir amerískir spörfuglar sáust síðustu dagana í september, moldþröstur í Laugarási og daggarskríkja í A-Landeyjum. Fyrnefnda tegundin sást hér í annað sinn, en sú síðari í fyrsta sinn.

Strax fyrstu dagana í október barst hingað talsvert af evrópskum spörfuglum. Mest bar á glókollum á austanverðu landinu. Meðal annars sáust um 50 fuglar á skipi undan Austurlandi. Nokkrum dögum síðar fóru þeir líka að sjást á vestanverðu landinu. Þá sáust vallskvettur, netlusöngvarar, söngprestir, gransöngvarar, fjallafinkur og fleiri tegundir í fyrstu viku mánaðarins. Evrópskir spörfuglar héldu áfram að sjást í talsverðum mæli út allan október. Af öðrum sjaldséðari evrópskum fuglum má nefna trjátittling á Höfn, garðaskottu og flekkugríp í Nesjum og hnoðrasöngvara í Örafum og Vopnafirði. Þá sást trjásör í Nesjum þann fimmta, mýrerla í Öxarfirði þann áttunda og toppgoði í Kelduhverfi undir lok mánaðarins, allt sárasjaldgæfir flækingar hér á landi. Nokkur keldusvín sáust undir lok mánaðarins á Norðausturlandi. Nokkrar amerískar tegundir fundust í október. Gulllóa fannst við Grindavík, rákaskríkja og daggarskríkja sáust við Seltjörn í Njarðvík, bláönd í Reykjavík og tregadúfa í Vestmannaeyjum. Samtals sáust fimm græningjar, einn á Snæfellsnesi, tveir á höfuðborgarsvæðinu og tveir á Suðurlandi. Aldrei hafa sést jafnmargir amerískir spörfuglar á Íslandi og haustið 1995.

Evrópskir spörfuglar sáust áfram í nóvember, en nú bar mest á hettusöngvurum víða um sunnan- og austanvert landið. Hnoðrasöngvari sást í Örafum í mánaðarbyrjun. Tveir gráhegrar voru í Örafum þann fyrsta og þeir sáust síðan víðar síðar í mánuðinum. Vepjur og skógarsnípur sáust einnig á nokkrum stöðum. Nokkrir ísmáfar sáust á sjó norður af landinu rétt fyrir miðjan nóvember. Blesæna sást við Reykjavík undir lok mánaðarins.

Desember er jafnan heldur tíðindalítill, enda flækingar að mestu hættir að berast

til landsins. Hettusöngvarar sáust áfram á nokkrum stöðum. Nokkrir glóbrystingar og glókkollar sáust einnig. Hvinendur og fjöruspóar voru á hefðbundnum stöðum. Dómpápi sást á Húsavík og silkittoppa á Reyðarfirði. Ísmáfur sást á Heimaey um jólin. Vetra fuglatalning fór fram eftir áramót.

Skýringar við tegundaskrá

Þrjár tölur í sviga fyrir aftan tegundarnafn merkja: (1) Fjöldi fugla sem sást fyrir 1979. Ef fjöldinn er ekki þekktur er sett bandstrik (-). (2) Fjöldi fugla á árunum 1979 til 1994. (3) Fjöldi fugla sem sást 1995. – Þessar tölur eru *lágmarksfjöldi* einstaklinga að mati skýrsluhöfunda. Í sumum tilvikum getur reynst erfitt að ákvarða fjölda einstaklinga, en lagt er nokkurt mat á það með skýringum, s.s. „e.t.v. sami fugl“ (þá talið sem tveir fuglar), „sennilega sami fugl“ eða „sami fugl“ (þá talið sem einn fugl). Við hverja tegund er getið útbreiðslusvæðis hennar og nokkur orð eru um viðburði ársins.

Sýslur eru í stafrófsröð, en athuganir innan þeirra eru yfirleitt í tímaröð. Til einföldunar er kaupstöðum skipað undir sýslur, Kjósarsýslu undir Gullbringusýslu og Hnappadalssýslu undir Snæfellsnessýslu. Mánuðir eru í tölustöfum.

Fyrir hverja athugun er getið um stað (sýsla er feitletruð, staður er skáletraður), fjölda fugla (ef fleiri en einn), kyn og aldur (ef þekkt er; ♂ = karlfugl, ♀ = kvenfugl), tími og ýmis tákn ásamt RM-númeri eftir því sem við á. Að lokum eru finnendur innan sviga eða þeir sem tilkynnt hafa fyrst um viðkomandi fugl eða fugla. Notaðir eru upphafsstafir þeirra sem koma fyrir oftast en fimm sinnum. Tákníð □ merkir að fuglinn hafi verið ljósmyndaður (eða kvikmyndaður) og a.m.k. einn nefndarmaður hafi séð myndina. Tákníð ☆ merkir að fugli hafi verið safnað, og ef hann er geymdur á Náttúrufræðistofnun Íslands er skráningarnúmers getið [RM]. „fd“ merkir af fugl hafi fundist dauður, „fnd“ að hann hafi fundist nýdauður og „fld“ fundist löngu dauður.

Tegundaskrá 1995

Toppgoði *Podiceps cristatus* (2,1,1)

Evrópa og Asía. – Þetta er í fyrsta sinn sem toppgoði sést að haustlagi. Tveir fyrstu fuglarnir sáust um miðjan vetur og einn hefur sést að sumarlagi.

N-Þing: *Víkingavatn í Kelduhverfi*, 29.10. (GH).

Gráskrofa *Puffinus griseus* (56,138,68)

Suðurhvel. – Aldrei áður hafa sést jafnmargar gráskrofur á einu ári. Athuganir Björns Arnarsonar á undanförunum árum sýna að gráskrofur koma í talsverðum mæli upp að suðurströnd landsins. Þær sjást aðallega frá því í lok ágúst og fram í nóvember. Hámarkið er um miðjan september.

A sjó: *Mýragrunn*, 31.8., tvær 4.9., 5.9., fjórar 7.9., fjórar 9.9., fimm 10.9., tíu 11.9., 12.9., ellefu 13.9., átta 14.9., tíu 15.9., 19.9., þrjár 23.9., 4.10., 10.10., 26.10., 27.10., 31.10., 3.11. (BA). – *Um 8 sjóm A af Hrol-laugsseyjum*, 15.9. ☆ [RM11195] (Helgi Ó. Kristins-son).

Gráhegri *Ardea cinerea* (610,761,41)

Evrópa, Asía og sunnanverð Afríka. – Færri fundust en flest undanfarin ár. Ovenjumargir sáust um vorið.

Árn: *Opur í Ölfu sí*, fjórir 11.1. (JÓH, ÓE). – *Alviðra í Ölfusi*, 14.1. (ÓÓ). – *Laugarás 'Biskupstúgum*, 24.-31.12. (Tómas G. Gunnarsson ofl).

Eyf: *Laugaland í Eyjafirði*, 16.7. (Þorsteinn Ingólfsson). – *Akureyri*, 17.12. (Guðmundur H. Brynjarsson). **Gull:** *Urriðakotsvatn í Garðabæ*, 8.1. (Finnur L. Jóhannsson). – *Hvaleyrarlón í Hafnarfirði*, 8.1. (JÓH), 8.3. (María Þorgrímsdóttir). – *Straumsvík við Hafnarfjörð*, 16.-17.2. (Atli Örlýgsson, Christian Roth), 7.-14.4. (Hörður A. Harðarson ofl), sennilega sami og í Hvaleyrarlóni.

A-Hún: *Audólfssstaðir í Langadal*, 13.10. □ (Jón Pálmason, RR). – *Strjúgssstaðir í Langadal*, 28.10. (Skarphéðinn Ásbjörnsson), sennilega sami fugl og við Audólfssstaði.

N-Múl: *Einarssstaðir í Vopnafirði*, 12.5. (Grétar Jónsson). – *Fellabær*, 10.-26.11. (Vigfús H. Jónsson).

S-Múl: *Reyðarfjörður*, 14.4. (PL), 6.-7.5. (Árni Ragnarsson). – *Eskifjörður*, 5.11. (Árni Ragnarsson).

Rang: *Ormskot í Fljótslíð*, 11.11. (Tryggvi S. Bjarnason). – *T. m. astaðir í Fljótslíð*, 15.11. (HÓ).

Rvík: *Lambagi við Úlfarsá*, 26.11. (JÓH, ÓKN, Ólafur Torfason). – *Ellidavogur*, 20.12. (EÓP, JÓH).

A-Skaft: *Brunnar í Suðursveit*, 5.3. (BA). – *Viðborðs-sel á Mýrum*, um 25.3. (Hafsteinn Guðmundsson), 6.4., tveir 7.-9.4., 11.4. (Steindór R. Ágústsson ofl). – *Krossbær í Nesjum*, 8.-9.4., þrír 11.4. (BB ofl). – *Hrol-laugsstaðir í Suðursveit*, 17.4. (Þórarinn Sigvaldason). – *Hvalnes í Lóni*, 20.4. (BA), tveir 28.4., 5.5. (BB, SSI). – *Kvísker í Örfæm*, 3.5., 5.11. (HB). – *Krútjörn*

í Nesjum, 14.5. (BB). – *Fífti tjörn í S. darsveit*, 31.5. (BA, BB). – *Fagrar ólsnir í Örnefni*, þrír 16.10. (Helgi Sigurgeirsson ofl). – *Hofsnes í Örnefni*, tveir 1.11. (Einar Sigurðsson ofl). – *Hof í Örnefni*, 23.11. (HB).

Skag: *Hópsvatn í Fljótum*, 4.10. (Þorlákur Sigurbjörnsson). – *Varmahlíð*, 15.10. (Hjörtur Jónsson).

Vestm: *Heimaey*, 20.-22.10., 17.11. (Hávarður B. Sigurðsson, IS).

N-Þing: *Núpur í Öxarfirði*, 14.10. til des ☐ (AÖS, GH ofl). – *Presthólaból í Núpasveit*, 18.10. (Halldór Sigurðsson, Kristveig Björnsdóttir).

S-Þing: *Héðinshöfði á Tjörnesi*, 6.10. (Valgerður Jónsdóttir ofl).

Á sjó: *Reyða fjarðardjúpi um 30 sjóm frá landi*, 4. eða 5.11. (Úlfur Guðmundsson).

1993: N-Þing: *Núpur í Öxa firði*, október 1993 (Jónas Þorgeirsson ofl).

1994: Strand: *Kolbeinsá við Hrúf fjörð*, 25.-27.9.1994 (Hannes Hilmarsson).

Snjógæs *Anser caerulescens* (20,106,10)

N-Kanada, NV-Grænland og NA-Sbería. – Ekki hafa sést jafnmargar snjógæsir síðan 1988. Mestu munar um hópinn í Flatey sem er stærsti hópur sem sést hefur hér á landi. Áður höfðu mest sést fjórar saman. Ef annað er ekki tekið fram er um hvítar gæsir að ræða.

Árn: *Hrafi kelsstaðir í Hreppum*, um 22.4.-1.5. (Ásgeir Gestsson, Jóhanna Ingólfssdóttir).

Rang: *Álfarhöll og nágr í A-Landeyjum*, um 5.-30.4. ☐ (Björn Skarsson ofl).

A-Skaft: *Flatey á Mýrum*, átta 9.-11.4. (Ari Jónsson, Sigfús Þorsteinsson ofl).

Kanadagæs *Branta canadensis* (25,56,2)

Norðurlhuti N-Ameríku. Verpur víða villt og hálfvillt í Evrópu. – Gæsin við Áusu er talin upprunin í Ameríku en fuglinn við Hrafnabjörg er sennilega af evrópskum uppruna.

Borg: *Ausa í Andakíl*, 11.10. (JÓH, ÓE), talin af undirtegundinni *interior* at athugendum.

N-Múl: *Hrafnabjörg í Jökulsárlíð*, 30.4. (Halldór W. Stefánsson), stór undirtegund.

Margæs *Branta bernicla bernicla* (0,15,4)

Túndur Síberíu. – Þessi undirtegund margæsar hefur vetursetu í Danmörku, Hollandi, SA-Englandi og Frakklandi. Sást nú fjórða árið í röð við Bessastaði, en í fyrsta sinn á Austurlandi.

Gull: *Bessastaðir á Álfanesi*, þrjár 29.4., tvær 6.5., tvær 20.5. (JÓH ofl).

S-Múl: *Djúpvogur*, 11.6. ☐ (BA, BB).

Margæs *Branta bernicla nigricans* (0,3,1)

Túndur A-Síberíu, Alaska og NV-Kanada. – Í fyrsta sinn sést þessi undirtegund margæsar annars staðar en á Álfanesi.

A-Skaft: *Í öflu í Hornafirði*, 25.4. (BB).

Brandönd *Tadorna tadorna* (23,45,8)

NV-Evrópa, slitrótt í S-Evrópu og Mið-Asíu. – Eftir árangursrík vörp undanfarin þrjú ár í Borgarfirði varð ekki vart við varp þar að þessu sinni en þar sást um vorið.

Borg: *Hvanneyri í Andakíl*, tvær 22.5. (Ævar Petersen), tvær 15.6. (EÖP, Kristinn H. Skarphéðinsson).

Eyf: *Akureyri*, fullu ♀ 24.4. (Sverrir Thorstensen). – *Gásir við Eyjafjörð*, 8.10.6. (Sverrir Thorstensen, Ævar Petersen), þar 3.7. (Sverrir Thorstensen).

Mýr: *Ferjubakki*, 7.5. (Björn Ú. Sigurðsson). – *Borgarnes*, þar 9.5. (Guðjón B. Karlsson).

Rang: *Seljaland undir Eyjafjöllum*, þar 2.6. (BB, SSI).

A-Skaft: *Höfn í Hornafirði*, tvær 12.4. (BP), 8.23.5. (BB).

Ljóshöfðönd *Anas americana* (29,53,1)

Norðurlhuti N-Ameríku. – Árviss hér á landi og víðar í Evrópu. Aðeins er talið að einn nýr fugl hafi fundist, en einnig sást áfram vetrargestur frá fyrra ári á Innnesjum.

Gull: *Hafnarfjörður*, fullu 8.9.3., fullu 8.3.4. (JÓH ofl), líklega sami fugl og í Fossvogi. – *Kiagerði á Vatnsleysuströnd*, fullu 8.9.4. (Benoît Condoumi, YK), líklega sami fugl og í Fossvogi.

Rvík: *Fossvogur og Skerfjörður*, fullu 8.12.10.1994 til 26.2. ☐ (Skúli Gunnarsson ofl), 8.10. til 1996 (GP ofl), líklega sami fugl.

S-Þing: *Mývatn*, fullu 8. í Þorbjargarhólma og fullu 8. á Neslandavík 14.6., fullu 8. á Strandarbolum 16.6., fullu 8. á Neslandatanga 18.6. (ÁE), fullu 8. á Ytriflóa 24.6. (Anders Magnusson), líklega alltaf sami fuglinn.

Amerísk urtönd *Anas crecca carolinensis*

(6,38,10)

Norðurlhuti N-Ameríku. – Amerísk undirtegund urtandar er árviss í Evrópu og einnig hér á landi. Aldrei hafa sést jafnmargar á einu ári og ekki hafa áður sést fleiri en tvær saman.

Borg: *Grjóteyri í Andakíl*, þrír 11.10. (JÓH, ÓE).

Gull: *Gerðar í Garði*, 8.22.5. (GP).

Mýr: *Borgarnes*, 8.7.5. (YK).

A-Skaft: *Baulutjörn á Mýrum*, 8.9.5. (BB). – *Nesjakóli í Nesjum*, 8.14.5. (BB).

S-Þing: *Víðiker við Bárðardal*, 8.12.5. (EÖP, ÓKN). – *Sýtnes í Reykjadal*, 8.14.5. (EÖP, ÓKN). – *Mývatn*, 8. við Höfða 28.5. (EÖP), 8. á Ytriflóa 9.7. (GH, RR).

Brúönd *Anas rubripes* (4,22,2)

Norðausturlhuti N-Ameríku. – Gert er ráð fyrir að fuglinn í Ísum sé nýr einstaklingur en að fuglarnir norðar á Miðnesi séu sömu fuglar og sáust haustið áður.

Gull: *Ósar*, 8.8.1. (Erling Ólafsson). – *Fuglavík á Miðnesi og nágr*, 8.3.9.1994 til 17.4. (KM ofl), 8.9.9.-27.12. (KM ofl), sennilega alltaf sami fugl. – *Gerðar í Garði*, 8.14.4. (GP ofl), 8.23.9.-7.10. ☐ (GP, KM, YK ofl), ekki sami fugl og í Fuglavík en sennilega sami fugl og sást á sama stað haustið áður. –

Fitjar á Miðnesi, ♂ 1.10., 21.10. (GP), líklega annar hvor fuglanna í Fuglavík eða Gerðum.

Mýr: *Akrar á Mýrum*, ♂ 28.4. (Kristinn H. Skarphéðinsson).

Taumönd *Anas querquedula* (10,24,3)

Evrópa og Asía. – Þriðja árið í röð sést taumönd á Innnesjum.

Gull: *Kasthúsatjörn á Álftanesi*, ♂ 16.-21.5. (GP ofl).

S-Múl: *Starn í Álftafirði*, tveir ♂ 5.5. (BB).

1994: **Gull:** *Bakkatjörn á Seltjarnarnesi*, ♂ í maí 1994 (Colin Brooks).

Bláönd *Anas discors* (6,2,1)

N-Ameríka. Í Evrópu er hún sjaldséð en þó árviss. – Sást síðast 1988. Fuglaskoðarar nýttu vel þetta einstæða tækifæri til að skoða þennan sjaldgæfa flæking á meðan hann staldraði hér við.

Rvík: *Laugardalur*, ungur ♂ 9.-15.10. □ (YK ofl), l. mynd.

Skeiðönd *Anas clypeata*

Evrópa, N-Asía og norðanverð Ameríka. – Sást víða og fannst með unga við Mývatn og Djúpavog.

Árn: *Eyrarbakki*, par 30.4. (GPB, HG).

Eyf: *Akureyri*, par 28.-30.4. (Sverrir Thorstensen), ♂

9.6. (Þórir Snorrason), ♀ um haustið □ (Anon). – *Litli'vammur í Eyjafirði*, par 30.4. (Sverrir Thorstensen). – *Kristnes í Eyjafirði*, par 25.5. (Dóra Hjálmarasdóttir, Sigríður Haraldsdóttir).

Gull: *Bakkatjörn á Seltjarnarnesi*, ♀ 21.4. □ (EÓP). – *Gerðar í Garði*, ♂ 14.5. (GPB, HG, JÓH).

N-Múl: *Víðivellir-ytri í Fljótadal*, par 22.5. (SP).

S-Múl: *Djúpivogur*, ♀ með nokkra unga í byrjun júní (Eyjólfur Guðjónsson).

Rvík: *Tjórtin*, ♀ 29.10.1994 til 10.4. □ (BA, EÓP ofl).

A-Skaft: *Flöfn í Hornafirði*, par 15.-22.4. (BP, BB, EP ofl), tveir ♂ 23.4. (BB, Þórir Snorrason), ♂ 8.-12.5. (BP, EP ofl). – *Baulutjörn á Mýrum*, ♂ 9.5., par 13.-14.5. (BB).

Skag: *Framnes í Blöndulíð*, ♂ 24.5. (ÓE).

S-Þing: *Mývatn*, ♂ á Kálfstjörn 6.5., par við Reykjahlíð 15.5., ♂ á Helgavogi 23.5. og 28.5. (EÓP, ÓKN), par á Kálfstjörn og ♂ á Helgavogi 8.6. (GH), par á Helgavogi og ♂ á Kálfstjörn 16.6., ♂ við Hrauney 18.6. (ÁE), ♀ með fjóra unga á Kálfstjörn 21.6. (Sigfús Illugason), ♀ á Helgavogi 24.6. (Óli Halldórsson, RR). – *Kvíaból í Köldukinn*, ♀ 10.5. (EÓP, ÓKN). – *Síla-lækur að Aldal*, par 25.5. (GH). – *Höskuldsstaðir í Reykjadal*, ♂ 24.6. (Óli Halldórsson, RR), ♀ 26.6. (RR).

1993: **S-Þing:** *Vestmannsvatn í Reykjadal*, þriðri ♂ 22.6.1993 (Ib K. Petersen).



l. mynd. Bláönd *Anas discors*. Ungur karlfugl í Laugardal í Reykjavík, 9. október 1995. – Jóhann Óli Hilmarsson.

Skutulönd *Aythya ferina* (58,104,10)
Miðbik Evrópu og Asíu. – Að venju sáust flestar á Mývatni.

Gull: *Njarðvík*, 1 um 8.4. (EÓP, Gesine Lehmann).

N-Múl: *Fel'æ bær*, 1 8.-11.5., 1 22.5. (Vigfús H. Jónsson ofl).

A-Skaft: *Höfi í Hornafirði*, 1 17.-28.4. (BP, BA, BB, EP, Þórir Snorrason). – *Krútjörn í Nesjum*, 1 29.4.-9.5. (BA ofl). – *Þveit í Nesjum*, 1 2.5. (BB, SSI), sennilega sami og á Krútjörn.

S-Þing: *Mývatn*, 1 á Ytriflóa og 1 á Álum 29.4. (BB, GH, RR, YK), tveir 1 og 1 á Ytriflóa 15.5. (EÓP, ÓKN), 1 á Bekraflóa 13.6., tveir 1 á Neslandavík 14.6., 1 við Kiðey 16.6., fjórir 1 18.6. og 1 25.8. á Ytriflóa (ÁE ofl). – *Mýrarvatn í Aðaldal*, 1 6.5. (GH, RR).

1993: S-Þing: *Mývatn*, 1 við Vagnbrekku og víðar 11.4.-24.5. (GH, Heimir Eiríksson ofl), sást lengur en getið er í skýrslu 1993.

1994: N-Múl: *Fellabær*, 1 26.-30.4.1994 (Vigfús H. Jónsson).

Hringönd *Aythya collaris* (3,26,0)

N-Ameríka. – Engin hringönd sást á árinu.

1994: Gull: *Ellidavatn við Vatnsenda*, 1 9.-20.10.1994 (HG, YK ofl), sást lengur en getið er um í skýrslu 1994.

Æðarkóngur *Somateria spectabilis*

(168,537,34)

Nyrstu héruð N-Ameríku og Síberíu, Grænland og Svalbarði. – Övenjumargir æðarkóngar sáust við Skjálfanda og á Suðurnesjum en einmitt þar er þeirra mest leitað.

Árn: *Þorlákshöfn*, ungur 1 3.5. (GPH, Hörður Lárusson, Kári Joensen).

Gull: *Hraunsvík við Grindavík*, 1 8.1. (Jón S. Ólafsson). – *Njarðvík*, 1 14.-21.3. (Sigurður K. Eiríksson ofl), ungur 1 26.3. (JÓH). – *Sandgerði*, fullu 1 19.3. (YK), fullu 1 28.10. (GPH, RR). – *Fossá í Hvalfirði og nágr*, fullu 1 24.3.-20.6., ungur 1 24.3. (YK ofl). – *Garðskagi*, ungur 1 17.4. (GPH, GP, GP, HG, YK), 1 22.4. (Agnar Ingólfsson, Jón S. Ólafsson ofl). – *Gerðar í Garði*, fullu 1 30.4. (Magnus Ullman ofl). – *Grindavík*, tveir ungir 1 og fullu 1 17.4. (GPH, GP, GP, HG, YK). – *Keflavík*, fullu 1 17.4. (GPH, GP, GP, HG, YK).

S-Múl: *Eskifjörður*, fullu 1 4.2.-4.3. (PL), fullu 1 17.4. (Halldór W. Stefánsson), fullu 1 29.4. (PL).

Rvík: *Öfirsey og nágr*, fullu 1 23.-27.3. (YK).

A-Skaft: *Höfn í Hornafirði*, 1 4.-9.1. (BP, BA ofl), 1 13.4. (BB).

Snæf: *Rif*, 1 16.-17.5. (Smári Lúðv. Jónsson).

Strand: *Óspakseyri í Bíturfirði*, fullu 1 29.-30.4., fullu 1 5.6. (Björk Guðjónsdóttir, Jón H. Jóhannsson).

S-Þing: *Ævíkuröfði við Skjálfanda*, fullu 1 8.1. (GH). – *Húsavík*, ungur 1 12.4.-24.6. (GH, RR, SG), 2 mynd, tveir fullu 1 14.4., tveir fullu 1 og ungur 1 20.4., þrír fullu 1, 1 á öðrum vetri og tveir ungir 1

22.4., þrír fullu 1, 1 á öðrum vetri og ungur 1 23.4., ungur 1 24.4.-3.6. (GH, RR, SG), tveir fullu 1 29.4., fullu 1 30.4.-17.5. (GH, RR, SG), fullu 1 19.9. til 1996 (GH, RR, SG), talin vera sama og um vorið, ungur 1 27.10. (SG). – *Lynghöfði á Tjörnesi*, fullu 1 14.4. (GH). – *Saltvík við Skjálfanda*, tveir fullu 1 22.-23.4. (GH, SG), 1 á öðrum vetri 1.5. (BB, GH, RR, YK).

Kynblendingur æðarfugls og æðarkóns

Somateria mollissima × *spectabilis* (-,26,2)

S-Múl: *Eskifjörður*, 1 4.3. (PL).

S-Þing: *Ævíkuröfði við Skjálfanda*, fullu 1 22.4. (GH).

Krákönd *Melanitta perspicillata* (5,21,1)

Norðurhluti N-Ameríku. – Algengasta ameríska öndin í Evrópu en fremur sjaldgæf hér á landi. Eini fuglinn sem sást var með hrafnsöndum á hefðbundnum stað.

S-Múl: *Þvottáskriður*, fullu 1 22.7. (BB).

Korpönd *Melanitta fusca* (10,38,5)

N-Evrópa, N-Asía, Kákasus og N-Ameríka. – Övenjumargar korpöndur sáust. Flestar korpöndurnar sem sjást hér eru sennilega af undirtegundinni *fusca*.

A-Barð: *Flatey*, par 6.5. (Hafsteinn Guðmundsson).

Gull: *Hraunsvík við Grindavík*, fullu 1 17.4. (GPH, GP, GP, HG, YK).

S-Múl: *Þvottáskriður*, tveir fullu 1 11.6. (BA, BB).

Vestræn korpönd *Melanitta fusca deglandi*

(0,1,0)

N-Ameríka. – Getið er athugunar frá 1993, sem hefur verið endurmetin og samþykkt sem þessi ameríska undirtegund korpöndar. Þetta er í fyrsta sinn sem hún finnst í Evrópu. Margir líta nú orðið á þessa undirtegund sem sérstaka tegund.

1993: V-Barð: *Foss í Fossfirði*, fullu 1 3.6.1993 (AG, ÓKN ofl), þessi athugun var áður birt í skýrslu 1993 en hefur nú verið samþykkt sem undirtegundin *deglandi*.

Hvinönd *Bucephala clangula*

N-Evrópa, N-Asía og N-Ameríka. – Algengur vetrargestur sem sést víða um land. Sést hér einnig á sumrin.

Árn: *Sog*, 22 fuglar 8.1., átta 29.1., sjö 4.2., níu 19.2., sex 13.4., 14.4. (AG, ÁE ofl), níu 17.12. (YK). – *Brúará við Spóastaði*, þrjár 26.1., tvær 20.2., tvær 24.3., 21.4., þrjár 29.-30.12. (Gunnar Tómasson ofl). – *Brúará við Haga í Grímsnesi*, fjórar 8.2. (AG, ÓE). – *Hlíðarvatn í Selvogi*, 29.10. (YK).

Gull: *Arnarnesvogur í Gardabæ*, þrettán 8.1. (Arnar Helgason), 2.12. (GP), líklega sömu fuglar og í Skerjafirði. – *Ellidáur í Kópavogi*, 5.7. (Magnús Magnússon). – *Bessastaðir á Álftanesi*, 19.9. (GP), 19.10. (RR). – *Grindavík*, 7.-14.10. (GPH, GP, GP, HG, YK),



2. mynd. Æðardrottning *Somateria spectabilis* (til vinstu) ásamt æðarkollu *Somateria mollissima*. Húsavík, 13. apríl 1995. – Gaukur Hjartarson.

28.10. (BH, GBH, GP, RR, YK). – *Norðurkot á Miðnesi*, 11.11. (YK).

N-Múl: *Fellabær*, 18.11.-16.12. (Vigfús H. Jónsson).

Rvík: *Skerjafjörður*, fjórtán frá 1994, átján 1.1., 26 fuglar 22.1., 32 fuglar 1.2., 33 fuglar 12.-17.2., 36 fuglar 19.2., 38 fuglar 26.2., 32 fuglar 26.3., 7.4. □ (ýmsir), 27.10., sjö 28.10., tíu 18.11., tólf 2.12., 29 fuglar 25.12., 30 fuglar 29.12. (ýmsir). – *Ellidavagn*, 22.1., átján 11.-16.4., 22 fuglar 21.4., fimm 22.4.-9.5. (ýmsir), líklega sömu fuglar og í *Skerjafirði*.

A-Skaft: *Þinganes í Nesjum*, fjórar 20.3., tvær 4.4. (BB). – *Dynjandi í Nesjum*, sex 28.3. (BB), sex 5.11. (BB). – *Skarðsfjörður*, fimm 28.12. (BB). – *Þveit í Nesjum*, tvær 22.-29.4. (BB ofl), þrjár 2.5. (BB, SSI).

V-Skaft: *Fljótsbotn í Meðalandi*, um tuttugu 8.2. (AG, ÓE), 34 fuglar 28.3. (JÓH, ÓE).

N-Þing: *Lón í Kelduþvegi*, sjö 10.1. (RR), þrjár 8.12. (SG). – *Skjálftavagn í Kelduþvegi*, tvær 8.10. (GH, RR).

S-Þing: *Mývatn*, fjórar á Garðsvogi, tvær við Kálfaströnd, tvær á Ytriflóa og ein við Geiteyjarströnd 29.4. (BB, GH, RR, YK), ein við Geiteyjarströnd og ein á Norðurvogum 6.5., ein við Kálfaströnd og ein á Breiðu 15.5. (EÓÞ, ÓKN), ein við Hrótey og þrjár á Álum 14.6., fjórar 18.6. og tvær 24.6. við Kálfaströnd (ÁE),

ein á Ytriflóa 9.7. (GH, RR), ein við Skútustaði 26.7. (Edward S. Brinkley). – *Laxamýri í Reykjaþvegi*, 6.6. (GH).

1994: N-Þing: *Lón í Kelduþvegi*, þrjár 27.12.1994 (AÖS).

Hvítönd *Mergus albellus* (2,6,1)

Nýrst í Evrópu og N-Asía. – Karlflugl í fullum skróða sást síðast 1987.

Árn: *Úlfjótavatn*, fullu 8.1.-15.4. (AG, ÁE ofl).

Hrókönd *Oxyura jamaicensis* (2,42,10)

Vestanverð N- og S-Amerka. – Flutt til Evrópu og verpur nú víða á Englandi og er talið að allir fuglar sem hér sjást séu komnir þaðan (Bliki 15:1-15). Fjöldinn var með mesta móti en samt varð ekki vart við varp eins og undanfarin tvö ár.

Skag: *Áshildaröltuvatn við Sandárkrók*, 15.5., tveir 20.5., þrír 2. og tveir 13.6. (Jón Pálmasson).

S-Þing: *Ærvík í Öðfi við Skjálftanda*, fullu 3, ungar 1.5. □ (BB, GH, RR, YK). – *Ytri lói á Mývami*, par 8.6. (BA, GH, HB), par og 16.-17.6., tveir 22.6.-9.7., tveir 25.8., 27.8. (ÁE ofl).

3. mynd. Gjóður *Pandion haliaetus* s. Fit undir Eyjafjöllum, 24. september 1995. – Gunnlaugur Þráinsson.



Gjóður *Pandion haliaetus* (10,7,1)
N-Evrópa, N-Asía, N-Ameríka og víðar. – Þessi sjaldgæfi flækingur sést að jafnaði annað hvert ár.
Rang: Stóridalur undir Eyjafjöllum og nágr. ungf 23.-24.9. □ (Björgvin Sigurðsson ofl), 2. mynd.

Turnfálki *Falco tinnunculus* (26,28,3)
Evrópa, Asía og Afríka. – Ránfuglar eru ekki félagslyndir, en nú sáust hér í fyrsta sinn tveir turnfálkar saman.
Rang: Hamrahóll í Holtum, 2/ungf 24.9. (GÞH. GP, GÞ, HG, YK).
A-Skaft: Hífi í Hornafirði, tveir 2/ungf 4.10. (BB).

Fálki *Falco rusticolus „candicans“* (-,33,4)
Grænland, Kanada og Alaska. – Fjórir „hvít-fálkar“ á einu ári er með mesta móti.
A-Barð: Flatey á Breiðafirði, mars (Hafsteinn Guðmundsson).
Gull: Ásláksstaðir á Vatnsleysuströnd, 8.1. (HG).
Rv k: Vesturbærinn, 8.1. (GÞH).
N-Þing: Meidavellir í Kelduhverfi, 22.4. (Árni Óskarsson).

Förufálki *Falco peregrinus* (1,7,1)
Evrópa, N-Asía, norðanverð N-Ameríka og víðar. – Af núu förufálkum sem fundist hafa héraðs komu fjórir á skip undan Reykjanesi.

Förufálkar sem hér sjást eru taldir koma frá Grænlandi.
Á sjó: Um 92 sjóm SV af Reykjanesi (62°51'N, 25°16'V), ungf 1.10. □ (Jóhann Hafsteinsson), merktur „254244“ og sleppt í Reykjavík 7.10., 4. mynd.

Keldusvín *Rallus aquaticus* (-,71,11)
Evrópa og Asía. – Aldrei hafa jafnmörg keldusvín sést síðan byrjað var að taka saman skýrslur um sjaldgæfa fugla. Fuglarnir í Krossdal lentu allir í minkagildru.
A-Hún: Skagaströnd, fd 30.10. ☆ [RMI 1074] (Stefán Jósefsson).
Rvík: Vatnsmyri, 8.-10.1. (ÓKN ofl).
A-Skaft: Svínafell í Örefjum, 18.2. (Jóhann Þorsteinson).
N-Þing: Nípur í Öxarirði, 28.10.-2.11. □ (GH ofl), 5. mynd. – Þórshöfn, 28.10.-12.11. □ (GG). – Krossdalur í Kelduhverfi, fjögur í lok okt 4☆, eitt um miðjan nóv ☆ (Sveinn Þórarinnsson).
S-Þing: Húsavík, 27.10.-2.11. □ ☆ (GH ofl).

Bleshæna *Fulica atra* (137,56,1)
Evrópa, Asía og Ástralía. – Bleshæna sást að nýju, en árið 1994 sást engin sem hafði ekki gerst síðan 1972. Færri bleshænur hafa sést á þessum áratug en á tveimur áratugunum þar á undan.
Rvík: Fossvogur, 24.11.-3.12. (GÞH, YK).



4. mynd. Föruþálki *Falco peregrinus* sem settist á skip 92 sjómíslur SV af Reykjanesi, 1. október 1995. Mynd tekin í Reykjavík 7. október. – Jóhann Óli Hilmarsson.

Grátrana *Grus grus* (5,17,1)

N-Evrópa og norðanverð Asía. – Grátrana sást síðast 1992 en þá var hún í ka. Nesjum.

A-Skaft: *Dynjandi í Nesjum*, 29.4. (BA).

Gulllóa *Pluvialis dominica* (0,8,1)

N-Ameríka. – Annað árið í röð finnst þessi sjaldgæfa lóutegund.

Gull: *Staður við Grindavík*, fd 1.10. ☆ [RM11182] (BH).

Grálóa *Pluvialis squatarola* (16,63,2)

Nyrstu héruð Síberíu og N-Ameríku. – Allar grálóurnar sástu á Reykjaneskaga.

Gull: *Kálfatjörn á Vatnsleysuströnd*, 8.1. (HG). – *Sandgerði*, 19.3. (YK), sennilega sama og haustið áður. – *Garðskagi á Miðnesi og nágr.*, 1.-7.10. (BB, YK ofl).

Vepja *Vanellus vanellus* (1220,658,41)

Evrópa og N-Asía. – Övenjumargar vepjur komu um haustið en algengara er að margar komi samtímis sðla vetrar þegar þær flýja kuldaköst í Evrópu.

Árn: *Langanýri á Skeiðum*, 12.-22.10. (Kjartan Ágústsson ofl).

N-Múl: *Höfn í Borgarfirði*, 3.-7.10., 26.10. (MB). – *Fossvellir Jökulsárhlíð*, 19.10., 6.11. (Boði Stefáns-son). – *Þorvaldsstaðir á Langanessströnd*, tvær 6.-7.11. (Ingvaldur Haraldsdóttir).

A-Skaft: *Fagurhólmýri í Örfænum*, 27.4. (Ari B. Sigurðsson). – *Höfn í Hornafirði*, 5.11. (BB).

Vestm: *Heimaey*, fjórar 19.9., þrjár 5.11. (IS).

N-Þing: *Bakkafjörður*, 22.1. (Hermann Æ. Aðalsteins-son). – *N. pskatla á Melrakkaslétu*, tvær 3.10. □ (GH, RR). – *Raufarhöfn*, þrjár 8.10. (GH, RR). – *Heiðarhöfn á Langanesi*, 28.10., átta 30.10. til um 8.11. □ (GG). – *Skálar á Langanesi*, tvær 30.10. (Ölver Arnarsson). – *Skjálftavatn í Kelduhvæfi*, fimm 2.11. (RR).

S-Þing: *Breiðavík á Tjörnesi*, 29.10. (SG). – *Sólfsstaðir á Tjörnesi*, þrjár 29.10. (Jóel Friðbjarnarson). – *Grænavatn Mývatnssveit*, október (Sveinn Helgason). – *Héðinshöfði á Tjörnesi*, 4.11. (Sigurður Hallmarsson).

Rákatíta *Calidris melanotos* (2,24,4)

Kanada, Alaska og N-A-Síbería. – Algengasti ameríski vaðfuglinn í Evrópu, en þangað berast einnig fuglar frá Síberíu. Fjöldinn var með mesta móti þetta árið, en engin vaðlatíta sást sem er algengasti ameríski vaðfuglinn hér á landi.

Gull: *A fadalsvík við Grindavík*, tveir ungf 2.9., ungf 7.9. □ (GPH, GP, GP, YK ofl). – *Gerðar í Garði*, tvær 23.9., önnur sást til 15.10. (GPH, GP, GP, KM, YK ofl).

Spóatíta *Calidris ferruginea* (3,29,1)

N-Síbería. – Að þessu sinni sást aðeins ein spóatíta.

A-Skaft: *Höfn í Hornafirði*, 27.9. (BB).

Efjutíta *Limicola falcinellus* (0,5,0)

N-Evrópa og N-Asía. – Gamall kunningi á sínum stað á Tjörnesi, sem hefur sést þar í nýu ár.

S-Þing: *Hóll á Tjörnesi*, syngjandi 23.5.-7.6. (GH ofl).

Rúkragi *Philomachus pugnax* (26,49,3)

N-Evrópa og Asía. – Að þessu sinni sáust rúkragar aðeins um vorið.

Árn: *Eyrarbakki*, 2 og 7 14.-15.5. (Haraldur Ólason).

S-Þing: *Sílatækur í Adaldal*, 2 25.5. (Heimir Leifsson).

Dvergsnípa *Lymnocyptes minimus* (32,58,3)

N-Evrópa og Asía. – Aðeins einu sinni áður hefur dvergsnípa fundist að sumri til.

Gull: *Lundur í Kópavogi*, 19.1.-28.2. (YK ofl). – *Miðhöfn í Garði*, 17.9.-21.10. (GPH, GP ofl).

A-Skaft: *Höfn í Hornafirði*, 5.7. (BB).

1994: **A-Skaft:** *Höfn í Hornafirði*, 28.11.1994 (BB).

Skógarsnípa *Scopopax rusticola* (108,221,17)

Evrópa og Asía. – Fjöldinn er nálægt meðallagi, en aðeins ein fannst um vorið.

5. mynd. Keldusvín *Rallus aquaticus*. Núpur í Öxarfirði, 2. nóvember 1995. – Ríkarður Ríkarsson.



Eyf: Sólbrekka í Grínsey, haust ☆ (Gylfi Gunnarsson).
Gull: Kópavogur, 11.4. (Hreimur Garðarsson).
N-Múl: Fellabær, 26.10. (Halldór W. Stefánsson). – Hrafnabjörg í Jökulsárhlíð, 2.11. (Halldór W. Stefánsson). – Vopnaffjörður, fd 3.11. ☆ [RM11236] (Gunnar Sigmarsson). – Fossvellir í Jökulsárhlíð, tvær 30.11. (Boði Stefánsson).
Rang: Seljaland undir Eyjafjöllum, tvær frá 1994 til 28.1 (Björgvin Sigurðsson). – Tumastaðir í Fljótshlíð, tvær 13.11., 21.12. (HÓ).
Rvík: Skógræktin í Fossvogi, 5.1.-6.3. (YK ofl).
A-Skaft: Hraunkot í Lóni, 29.10. (BA, BB). – Kvísker í Örafum, tvær 5.11. (HB). – Skálafell í Suðursveit, 5.11. (BB).
N-Ping: Víkingavatn í Kelduverfi, 27.-28.10. (AÖS ofl). – Skinnastaður í Öxarfirði, 29.10. (Eiríkur Jóhannsson, Helga Olgeirsdóttir).
S-Ping: Húsavík, 7.11.1994 til 17.2. (Sigurjón Jóhannesson ofl), 5.10. (SG), 27.10.-1.11. ☆ (GH of).

Lappajaðrakana *Lingua lapponica* (71,149,5) Skandinavía, Síbería og Alaska. – Fjöldi lappajaðrakana hefur verið nánast sá sami í sjö ár.
Gull: Sandgerði, 25.12.1994 til 28.1. (JÓH ofl), tveir 27.12. (YK). – Norðurkot á Miðnesi, 27.8. (GÞH).
A-Skaft: Höfn í Hornafirði, 26.3.-10.4. (BÞ, EP ofl), 21.8.-6.10. (EB ofl).

Fjöruspói *N. menius arquata* (900,958,43) Evrópa og Asía. – Fjöruspóum fer fækkandi, sérstaklega á Suðurnesjum, og hafa ekki sést jafnfáir síðar 1981.

Árn: Eyrarybakkir, 20.-24.9. (Ingólfur Guðnason ofl). – Stokkseyri, 20.9. (Ingólfur Guðnason), þrír 24.9. (YK).
V-Barð: Tálknafjörður, 24.7. (Kristinn H. Skarphéðinsson, Ævar Petersen ofl).
Gull: Miðnes, sex frá 1994 til 9.4. (ýmsir), 27.8.-2.9., tveir 3.9.-7.10., fimm 14.10., sex 15.10., sjö 23.10., átta 28.10., sex 11.11., fimm 15.11., fjórir 27.12. □ (ýmsir). – Hafnarfjörður, 30.4. (Jónatan Garðarsson). – Arfadalsvík við Grindavík, tveir 14.-23.9. (GÞH, HG ofl).
A-Skaft: Höfn í Hornafirði, 21 fugl frá 1994 til 28.3., átján til 2.4., fimmtán til 7.4., 1 u til 6.5., fjórir til 12.5., þrír til 21.5., einn til 26.5. (BÞ, BB, EP ofl), tveir 3.7., sjö 5.7., fimmtán 19.8., sautján 22.8., 21 fugl 5.9., 25 fuglar 6.10., tuttugu 22.10., átján 28.10., sautján 28.12. (BÞ, BA, BB, EP, SSI).
N-Ping: Ásmundarstaðir á Melrakkaslétu, 1.5. (AÖS, GH, RR, YK). – Valþjófsstaðir í Öxa firði, 3.10. (GH).

Svölustelkur *Tringa solitaria* (2,0,1) N-Ameríka. – Mjög sjaldgæfur í Evrópu. Allir fuglarnir hafa sést í ágúst. Þessi tegund sást áður árin 1940 og 1969 og gæti því orðið bið eftir næsta svölustelk.
Rvík: Laugardalur, fullu 19.-29.8. □ (Þorsteinn Einarsson ofl), 6. mynd.

Flóastelkur *Tringa glareola* (9,15,1) N-Evrópa og N-Asía. – Flóastelkur sást síðast 1989. Hann hefur aldrei áður sést í Borgarfirði.
Borg: Hálsar í Skorradal, 22.6. (EÓÞ).



6. mynd. Svölustelkur *Tinga solitaria*. Fullorðinn fugl í Laugardal í Reykjavík, 24. ágúst 1995. – Jóhann Óli Hilmarsson.

Freyshani *Phalaropus tricolor* (0,2,1)

N-Ameríka. – Sést árlega á Bretlandseyjum en hér á landi hefur hann aðeins sést tvisvar áður, árin 1979 og 1992, þá einnig á Suðurnesjum.

Gull: *Gerðar í Garði*, ungf 23.9.-8.10. □ (GÞH, GP, GÞ, KM, YK ofl), 7. mynd. – *Sandgerði*, ungf 14.10. (GÞH, YK), sennilega sami og í Garði.

Síglunesi (68°51'N, 18°07'V), fullu 2.6. (KL ofl). – *Um 38 sjóm ASA af Langanesi* (66°20'N, 13°00'V), tveggja eða þriggja ára 14.7. (KL). – *Um 8 sjóm undan Landeyjasandi*, fullu 22.7. (Edward S. Brinkley). – *Um 8 sjóm A af Hrolaugseyjum*, þrír fullu 31.8. (BA).

1991: Gull: *Garðskagi*, þrír 1.5.1991 (K. Adolfsson, M. Rellmar, R. Ákesson).

Ískjói *Stercorarius pomarinus* (146,508,49)

Íshafslönd N-Ameríku og Síberíu, einnig Grænland. – Einhver hluti stofnsins fer hér um vor og haust. Sést á eða við sjó. Þetta ár var jöldinn nálægt meðaltali.

Mýr: *Akranes á Mýrum*, tíu fullu 23.5. (Guðmundur A. Guðmundsson).

Vestm: *Heimaey*, fullu 23.7. (Edward S. Brinkley ofl). Á sjó: *Um 74 sjóm NNA af Horni* (67°36'N, 21°17'V), fullu 1.6. (KL ofl). – *Um 77 sjóm NNA af Horni* (67°39'N, 21°08'V), fullu 1.6. (KL ofl). – *Um 92 sjóm NNA af Horni* (67°49'N, 20°38'V), fjórir fullu 1.6. (KL ofl). – *Um 103 sjóm NNA af Horni* (67°56'N, 20°19'V), sex fullu og ungf 2.6. (KL ofl). – *Um 103 sjóm NNA af Horni* (67°59'N, 20°28'V), fullu 2.6. (KL ofl). – *Um 108 sjóm NNA af Horni* (68°00'N, 20°09'V), átta fullu og ungf 2.6. (KL ofl). – *Um 119 sjóm NNA af Horni* (68°09'N, 19°47'V), átta fullu 2.6. (KL ofl). – *Um 151 sjóm N af Siglunesi* (68°41'N, 18°31'V), fullu 2.6. (KL ofl). – *Um 162 sjóm N af*

Fjallkjói *Stercorarius longicaudus* (99,165,7) Nyrsti hluti N-Ameríku, N-Evrópu og Síberíu, einnig Grænland. – Fargestur, sjaldsédari en ískjói hér við land, og sést stundum inni í landi. Að þessu sinni sáust allir fuglarnir nema einn á sjó.

A-Skaft: *Jökulsárlón á Breiðamerkursandi*, fullu 18.7. □ (Hans Groot ofl).

Á sjó: *Um 103 sjóm NNA af Horni* (67°56'N, 20°19'V), fullu 2.6. (KL ofl). – *Um 125 sjóm N af Siglunesi* (68°17'N, 19°26'V), fjórir fullu 2.6. (KL ofl). – *Um 4 sjóm út af Hálsun í Suðursveit*, fullu 19.9. (BA).

Hláturmáfur *Larus atricilla* (4,3,1)

Suðurhluti N-Ameríku. – Árviss í V-Evrópu en mjög sjaldséður hér á landi. Sást sðast 1989. Þetta er fimmti ungfuglinn en þrír hafa verið fullorðnir.

Rvík: *Gifuneshöfði*, ungf 8.1. (HÞH).



7. mynd. Freyshani *Phalaropus tricolor*. Ungfugl á Gerðasíki í Garði, 23. september 1995. – Gunnlaugur Þráinsson.

Dvergmáfur *Larus minutus* (30,76,6)

Austanverð Evrópa og Mið-Asía. – Að þessu sinni sáust dvergmáfar aðeins á Suðvesturlandi.

Árn: Eyrarbakki, ungf 18.5. (JÓH, ÓE).

Gull: Njarðvík, ungf 8.1. (GP). – Sandgerði, ungf 12.2. (YK), ef til vill sami fugl og í Njarðvík, ungf 17.4. (GP, GP, GP, HG, YK). – Miðhús í Garði, ungf 17.4. (GP, GP, GP, HG, YK), ekki sami fugl og í Sandgerði. – Hafna fjörður, fullu 21.4. □ (EÓP).

Þernumáfur *Larus sabini* (16,11,1)

Grænland og shafslönd N-Ameríku og Asíu. – Sést oft um fartímann að hausti við V-Evrópu en er sjaldséður hér. Þernumáfur sást nú þriðja árið í röð.

Rvík: Ánanaust, ungf 18.9. (Olle Holst).

Trjámáfur *Larus philadelphia* (2,5,1)

Kanada og Alaska. Sjaldgæfur í Evrópu. – Í annað sinn sést árgamall trjámáfur, hinir sex voru allir fullorðnir. Trjámáfur hefur enn ekki sést utan Suðvesturlands.

Gull: Sandgerði, árgamall 9.-11.5. □ (Guðmundur A. Guðmundsson ofl). – Njarðvík, árgamall 13.5. (GP, GP, YK ofl), sennilega sami fugl og í Sandgerði.

Hringmáfur *Larus delawarensis* (1,43,2)

N-Ameríka. – Algengasti ameríski máfurinn hér við land sem og annars staðar í Evrópu. Hringmáfur hefur ekki sést áður í Borgarfirði.

Borg: Syðstufossar í Andakíl, árgamall 21.6. (EÓP).

Gull: Njarðvík, fullu 14.5. (GP, HG).

1994: Gull: Urriðakotsvatn í Garðabæ, árgamall 7.5.1994 (EÓP, JÓH).

Klapparmáfur *Larus cachinnans* (0,0,1)

Miðjarðarhaf og austur í Asíu. – Var áður talin undirtegund silfumáfs en er nú talin sérstök tegund. Hefur aldrei áður fundist hér á landi. Fuglinn sást í Garðabæ er af undirtegundinni *micahellis* sem veður við Atlantshaf frá Frakklandi til Marokkó og við Miðjarðarhaf. Hann hefur sennilega komið hingað í fylgd sílamáfa frá vetrarstöðvum þeirra, enda paraður sílamáfi.

Gull: Arnarnesvogi í Garðabæ, fullu 21.-24.4. □ ☆ [RM11035] (EÓP ofl), undirtegundin *micahellis*, 8. mynd.

Rósamáfur *Rhodostethia rosea* (11,15,1)

NA-Sibería. – Sést nær árlega við strendur V-Evrópu, allt suður fyrir Bretlandseyjar. Fuglinn á Eyrarbakka var fullorðinn eins og flestir rósamáfar sem hér sjást.

Árn: Eyrarbakki, fullu 18.5. (John Miles).



8. mynd. Klapparmáfur *Larus cachimans* og sílamáfur *Larus fuscus* í Arnarnesvogi við Garðabæ, 24. apríl 1995. Klapparmáfurinn er til hægri. – Gunnlaugur Þráinsson.

Ísmáfur *Pagophila eburnea* (66,82,94)

Íshafseyjar N-Ameríku og Asíu, Svalbarði og Grænland. – Íshafsfugl, sem leitar lítið suður á bóginn á veturna. Aldrei áður hafa sést jafnmargir einstaklingar á einu ári og aldrei jafnstór hópur og sást 24. mars. Athuganir ársins sýna að talsvert er af ísmáfum norður af landinu á veturna.

Vestm: *Heimaey*, ungf 25.-27.12. □ (IS ofl), 9. mynd. **Á sjó:** *Um 80 sjóm VNV af Barða* (66°34'N, 26°50'V), nokkrir tugir 23.2. (Barði Ingibjartsson). – *Við Húsavík*, fullu 15.3. (SG). – *Um 67 sjóm N af Horni* (67°34'N, 22°26'V), um 50 fuglar 24.3. (Barði Ingibjartsson). – *Um 98 sjóm NNA af Horni* (68°00'N, 21°02'V), 3.11. (Kristinn H. Skarphéðinsson). – *Um 113 sjóm VNV af Bjargtöngum* (66°00'N, 28°57'V), þrír 13.11. (AG). – *Um 90 sjóm VNV af Bjargtöngum* (66°10'N, 27°56'V), sex 13.11. (AG ofl). – *Um 73 sjóm VNV af Bjargtöngum* (66°10'N, 27°12'V), tíu 13.11. (AG ofl). – *Um 57 sjóm VNV af Bjargtöngum* (66°10'N, 26°27'V), tveir 13.11. (AG ofl).

Tígulperna *Chlidonias leucopterus* (1,1,1)

A-Evrópa, V- og SA-Asía. – Fullorðinn fugl um hásumar eins og fuglinn sem sást 1989, en sá fyrsti var ungfugl sem sást haustið 1965. **Gull:** *Sandgerði*, fullu 10.7. (D. B. Dousker).

Hringdúfa *Columba palumbus* (154,120,5)

Evrópa, NV-Afríka og V-Asía. – Næstum allar hringdúfur sjást á vorin og snemma sumars. Að þessu sinni voru fjórar á hefðbundnum tíma, en ein sást í október.

Gull: *Vatnsendablettur í Kópavogi*, 8.6. (Magnús Magnússon).

S-Múl: *Hallormsstaðarskógur*, 6.6. (BA).

A-Skaft: *Kvísker í Öraefjum*, 28.-29.5. (HB).

Vestm: *Heimaey*, 1.-2.5. (Viktor Sigurjónsson).

N-Þing: *Þórshöfn*, 16.10. (GG).

Tyrkjadúfa *Streptopelia decaocto* (7,17,0)

Evrópa og N-Afríka til SA-Asíu. – Að þessu sinni er aðeins getið fugla frá fyrra ári sem sást áfram.

Rvík: *Árbær*, 10.-21.4. (HÞH). – *Efstasund*, 13.12. (Sverrir Bjarnason), sennilega sama og veturinn áður.

A-Skaft: *Höfn í Hornafirði*, 23.10.1994 til 11.5. □ (BP, EP ofl).

Turtildúfa *Streptopelia turtur* (89,76,6)

N-Afríka og Evrópa (nema Fennóskandía) austur í Mið-Asíu. – Allar turtildúfur ársins sást um haustið.

Gull: *A fadalsvík við Grindavík*, fd 1.10. ☆ (YK).

S-Múl: *Stöðva fjörður*, 8.10. (BB).

Rvík: *Skógræktin í Fossvogi*, 22.9. (YK).

A-Skaft: *Höfn í Hornafirði*, 13.9. (BB, Guðjón Jónsson). – *Kvísker í Öraefjum*, 3.-4.10. (HB).

N-Þing: *Sigurðarstaði á Melrakkaslétu*, 3.-8.10. □ (GH, RR ofl).

Leiðrétting - Correction:

Eftirfarandi athugun var birt í skýrslu 1994. Hún hefur verið endurmetin og er ekki talið vst að um villta turtildúfu hafi verið að ræða. Hann skal því felldur niður úr skýrslu 1994 (Bliki 16: 28). – *T. is record has now been rejected after revaluation and shall be deleted from the 1994 report (Bliki 16: 28).*

1994: **S-Múl:** *Stóra-Breiðavík í Reyða firði*, okt til 22.12.1994, fd 15.1. ☆ [RM11021] (Sigfús Andrés-son).



9. mynd. Ísmáfur *Pagophila eburnea* á fyrsta vetri. Heimaey, desember 1995. – Sigurgeir Jónasson.

Tregadúfa *Zenaida macroura* (0,0,1)

N- og M-Ameríka. – Tregadúfa hefur aldrei áður fundist hérlendis og einungis einu sinni í Evrópu, á eyinni Mön í rlandshafi árið 1989 (Bliki 17: 27-28).

Vestm: Heimaey, ungur ♀ 19.10. ☆ [RM11216] (Ólafur Tryggvason).

Gaukur *Cuculus canorus* (22,12,2)

Evrópa, Asía og Afríka. – Fuglinn Eyrarsveit er fyrsti gaukurinn sem finnst á Vesturlandi.

A-Skaft: Kvísker í Örafum, ♀ 29.5.-10.6. □ (HB ofl).

Snæf: Höfði í Eyrarsveit, ♀ 17.5. (Anette Ekendahl, Trausti Tryggvason).

1990: V-Skaft: Nápsstaður í Fljótshverf, ♀ 8.6.1990 (Jón Guðmundsson, SP).

1993: A-Skaft: Stafafell í Lóni, fd í lok ágúst 1993 ☆ [RM11049] (Jón H. Bjarnasson).

Snæugla *Nyctea scandiaca* (175,180,24)

Nyrstu héruð Evrópu, Asíu, meginland N-Ameríku og N-Grænland. – Þetta fyrsta sinn síðan byrjað var að taka saman skýrslur um sjaldgæfa fugla ná snæuglur að fylla tvo tugi. Mestu munar um sex fugla á Eyvindarstaðaheiði.

A-Barð: Flatey á Breiðafirði, október til febrúar 1996 (Hafsteinn Guðmundsson ofl).

V-Hún: Arnarvatns-stóra á Arnarvatnsheiði, 23.7. (Hjörtur Jónsson).

N-Múl: Húsey í Hróarstungu, nóvember 1994 til 6.2. 13.5. (Örn Þorleifsson). – Gagnstöð í Hjaltastaðapinghá, 25.4. (MP), sennilega sama og í Húsey. – Sandvíkur-eyði við Vopnaffjörð, 27.5. (Valbjörg Jónsdóttir).

S-Múl: Teigarhorn við Berufjörð, 23.4. (Kristján Jónsson).

Mýr: Högnastaðir í Þverárhlið, vetur 1994 til 1995 (Kristinn Egilsson).

Skag: Þíshól í Langholti, 23.7. (BA).

A-Skaft: Við Ingólfsfjörð, miðjum október (Sigurður Bjarnason).

V-Skaft: Galti og nágr á Síðumannaafreitti, 6.-11.7. (Guðmundur Ó. Sigurgeirsson).

Strand: Skarð í Bjarnarfirði, 14.1. (Jónas Ragnarsson). – Staður í Steingrímsfirði, apríl til 16.6. (Magnús Steingrímsson). – Þorpar í Steingrímsfirði, 8.5. (Höskuldur B. Erlingsson), sennilega sama og við Stað.

N-Þing: Harðbakur á Melrakkaslétu, 14.5. (Páll A. Pálsson).

S-Þing: Reykjavellir í Reykjahvefni, 16.4. □ (GH. Jón Frímann, RR). – Hvammsheiði við Aðaldal, lok apríl (Ívar Geirsson), sennilega sama og við Reykjavelli. – Hofsstadir í Laxárdal, fjóður fundin 15.5. (ÓKN). – Hallgilsstaðir í Fnjóskadal, 1.-12.6. (Tryggvi Stefánsson).

Miðhá: Dúfnesfell á Kili, 13.-19.7. (Kristján H. Birgisson ofl). – Eyvindarstaðaheiði, sex 21.8., 22.8. (Ásgeir Heiðar, Jón Þórarinnsson). – Summarlega á Audkúluheiði, 25.8. (Óttar Sigurðsson). – Krákskrum

norð: *n Langjökuls*, 15.9. (Ólafur Bernódsson). – *Ljótípollur* : *Landmanna ífrétti*, 4.10. (Margrét Eggertsdóttir).

1987: Skag: *Keld dalur í Hegranesi*, sumar 1987 (Rúnar Kristjánsson).

1990: N-Múl: *Klaka í Hja tastadapinghá*, 23.12.1990 (MÞ).

1993: Árn: *Við Nýjabæ Flóa*, um 10.10.1993 (Haraldur Ólason ofl).

Múrsvölungur *Apus apus* (108,164,3)

Evrópa og NV-Afríka til Mið-Asíu. – Þriðja árið í röð sáust aðeins þrír múrsvölungar.

A-Hún: *Blönduós*, 20. til um 25.9. (Kristinn Pálsson).

A-Skaft: *Höfn í Horn ífirði*, 13.9. (BB, SSI).

Á sjó: *Nálægt Kolbeinsey*, júní ☆ (skv Guðna Halldórssyni).

Sönglævirki *Alauda arvensis* (46,34,2)

Evrópa, NV-Afríka og Asía. – Þriðja árið í röð sáust tveir sönglævirkiar, en fáir sáust á níunda áratugnum.

N-Þing: *Heiðarhöfn á Langanesi*, tveir 30.10.-1.11. (GG).

Bakkasvala *Riparia riparia* (6,9,7)

Norðanverð Ameríka, Evrópa, Asía og norðanverð Afríka. – Áður höfðu mest sést tvær bakkasvölur á einu ári.

A-Skaft: *Gerði í Suðursveit*, 28.5. (BA, BB). – *Forustekkar í Nesjum*, 2.6. (BA). – *Höfn í Hornafirði*, 13.9. (BB, SSI).

Vestm: *Heimaey*, 4.5., þrjár 5.5.-6.5. □ (GÞH ofl).

Á sjó: *Grindavíkurdfj.*, 4.5. ☆ [RM11245] (Þröstur Jónannsson).

Landsvala *Hirundo rustica* (541,621,46)

Evrópa, N-Afríka, Asía og N-Ameríka. – Fjöldinn í meðallagi. Í fyrsta sinn finnst landsvölur verpanði á tveimur stöðum sama sumarið.

Árn: *Selfoss*, 18.9., 26.-27.9. (ČÓ ofl).

V-Barð: *Kolavík*, 5.-12.5. (Hilmur Össurason). – *Breidavík*, tvær 2.-5.6. (Guðmundur A. Guðmundsson).

Gull: *Gerðar í Garði*, 9.5. (Guðmundur A. Guðmundsson). – *Garðskagi*, tvær 11.-14.5. (Kolbeinn Sæmundsson, YK ofl), tvær 23.5. (Hrafnkell Helgason). – *Hafnarfjörður*, 22.5. (Erling Ólafsson). – *Hafnir*, 4.6. (Arndís Ö. Guðmundsdóttir, GP).

S-Múl: *Bragðavellir í Hamarsfirði*, þrjár um 10.5., sáðan tvær sem gerðu hreiður og urpu fimm eggjum 28.6.-2.7., þrír ungar komust á legg (Ragnar Eiddsson). – *Stöðva fjörður*, 13.9. (BB, BA).

Rang: *Grindastadir í Fljótshlíð*, 18.5. (ÖÓ ofl), par 24.6., urpu og komu upp fimm ungum (10. mynd), sáust fram í sept □, ein að auki 29.6. (HÓ ofl). – *Seljaland undir Eyjafjöllum*, 19.5.-10.6. (Björgvin Sigurðsson). – *Torfastadir í Fljótshlíð*, tvær 24.5. (HÓ). – *Hvolsvöllur*, sept (Tryggvi S. Bjarnason).

A-Skaft: *Kvísker í Örafni m*, 5.-7.5., 28.5., tvær 29.5., 15.6. (HB ofl). – *Svínafell í Örafnum*, tvær 10.-14.5. (Jóhann Þorsteinsson). – *Kálfafell í Suðursveit*, 28.5. (BA, BB). – *Höfn í Hornafirði*, tvær 17.-19.9., þrjár 20.9.-2.10., 4.-5.10., fjórar 6.10. (BA, BB, Þórir Snorrason). – *Forustekkar í Nesjum*, tvær 2.6. (BA). – *Breidabólstaður í Suðursveit*, tvær 4.6. (BA).

Vestm: *Heimaey*, fimm 5.5. □ (GÞH ofl), sex 6.5., fjórar 7.5. (Hávarður B. Sigurðsson), amk fimm 24.-30.5. (IS).

S-Þing: *Hveravellir í Reykjalhæfi*, 1.5. (BB). – *Laugaból í Reykjadal*, 1.5. (Haukur Tryggvason). – *Húsavík*, 5.-6.5. □ (GH, RR ofl).

Á sjó: *Hornafjardardjúp*, tvær 4.5. ☆☆ [RM11246, RM11247] (Þorsteinn Guðmundsson). – *Stður af Surtsey*, um 24.5. ☆ (Vigfús Jónsson).

1990: A-Skaft: *Höfn í Hornafirði*, 5.6.1990 (Jón Guðmundsson, SP).

1994: N-Múl: *Höfn í Borga firði*, flt 5.8.1994 (MÞ).

Bæjasvala *Delichon urbica* (193,396,21)

Evrópa, NV-Afríka og Asía. – Fjöldinn var nálægt meðallagi. Allar nema tvær sáust á hefðbundnum tíma um vorið.

Árn: *Selfoss*, 5.5. (Þuríður Ingvarsdóttir ofl), tvær 8.5. (Birgitt Leifsson ofl), 17.-22.10. ☆ [RM11244] (Ingvar Gunnlaugsson ofl).

N-Múl: *Húsey í Hróarstungu*, 20.-26.6. (Örn Þorleifsson ofl).

S-Múl: *Gautavík í Berufirði*, 5.5. (PL).

Rang: *Pinghó*, við Hvolsvöll, tvær 8.5. □ (Tryggvi S. Bjarnason). – *Skógar undir Eyjafjöllum*, 7.7. (D. B. Dousker).

A-Skaft: *Borg á Mýrum*, 6.5. (PL). – *Svínafell í Örafnum*, þrjár 24.5. (Jóhann Þorsteinsson). – *Gerði í Suðursveit*, 28.5. (BA, BB). – *Kálfafell í Suðursveit*, 28.5. (BA, BB). – *Kvísker í Örafnum*, 28.-29.5. (HB ofl).

Strand: *Árnes við Trékyllisvík*, maí (Valgeir Benediktsson).

Vestm: *Heimaey*, fjórar 6.-7.5. (Hávarður B. Sigurðsson), 6.10. (IS).

1994: N-Múl: *Höfn í Borga firði*, 6.6.1994 (MÞ).

Trjátittlingur *Anthus trivialis* (2,7,2)

Evrópa, V- og Mið-Asía. – Trjátittlingur sást síðast 1988. Sex trjátittlingar hafa sést að vorlagi en fimm að haustlagi.

N-Múl: *Njarðvík við Borga fjörð*, flt 29.5. (Margrét B. Hjarðar), merktur „Brit. Mus. K025841“ átta dögum áður í Fife í Skotlandi.

A-Skaft: *Höfn í Hornafirði*, 4.10. (BB).

Mýrerla *Motacilla citreola* (1,3,1)

A-Rússland og Síbería. – Annað árið í röð sést mýrerla. Þetta er fyrsta fullorðna mýrerlan sem finnst hérlendis, en hinar voru allar ungfuglar að hausti.

N-Þing: *Valþjófsstaðir í Öxu firði*, fullu 8.10. □ (AÖS, GH, RR), 11. mynd.

10. mynd. Landsvala *Hirundo rufica*. Hreiður með ungum á Tumastöðum í Fljótshlíð, 11. ágúst 1995. – Hrafn Óskarsson.



Straumerla *Motacilla cinerea* (3,14,2)

Evrópa, NV-Afríka og Asía. – Straumerlur sjást hér yfirleitt seint á haustin. Báðir fuglarnir fundust því á óvenjulegum tíma.

Rang: *Múlakot í Fljótshlíð*, ungf 24.9. □ (GÞH, GP, GÞ, HG, YK), 12. mynd.

Á sjó: *Um 8 sjóm S af Hvanney*, 21.3. ☆ [RM11014] (BA).

Silkittoppa *Bombus garrulus* (720,363,16)

NA-Evrópa, N-Asía og N-Ameríka. Stórir hóp- ar flakka annað slagið út fyrir hefðbundin vetrarheimkynni, þ. á m. til Íslands. – Þriðja árið í röð kom slæðingur af silkittoppum síðla hausts. **Eyf:** *Dalvík*, tvær um haustið og fram í jan 1996 (Steingrímur Þorsteinsson).

Gull: *Hafnarfjörður*, fjórar 17.11., tvær 15.-22.12. (Jón Bergsson ofl).

S-Múl: *Breiðdalsvík*, fd 8.1. (Snjólfur Gíslason). – *Fáskrúðsfjörður*, þrjár um 15.12. til 1996 (Sóley Sigursveinsdóttir). – *Reyðarfjörður*, 19.12. (Einar B. Sigurðsson).

Rvík: *Brekustígur*, tvær 13.11. (Hjalti Guðmundsson).

S-Þing: *Húsavík*, þrjár 12.11., 13.-15.11. □ (GH, RR).

Leiðrétting - Correction:

Eftirfarandi fugl var birtur í skýrslu 1989. Hann hefur verið endurmetinn og er ekki talið víst að um silkittoppu hafi verið að ræða. Hann skal því felldur niður úr skýrslu 1989 (Bliki 11: 50). – *This record has now been rejected after revaluation and shall be deleted from the 1989 report (Bliki 11: 50).*

1989: V-Ísf: *Suðureyri*, 12.7.1989 (Málfríður Arnórsdóttir).

Glóbrystingur *Erithacus rubecula*

(150,491,19)

Evrópa, NV-Afríka og V-Asía. – Misjafnt er hversu mikið af glóbrystingum flækist hingað. Að þessu sinni kom slæðingur seint um haustið. Þessari tegund gengur nokkuð vel að lifa af veturinn og sáust nokkrir enn í lok ársins.

V-Barð: *Lambavatn á Rauðasandi*, 1.11.-10.4.1996 (Tryggvi Eyjólfsson).

Eyf: *Siglufjörður*, 15.10.1994 til 31.3. (Guðrún Reykdal). – *Akureyri*, 4.12.1994 til 10.4. □ (Páll Skjöldal ofl).

Gull: *Kópavogur*, 22.10. (KM). – *Hafna fjörður*, 28.11.-21.12. (Arnar Helgason).

N-Múl: *Höfn í Borgarfirði*, tveir 26.10. (MÞ). – *Fella-bær*, 27.10. (Halldór W. Stefánsson). – *Eiðar í Eiða-þinghá*, 28.10. (SÞ).

Rang: *Múlakot í Fljótshlíð*, 12.11., tveir 26.11., 24.12. (ÖÓ ofl).

Rvík: *Ásgarður*, 8.11. (BH). – *Laugardalur*, 10.11., 20.-27.11. (HÞH ofl). – *Skógræktin í Fossvogi og nágr*, 24.11. til 1996 (GÞH ofl).

A-Skaft: *Kvísker í Örefum*, 22.10.-21.12. (HB). – *Höfn í Hornafirði*, 1.-5.11. (BB).

N-Þing: *Ski alón á Melrakkaslétu*, 8.-14.10. (GH, RR, AÖS). – *Þórshöfn*, 28.10.-1.11. (GG). – *Valþjófsstaðir í Núpasveit*, 2.11. (RR).

S-Þing: *Húsavík*, 20.12.1994 til 10.4. □ (GH, RR, SG ofl). 13. mynd, 15.10.-15.11. (GH, Hjörtur Tryggvason). – *Laugar í Reykjadal*, 8.1. (Eysteinn Tryggvason, Hjörtur Tryggvason).

1990: N-Múl: *Höfn í Borgarfirði*, 30.4.1990 (MÞ).

1994: V-Ísf: *Sæból á Ingaldssandi*, tveir snemma í nóv til 17.12., 18.-30.12. (Elísabet A. Pétursdóttir).

1994: N-Múl: *Vaðbrekka á Jökuldal*, 1.4.1994 ☆



11. mynd. Mýrerla *Motacilla citreola*. Full-orðinn fugl við Valbjófsstaði í Öxarfirði, 8. október 1995. – Ríkarður Ríkarðsson.



12. mynd. Straumerla *Motacilla cinerea*. Múla-kot í Fljótshlíð, 24. september 1995. – Yann Kolbeinsson.

(Sigurður Aðalsteinsson). – Höfn í Borga firði, tveir 5.4.1994 (MÞ).

Garðaskotta *Phoenicurus phoenicurus* (51,37,3)

Evrópa og Asía. – Garðaskotturnar þrjár sáust allar um svipað leiti.

Gull: Þorbjörg við Grindavík, 2/ungf 8.10. (YK).

A-Skaft: Dilksnes í Nesjum, 5.10. (BA, BB).

N-Þing: Þórshöfn, 8.10. (GG).

Vallskvettur *Saxicola rubetra* (23,51,3)

Evrópa og V-Asía. – Þriðja árið í röð sjást þrjár vallskvettur.

Gull: Stafnes á Miðnesi, 17.9. (YK). – Kirkjuból á Miðnesi, 1.10. (BH, BB, GP, HG, YK).

A-Skaft: Skálafell í Suðursveit, 1.10. ☆ [RM11228] (BA).

Moldþröstur *Catharus ustulatus* (1,0,1)

N-Ameríka. – Mjög sjaldgæfur flækingur í Evrópu. Amerískir spörfuglar finnast oftast á Suðurnesjum. Í Laugarási hefur þó áður sést amerískur þröstur, en það var dulþröstur árið 1986.

Árn: Laugarás í Biskupstungum, 27.9.-5.10. □ (Ingólfur Guðnason ofl).

Svartþröstur *Turdus merula*

Evrópa, NV-Afríka og sunnanverð Asía. – Mjög algengur haust- og vetrargestur og hefur orpið hér á landi. Hætt verður að birta athuganir á svartþröstum frá og með þessari skýrslu en fuglaskoðarar eru samt beðnir um að senda áfram upplýsingar um þá.

Gráþröstur *Turdus pilaris*

Evrópa til Mið-Asíu, SV-Grænland. – Mjög algengur haust- og vetrargestur og hefur orpið

hér á landi. Hætt verður að birta athuganir á gráþröstum frá og með þessari skýrslu en fuglaskoðarar eru samt beðnir um að senda áfram upplýsingar um þá.

Söngþröstur *Turdus philomelos* (103,151,17) Evrópa, V- og Mið-Asía. – Fjöldi söngþrasta var með meira móti þetta árið, en allir nema tveir fundust í A-Skaftafellssýslu.

Rang: Skógar undir Eyjafjöllum, 15.10. (ÖC).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, 27.2.-5.3. (BÞ, EP ofl), amk sjö 2.10., 3.10., tveir 4.-5.10., þr 7.10., 9.10., tveir 11.10., 12.-15.10., þr 27.10., tveir 1.-5.11. □ (BA, BB). – Dilksnes í Nesjum, þr 5.10. (BB). – Hjarðarnes í Nesjum, fd 7.10. ☆ (BA). – Breiðabólstaður í Suðursveit, 8.10. (BA). – Kvísker í Örfi um, 27.10., 12.11. (HB). – Reynivellir í Suðursveit, 4.11. (BA).

N-Þing: Núpur í Öxarfirði, 28.10. (GH).

Sefsöngvari *Acrocephalus scirpaceus* (3,5,1)

Evrópa, N-Afríka og SV-Asía. – Það er skemmtileg tilviljun að aftur sést þessi sjaldgæfi flækingur við Tjörnina í Reykjavík, því árið 1964 fannst þar annar sefsöngvarinn hérlandis.

Rvík: Tjarnargata, 1.9. ☆ [RM11248] (Karl Vernharðsson ofl), merktur „Arnhem F677357“ í Vlieland í Hollandi 4.8.1995.

Hauksöngvari *Sylvia nisoria* (30,25,1)

Mið-Evrópa austur Mið-Asíu. – Hauksöngvari sást síðast áður sést á Norðurlandi.

S-Múl: Stöðvarfjörður, 8.10. (BB).

Netlusöngvari *Sylvia curruca* (41,52,3)

Evrópa til Mið-Asíu. – Netlusöngvari hefur aðeins tvisvar áður sést á Norðurlandi.

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, 2.-4.10. (BA ofl).

13. mynd. Glóbrystingur *Eithacus rubecula*. Húsa-
vík, 4. apríl 1995. – Rík-
arður R karðsson.



Vestm: Heimaey, 2.10. ☆ (skv IS).

N-Þing: Ásmundarstaðir á Melrakkaslétu, 14.10.
(GH, AÖS).

Þyrnisöngvari *Sylvia communis* (7,10,2)

N-Afríka, sunnanverð Skandinavía og Evrópa
austur í Mið-Asíu. – Þyrnisöngvarinn á Húsa-
vík er sá fyrsti sem finnst á Norðurlandi.

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, 3.-4.10. (BA ofl).

S-Þing: Húsavík, ungf 18.10. □ (GH).

Garðsöngvari *Sylvia borin* (109,204,7)

Evrópa og Mið-Asía. – Fremur fáir garðsöngv-
arar sáuust, en víða um landið.

Árn: Selfoss, 4.-12.11. □ (ÖÖ).

Gull: Þorbjörn við Grindavík, 7.10. (GÞH, GP, GÞ,
HG, YK).

S-Múl: Stöðvarfjörður, 8.10. (BB).

Rang: Seljaland undir Eyjafjöllum, 15.10. (ÖÖ). –
Skógar undir Eyjafjöllum, 15.10. (ÖÖ).

A-Skaft: Hof í Örfæfum, 7.10. (HB).

N-Þing: Vogur á Melrakkaslétu, 8.10. (AÖS, GH,
RR).

Hettusöngvari *Sylvia atricapilla*
(492,820,83)

Evrópa, NV-Afríka og V-Asía. – Fjöldi hettu-
söngvara var með mesta móti. Aðeins tvisvar
hafa sést fleiri en það var 1976 og 1982.

Árn: Kjarr í Ölfá sí, 21.10. (ÖÖ). – Selfoss, 2. 6.-
7.11., þrír 2. 8.11., fjórir 2. 9.11., sex 2. 10.11., sjö 2.
11.-13.11. □, 2. 12.-13.11. □, sex 2. og 2. 14.-20.11.,
fimm 2. og 2. 21.-22.11., fjórir 2. 23.11., þrír 2. 24.11.,
tveir 2. 25.11.-8.12., þrír 2. 9.-20.12., tveir 2. 21.-
25.12. ☆, 2. 26.-31.12. (ÖÖ ofl).

Gull: Þorbjörn við Grindavík, 2. 1.10. (BH, BB, GP,
HG, YK), 2. 24.10. (RR). – Sandgerði, 2. 14.10.
(Birgir Vignisson, BA, GÞH, Ragnar B. Pálsson, YK).
– Hafna fjörður, 2. 5.11. (Arnar Helgason). – Kíðafell
í Kjós, 2. 5.11. (BH). – Kópavogur, tveir 2. 9.11.
(HÞH). – Garðabær, 2. og 2. 10.11. (Sigurður Blönd-
dal). – Hvalsnes á Miðnesi, 2. 11.11. (YK).

N-Múl: Höfn í Borga firði, 2. og 2. 26.10. (MP).

S-Múl: Stöðvarfjörður, 2. og 2. 8.10. (BB). – Egils-
staðir, þrír um miðjan októ (SÞ).

Rang: Seljaland undir Eyjafjöllum, 2. og 2. jan til feb
(Björgvin Sigurðsson ofl). – Skógar undir Eyjafjöllum,
2. 15.10. (ÖÖ). – Tímastaðir í Fljótshlíð, þrír 2. og 2.
5.11., 2. 8.11. (HÓ). – Múlakot í Fljótshlíð, þrír 2.
12.11., 2. 17.11., tveir 2. 25.11. (ÖÖ ofl).


Rvík: Skerjafjörður, 2. 5.11. (YK). – Langholtiðvegur,
2. 10.11. (EÖÞ). – Langardalur, þrír 2. og fjórir 2.
10.11., 2. 13.-19.11. (HÞH ofl). – Langarárvegur,
tveir 2. og tveir 2. 14.11., tveir 2. og 2. 19.11. □ (JÓH,
Þorsteinn Einarsson ofl), sennilega sömu og í Laug-
ardal. – Brúnaaland, 16.11. (María Hreinsdóttir). – Sól-
heimar, 2. 20.-22.11. □ (YK). – Þingóltsstræti, 2.
20.11. (Halldór I. Guðmundsson).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, 2. 2.-6.10. (BA ofl), 2.
5.11. (BA, BB), 2. 3.12. (BÞ, EP). – Kvísker í Örfæfum,
2. 13.-19.10., 2. 2.11., tveir 2. og fjórir 2. 5.11., 2.
10.11., 2. 11.11. (HB). – Hellisholt á Mýrum, 2. 5.11.
(BB).

Skag: Langhús í Fljóttum, 2. 8.10. (Þorlákur Sigur-
björnsson).

N-Þing: Núpaskatla á Melrakkaslétu, 2. 14.10. (AÖS,
GH). – Árdalur í Kelduhvefi, 2. 28.10.-2.11. □ (GH
ofl). – Kópasker, tveir 2. 28.10. ☆ (Guðmundur Bald-
ursson). – Nýlhöfn á Melrakkaslétu, 2. 28.10. (GH). –
Hóll á Langanesi, 2. 30.10. (GG). – Núpur í Óxar-

**Amerískir landfuglar *Nearctic landbirds*
1979–1995**



14. mynd. Fjöldi einstaklinga (svartar súlur) og tegunda (strikaðar súlur) amerískra landfugla (fyrir utan ránf gla og rellur) sem sáust á Íslandi á árunum 1979 til 1995. – *Number of birds (black bars) and species (stippled bars) of nearctic landbirds (excluding raptors and rails) seen in Iceland from 1979 to 1995.*

firði, 30.10. (Árni B. Jónsson, Jón Ingimundarson). – *Sauðanesás á Langanesi*, † 31.10. (GG). – *Híð á Langanesi*, † 31.10. □ (GG). – *Þórshöfn*, † 5.11. (GG).

S-Þing: *Húsavík*, † 18.10., þrír 26.10., † 27.10., † 5.-30.11. □, tveir † 13.-15.11., † 17.-28.11. ☆ (GH, RR), † 9.12. (Hörður Eiríksson), † 22.12. (RR). – *Máná á Tjörnesi*, † í lok nóv (Sigurlaug Egilsdóttir). Vestm: *Heimaey*, † 16.10. (IS).

Á sjó: *Um 18 sjóm N af Garðskaga*, † 1.11. (Karl Ólafsson), náð og sleppt í Keflavík 2.11. – *Um 35 sjóm S af Surtsey (63°08'N, 21°29'V)*, † 5.11. ☆ [RM11240] (Örn Ólafsson). – *Sæksnesgrun*, † 13.11. (BA).

1994: N-Múl: *Höfn í Borgarfirði*, † 25.10.1994, † 7.11.1994 (MÞ).

Hnoðrasöngvari *Phylloscopus inornatus*
(18,31,3)

N- og Mið-Asía. – Hefðbundið ár fyrir hnoðrasöngvara, en enginn sást árið á undan.

N-Múl: *Engihlíð í Vopnafirði*, byrjun okt ☆ [RM11239] (Halldóra Andrésdóttir).

A-Skaft: *Kvísker í Örefum*, 8.10., 2.11. (HB).

Gransöngvari *Phylloscopus collybita*
(263,504,18)

Evrópa og Asía. – Gransöngvarar voru óvenjufáir að þessu sinni.

Árn: *Hveragerði*, 26.11. (HÞH).

Gull: *Hafurbjarnarstaðir á Miðnesi*, 21.10. (GÞH, Ragnar B. Pálsson). – *Garðskagi á Miðnesi*, 11.11. (BH, YK).

N-Múl: *Þorvaldsstaðir á Langanesströnd*, fd í lok okt ☆ [RM11250] (Ingvaldur Haraldsdóttir).

S-Múl: *Stöðvarfjörður*, tveir 8.10. (BB).

Rang: *Tumastaðir í Fljótslíð*, 19.-20.10., 17.11. (HÓ).

A-Skaft: *Reynivellir í Suðursveit*, 28.5. (BA, BB), 4.11. (BA). – *Höfn í Hornafirði*, 5.10. (BA), 5.11.

(BB). – *Hof í Örefum*, 7.10. (HB). – *Kvísker í Örefum*, tveir 1.11., 2.-5.11., 8.11., 12.11. (HB). – *Horn í Nesjum*, 5.11. (BB).

Skag: *Langhús í Fljótum*, 16.10. (Þorlákur Sigurbjörnsson).

N-Þing: *Víkingavatn í Kelduvæfi*, 26.10. (AÖS). – *Þórshöfn*, 28.10. (GG).

1994: Á sjó: *Um 3 sjóm út af Glettinganesi*, 21.10.1994 ☆ [RM11067] (Elvar Þór Tryggvason).

Laufsöngvari *Phylloscopus trochilus*
(88,236,5)

Evrópa og norðanverð Asía. – Óvenjufáir laufsöngvarar fundust á árinu og voru allir utan aðalfartíma tegundarinnar sem er fyri hluti hausts.

Árn: *Selfoss*, 22.10. □ (GÞH, GP, GÞ, HG, RR, YK, ÓÓ).

Gull: *Grindavík*, 22.-23.10. □ (Birna Óladóttir).

A-Skaft: *Höfn í Hornafirði*, 2.8. (BB, SSI). – *Kvísker í Örefum*, 5.11. (HB).

V-Skaft: *Norðrjúleiga í Álfaveri*, 7.6. ☆ [RM11255] (Jónas Birgisson).

1994: A-Skaft: *Höfn í Hornafirði*, 15.12.1994 ☆ [RM11073] (Karl S. Guðmundsson).

Ógreindir *Phylloscopus söngvarar*
(93,280,10)

Hér er í langflestum tilfellum um að ræða graneða laufsöngvara, sem ekki tókst að greina með vissu til tegundar.

Árn: *Laugarás í Biskupstungum*, 13.9. (Gunnar Tómasson). – *Fljótsbólur í Flóa*, mánaðamót okt/nóv (Jón Tómasson).

Gull: *Seltjörri við Njarðvík*, 17.9. (GÞH, GP, KM, YK). – *Hafna fjörður*, 25.10. (RR).

N-Múl: *Höfn í Borgarfirði*, tveir 26.10. (MÞ).

Skag: *Langhús í Fljótum*, 12.11. (Þorlákur Sigurbjörnsson).

Vestm: *Heimaey*, 18.-22.8. (IS).

N-Ping: *Vikingavatn í Kelduhverfi*, 15.10. (AÖS). – *Lundur í Öa firdi*, 20.10. (AÖS).

Glókkullur *Regulus regulus* (109,166,102)

Evrópa og slitrótt í Asíu. – Aldrei áður hafa sést jafn margir glókkollar á einu ári. Mestu munar um stóran hóp sem settist á skip út af Suð-austurlandi.

Árn: *Bakki í Ölfusi*, 15.-22.10. (YK ofl). – *Bjarnastaðir í Öflsi*, 15.10. (YK). – *Selfoss*, 27.10. (ÖÖ). – *Snæfoksstaðir í Grímsnesi*, 11.11., 24.12. (ÖÖ).

Gull: *Hái-Bjalli á Vansleysuströnd*, 7.10., tveir 14.10. (GPB, GP, GP, HG, YK ofl). – *Þorbjörn við Grindavík*, fimm 7.-8.10., tíu 14.10. ☆. tveir 21.10., 4.11. (GPB, GP, GP, HG, YK ofl). – *Kiðafel' í Kjós*, tveir 14.10. (BH). – *Seltjörn við Njarðvík*, tveir 14.10., 16.10. (Birgir Vignisson, BA, GP, GPB, HG, HB, KM, Ragnar B. Pálsson, YK).

S-Múl: *Slæðvarfjörður*, fimm 8.10. (BB).

S-Múl: *Egilsstaðir*, miður okt (SÞ).

Rang: *Tumastaðir í Fljótslíð*, sjö 5.-15.10., síðan fjórir til 31.12. □ (HÓ ofl). – *Flókastaðir í Fljótslíð*, 8.10. □ ☆ (Tryggvi S. Bjarnason). – *Skógar undir Eyjafjöllum*, tveir 15.10. (ÖÖ).

Rvík: *Ellidáardalur*, tveir 21.10., 1.11. (YK).

A-Skaft: *Hof í Nesjum*, þr 2.10. (BA), fjórir 3.10., þrír 4.10., 6.-15.10. (BB, SSI). – *Höfn í Hornafirði*, 2.-5.10. í Einarslundi (BA ofl), 4.10., tveir 5.10., 6.10. í húsagörðum (BB, BÞ, EP). – *Hjardarnes í Nesjum*, 6.10. (BB). – *Kvísker í Örfæum*, tveir 7.10., 17.10. (HB). – *Reynivellir í Suðursveit*, tveir 4.11. (BA).

Vestm: *Heimaey*, 15.10. (IS).

N-Ping: *Valhjófsaðir í Öxarfirði*, 8.10. □ (GH, RR).

S-Ping: *Húsavík*, 26.12.1994 til 1.1. (Hjörtur Tryggvason), tveir 18.10., 31.10. (GH ofl).

Á sjó: *Um 30 sjóm SA af Hvalnesi (64°09'N, 13°3'V)*, um 50 fuglar, fimm fd 5.10. 5☆ [RM11217-11221] (Magnús Þorvaldsson).

1994: **Á sjó:** *Um 3 sjóm ú af Glettinganesi*, 21.10.1994 ☆ [RM11066] (Elvar Þór Tryggvason).

Grágrípur *Muscicapa striata* (20,38,1)

N-Afríka og Evrópa austur í Mið-Asíu. – Eftir kennslustund í greiningu grágríps og flekkugríps kemur í ljós að einn grágrípur sást árið 1994 og hefur því sést fjögur ár í röð.

A-Skaft: *Stafafell í Lóni*, 29.10. □ (BA, BB).

1994: **A-Skaft:** *Svínafell í Örfæum*, 20.10.1994 □ (GH, RR).

Flekkugrípur *Ficedula hypoleuca* (14,28,1)

Evrópa austur í Mið-Asíu og N-Afríka. – Eftir leiðréttinguna hér að neðan er þetta annað árið í röð sem einn flekkugrípur sést.

A-Skaft: *Diklsnes í Nesjum*, 5.10. (BB).

Leiðrétting - Correction: ✎

Komið hefur í ljós rangt greindur flekkugrípur. Skal því fella eftirfarandi athugun niður úr skýrslu 1994 (Bliki 16: 40). – *Following bird was incorrectly id-*



15. mynd. Græningi *Vireo olivaceus*. Seltjarnarnes, 18. október 1995. – Gunnar Þ. Hallgrímsson.

entified and shall be deleted from the 1994 report (Bliki 16: 40):

1994: **A-Skaft:** *Svínafell í Örfæum*, 20.10.1994 □ (GH, RR).

Dvergkráka *Corvus monedula* (93,162,0)

Evrópa, NV-Afríka og V-Asía. – Dvergkrákan í Kelduhverfi er talin vera annar fuglanna í Mývatnssveit.

S-Ping: *Vogar í Mývatnssveit*, tvær frá 1993 til 7.6., ein til 9.7. (Hallgrímur Jónasson, Hjördís Albertsdóttir ofl).

N-Ping: *Vikingavatn í Kelduhverfi*, 16.-19.7. (Auður Lárusdóttir ofl).

Bláhrafn *Corvus frugilegus* (200,422,1)

Evrópa og Asía. – Eftir alla bláhrafna undanfarin ár sást aðeins einn á árinu.

Rvík: *Vatnsmyri*, 23.-27.1. (Kjartan Lorenz).

Gráspör *Passer domesticus* (18,4,1)

Upphafleg heimkynni í Evrópu og N-Afríku, en verpur nú víða um heim vegna flutninga af mannavöldum. – Fyrsta sinn síðan 1987 sést gráspör annars staðar en í varpinu á Hofi í Örfæum.

S-Múl: *Skorrastaðir í Norðfirði*, 29.-31.5. (SÞ).

A-Skaft: *Hof í Örfæum*, sex til átta þör urpu um sumarið, tvisvar eða jafnvel þrisvar sinnum (Ari Magnússon, HB, Sigrún Sæmundsdóttir ofl).

Trjáspör *Passer montanus* (5,0,1)

Evrópa og Asía. – Þegar þessi fugl fannst voru nítján ár síðan þessi fáséði gestur sást síðast. Vonandi verður styttra í þann næsta.

A-Skaft: *Diklsnes í Nesjum*, 5.10. (BB ofl).

Græningi *Vireo olivaceus* (3,2,5)

N-Ameríka og norðanverð S-Ameríka. – Það hlýtur að verða bið á að fimm græningjar sjást



16. mynd. Hreiður barrfinku *Carduelis spinus*. Tumastaðir í Fljótshlíð, 14. maí 1995. – Hrafn Óskarsson.

aftur á aðeins tíu dögum. Óvenjumargir sáust einnig á Bretlandseyjum en þar fundust þeir á tímabilinu 3.-18. október og voru því heldur fyrr á ferðinni en fuglarnir sem hingað komu.

Árn: *Selfoss*, 20.-22.10. □ (YK ofl). – *Bakki í Ólfi sí*, 22.10. □ (GP, GP, RR, YK).

Gull: *Seltjarnarnes*, 18.10. □ ☆ (Arnar Jónsson), hafður í haldi til 20.10. er hann dó, 15. mynd.

Rvík: *Laugardalur*, 27.10. □ (YK).

Snæf: *Bjarnarhöfn í Helgafellssveit*, fnd 22.10. ☆ [RM11226] (Hildibrandur Bjarnason).

Bókfinka *Fringilla coelebs* (174,325,2)

Evrópa, N-Afríka og V-Asía. – Færri bókfinkur hafa ekki sést síðan 1978.

S-Múl: *Eskifjörður*, tvær 30.11. (Guðrún Leifsdóttir).

Fjallafinka *Fringilla montifringilla*

(920,673,28)

N- og NA-Evrópa og norðanverð Asía til Kyrra-

hafs. – Aðeins tvær fjallafinkur fundust um vorið en flestar sáust að áliðnu hausti.

Árn: *Selfoss*, syngjandi 7.-9.5. (ÖÖ).

Gull: *Hafn í fjörður*, 25.-26.10. (RR). – *Kópavogur*, 5.11. (HPH).

N-Múl: *Höfn í Borga firði*, tvær 26.10., 3.12. (MP ofl).


S-Múl: *Breiðdalsvík*, 8.10. (BB). – *Stöðva fjörður*, 8.10. (BB).

Rvík: *Skógræktin í Fossvogi*, 10.1.-28.3. (YK ofl).

A-Skaft: *Höfn í Hornafirði*, 23.11.1994 til 28.3. (BB, BB, EP ofl), 9.3.-16.3. (BB, EP), 20.10. (BB), 28.10.-18.11. (BB, EP). – *Kvísker í Örfium*, 6.5., 22.10., 5.11. (HB). – *Hof í Örfium*, 7.10. (HB).

Skag: *Langhús í Fljónum*, 12.-13.10. (Þorlákur Sigurbjörnsson). – *Laufhóll í Viðvíkursveit*, um 1.11. (Steingrímur Vilhjálmsón).

N-Þing: *Leirhöfn á Melrakkaslénu*, 8.10. (AÖS, GH, RR). – *Ferjubakki í Öxa firði*, 20.10. (AÖS). –



17. mynd. Fjöldi dómpápa sem sáust í hverri viku veturinn 1994-1995. Dökku súluar sýna fyrstu athuganir, en þær ljósu fjölda fugla. – Number of Bullfinches *Pyrrhula pyrrhula* recorded each week during the influx in winter 1994-1995. The dark columns show the first observation for a given bird.



18. mynd. Dómpápi *Pyrrhula pyrrhula*, karlfugl. Akureyri, 23. febrúar 1995. – Rúnar Þór Björnsson.



19. mynd. Dómpápi *Pyrrhula pyrrhula*, kvenfugl. Akureyri, 23. febrúar 1995. – Rúnar Þór Björnsson.

Víkingavatn í *Keldu* ve fi, 26.10. (AÖS). – *Laufás* í *Kelduhverfi*, 28.10. (GH). – *Núpur* í *Öxa firði*, 28.10. (GH). – *Við Saudanesós á Langanesi*, ♂ og ♀ 28.10. (GG).

S-Þing: *Húsavík*, fjórar 19.10., þrjár 20.10. (GH).

Barrfinka *Carduelis spinus* (42,83,3)

Slitrótt í Evrópu og Asíu. – Varpið á Tumastöðum 1994 bar góðan árangur og höfðu nokkrir fuglar þar vetursetu og urpu fjögur þör vorið 1995. Barfinkur sem sáust annars staðar í Fljótshlíð og nágrenni eru taldar hafa komið frá Tumastöðum.

S-Múl: *Reyðarfjörður*, miður ma (Óskar Ágústsson).

Rang: *Tumastaðir í Fljótshlíð*, fjórir ♂ og sex ♀ frá 1994 til vors 1995. Varp í apríl til júní. Fjögur hreiður fundust, öll með fjórum eggjum □. 16. mynd. Amk 30 fuglar 10.9., tvær 24.9., 23.10., 22.-29.11. (HÓ ofl). – *Múlakot í Fljótshlíð*, þrír ♀ 20.10. (HÓ), sennilega frá Tumastöðum. – *Árgilsstaðir við Hvolsvöllum*, ♂ og ♀ 28.10. (Tryggvi S. Bjarnason), sennilega frá Tumastöðum.

Rv k: *Reykás*, ♀ 19.12. (HÞH).

S-Þing: *Húsavík*, ♂ 13.-28.11. □ (GH, RR).

Krossnefur *Loxia cu virostra* (937,1154,4)

Evrópa, Asía og N-Ameríka. – Annað slagið koma krossnefir í stórum hópum. Það er því óvenjulegt að þeir skuli einungis finnast á einum stað. Auk fuglanna í Garðabæ sáust fuglarnir á Tumastöðum fram á vor.

Gull: *Vífilsstaða* líð *Garðabæ*, tveir ♂ og tveir ♀ 22.1. (Sigurður Blöndal, Sigurður Sigurkarlsson).

Rang: *Tumastaðir* *Fljótshlíð*, ♂ og fimm ♀ frá 1994 til 10.2., ♀ 30.4.-27.5. (HÓ, ÖÖ).

Dómpápi *Pyrrhula pyrrhula* (21,50,66)

Evrópa og Asía. – Dómpápar frá haustinu 1994 sáust áfram í byrjun árs og enn fleiri bættust við er leið á veturinn (17. mynd). Samtals sáust 100 dómpápar og er það um 73% allra dómpápa sem hér hafa fundist.

Árn: *Þrastaskógur* *Grimsnesi*, tveir ♀ 2.1., þrír ♀ 28.1., ♂ og ♀ 12.2.-5.3., ♀ 18.3., tveir ♂ og ♀ 20.3. (ÖÖ). – *Laugarvatn*, amk tólf 5.-12.2. (Margrét Gunnarsdóttir). – *Laugarás* *Biskupstungum*, ♂ 12.-20.2. (Ingólfur Guðnason ofl), þrír ♂ og tveir ♀ 24.2., fjórir 7.3., tíu 25.3. (Gunnar Tómasson, Tómas G. Gunnarsson ofl). – *Ásólfsstaðir* *Þjórsárdal*, þrír um 15.-27.2. (Ásólfrur Pálsson). – *Hveragerði*, amk tveir ♀ 14.-19.3., sjö ♀ 20.3., tveir ♀ til 30.3. (Hrafnkell Konráðsson).

V-Barð: *Patreksfjörður*, ♂ 8.1. (Magnús Gunnarsson).

Eyf: *Akureyri*, ♂ og fjórir ♀ um 25.12.1994 til 1.3. □ (Jón K. Sólness ofl), 18. og 19. mynd.

Gull: *Reykir* *Mosfellsbæ*, ♂ og ♀ frá 1994, tveir ♂ og ♀ 8.1., 10.2. (Sigurbjörg Sigurðardóttir ofl).

N-Múl: *Ekkjufell* *Fellum*, tveir í lok jan (Guðrún Hjaltadóttir).

S-Múl: *Egilsstaðir*, átta frá 1994, tólf í mars, átta 25.3. (SP ofl). – *Hallormsstaðarskógur*, amk fjórir 31.1. (Hrefna Egilsdóttir). – *Eskifjörður*, tveir 13.2. (Stefán Þórðarson).

Rang: *Tumastaðir* *Fljótshlíð*, fimm ♀ frá 1994 til 10.2., fjórir ♀ til 18.3., þrír ♀ til 23.3., ♀ til 19.4. (HÓ ofl). – *Þítra í Fljótshlíð*, ♂ og ♀ 3.3. (Jón Ólafsson).

Rvík: *Skógræktin* *Fossvogi*, ♂ 20.12.1994 til 10.1., ♂ og tveir ♀ 11.1., tveir ♂ og tveir ♀ 13.1., þrír ♂ og tveir ♀ 15.1., þrír ♂ og þrír ♀ 21.2., fjórir ♂ og þrír ♀ 23.3., fjórir ♂ og fjórir ♀ 28.3., fjórir ♂ og tveir ♀ 5.4., þrír ♂ og ♀ 9.4., tveir ♂ og ♀ 14.4. □ (GPB, HG,



20. mynd. Dagga sk íkja *Dendroica magnolia*, ung-fugl. Bakki í A-Landeyjum, 10. nóvember 1995. – Tryggvi Bjarnason.

HPH, YK ofl). – *Kelkur*, ♂ frá 1994 til 14.1. (Jóhann Pálsson ofl). – *Kirkjugarðurinn í Fossvogi*, fjórir ♂ 28.1. (Gunnlaugur Jónsson), sennilega sömu fuglar og í Skógræktinni. – *Laugardalur*, ♂ 7.2.-17.3. (YK). – *Árskógar*, ♂ og tveir ♀ um 11.2., ♂ og ♀ um 15.2. (Hildegard Þórhallsson).

N-Þing: *Ás í Kelduhverfi*, ♂ 18.-19.2. ☐ (AÖS).

S-Þing: *Húsavík*, ♂ 13.-20.12. (GH, RR ofl).

1994: Rvík: *Keldur*, ♂ og ♀ um 25.12.1994 (Jóhann Pálsson).

Daggarskríkja *Dendroica magnolia* (0,0,2)

N-Ameríka. – Daggarskríku hefur ekki áður orðið vart á Íslandi. Hún hefur aðeins einu sinni áður fundist í Evrópu. Það kom því mjög á óvart að hingað komu tvær sama haustið. Övenju margir græningjar sáu hér einnig á svipuðum tíma og það sama gerðist á Bretlandseyjum þegar daggarskríkjan sást þar haustið 1981.

Gull: *Seltjörn við Njarðvík*, ungf 21.-23.10. ☐ (GPB, GP, GP, HG, Ragnar B. Pálsson ofl).

Rang: *Bakki í A-Landeyjum*, ungf 29.9.-7.12. ☐ (Jón Einarsson ofl), 20. mynd

Rákaskríkja *Dendroica striata* (5,1,1)

N-Amer ka. – Sex rákaskríkjur sáu á áttunda áratugnum, en þetta er sú fyrsta síðan 1979.

Gull: *Seltjörn við Njarðvík*, ♀ 7.-8.10. ☐ (GPB, GP, GP, HG, YK ofl).

Sportittlingur *Calcarius lapponicus*

(88,115,1)

Skandinavía, Íshafslönd Asíu og Ameríku, V- og SA-Grænland. – Sjaldgæfur fargestur hér á landi á leið sinni milli Grænlands og Evrópu. Yfirleitt sjást á milli fimm og tíu sportittlingar á hverju ári og því eru komin tvö óvenjuleg ár í röð því 1994 sást enginn.

Gull: *Norðurkot á Miðnesi*, ♂ 21.10. (HG).

ATHUGENDUR – OBSERVERS

Aðalsteinn Ö. Snæþórsson (AÖS), Agnar Ingólfsson, Anders Magnusson, Anette Ekendahl, Ari Jónsson, Ari Magnússon, Ari B. Sigurðsson, Arnar Helgason, Arnar Jónsson, Arndís Ö. Guðmundsdóttir, Arnþór Garðarsson (AG), Atli Örlygsson, Auður Lárusdóttir, Árni Einarsson (ÁE), Árni B. Jónsson, Árni Óskarsson, Árni Ragnarsson, Ásgeir Gestsson, Ásgeir Heiðar, Ásólfr Pálsson. Barði Ingibjartsson, Benedikt Þorsteins-son (BP), Beno t Condoumi, Birgir Vignisson, Birgir Þórbjarnarson, Birgitt Leifsson, Birna Óladóttir, Björgvin Sigurðsson, Björk Guðjónsdóttir, Björn Arnarson (BA), Björn Hjaltason (BH), Björn Óskarsson, Björn J. Sigurðsson, Boði Stefánsson, Brynjólfur Brynjólfsson (BB), Christian Roth, Colin Brooks. D.B. Dousker, Dóra Hjálmarsdóttir, Edward S. Brinkley, Einar Sigurðsson, Einar B. Sigurðsson, Einar Ó. Þorleifsson (EÖP), Eirkur Jóhannsson, Elínborg Pálsdóttir (EP), El sabet A. Pétursdóttir, Elvar Þór

Fjöldi fuglategunda í árslok 1995

The Icelandic list at end of 1995

Flokkur A – Category A :	319
Flokkur B – Category B :	11
Flokkur C – Category C :	3
Samtals – Total :	333
Flokkur D – Category D :	5

Tryggvason, Erling Ólafsson, Eyjólfur Guðjónsson, Eysteinn Tryggvason. Finnur L. Jóhannsson. Gaukur Hjartarson (GH), Gesine Lehmann, Grétar Jónsson, Guðjón Gamalíelsson (GG), Guðjón Jónsson, Guðjón B. Karlsson, Guðmundur Baldursson, Guðmundur H. Brynjarsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Guðmundur Ó. Sigurgeirsson, Guðni Halldórsson, Guðrún Hjaltadóttir, Guðrún Leifsdóttir, Guðrún Reykdal, Gunnar Þ. Hallgrímsson (GPH), Gunnar Sigmarsson, Gunnar Tómasson, Gunnlaugur Jónsson, Gunnlaugur Pétursson (GP), Gunnlaugur Þráinsson (GP), Gylfi Gunnarsson. Hafsteinn Guðmundsson, Halldór I. Guðmundsson, Halldór Sigurðsson, Halldór W. Stefánsson, Halldóra Andréadóttir, Hallgrímur Gunnarsson (HG), Hallgrímur Jónasson, Hannes Hilmarsson, Hannes Þ. Hafsteinsson (HÞH), Hans Groot, Haraldur Ólason, Haukur Tryggvason, Hálfán Björnsson (HB), Hávarður B. Sigurðsson, Heimir Eiríksson, Heimir Leifsson, Helga Olgeirsdóttir, Helgi Sigurgeirsson, Helgi Ö. Kristinnsson, Hermann Æ. Aðalsteinsson, Hildegard Þórhallsson, Hildibrandur Bjarnason, Hilmar Óssurason, Hjalti Guðmundsson, Hjördis Albertsdóttir, Hjörtur Jónsson, Hjörtur Tryggvason, Hrafn Óskarsson (HÓ), Hrafnkell Helgason, Hrafnkell Konráðsson, Hrefna Egilsdóttir, Hreimur Garðarsson, Hörður Eiríksson, Hörður A. Harðarson, Hörður Lárusson, Höskuldur B. Erlingsson. Ib K. Petersen, Ingi Sigurjónsson (IS), Ingólfur Guðnason, Ingvar Gunnlaugsson, Ingveldur Haraldsdóttir, Jón Geirsson. John Miles, Jón Friðbjarnarson, Jóhann Hafsteinsson, Jóhann Óli Hilmarsson (JÓH), Jóhann Pálsson, Jóhann Þorsteinsson, Jóhanna Ingólfssdóttir, Jón Bergsson, Jón H. Bjarnason, Jón Einarsson, Jón Frímann, Jón Guðmundsson, Jón Ingimundarson, Jón H. Jóhannsson, Jón Ólafsson, Jón S. Ólafsson, Jón Pálmason, Jón K. Sólmes, Jón Tómasson, Jón Þórarinnsson, Jónas Ragnarsson, Jónas Þorgrímsson, Jónatan Garðarsson, Júlíus Birgisson. K. Adolfsson, Karl S. Guðmundsson, Karl Ólafsson, Karl Vernharðsson, Kári Joensen. Kjartan Ágústsson, Kjartan Lorenz, Kjartan Magnússon (KM), Kolbeinn Sæmundsson, Kristinn Egilsson, Kristinn Pálsson, Kristinn H. Skarphéðinsson, Kristján H. Birgisson, Kristján Jónsson, Kristján Lillendahl (KL), Kristveig Björnsdóttir. M. Rellmar, Magnus Ullman, Magnús Gunnarsson, Magnús Magnússon, Magnús Steingrímsson, Magnús Þorsteinsson (MÞ), Magnús Þorvaldsson, Margrét Eggertsdóttir, Margrét Gunnarsdóttir, Margrét B. Hjarðar, María Hreinsdóttir, María Þorgrímsdóttir, Málfríður Áttórsdóttir. Olle Holst, Ólafur Bernadósson, Ólafur Einarsson (ÓE), Ólafur K. Nielsen (ÓKN), Ólafur Torfason, Ólafur Tryggvason, Óli Halldórsson, Óskar Ágústsson, Ottar Sigurðsson, Páll Leifsson (PL), Páll A. Pálsson, Páll Skjöldal. R. Ákesson, Ragnar Eiddsson, Ragnar B. Pálsson, Ríkarður Ríkarðsson (RR), Rúnar Kristjánsson. Sigfús Andrés-son, Sigfús Illugason, Sigfús Þorsteinsson, Sigríður Haraldsdóttir, Sigrún S. Ingólfssdóttir (SSI), Sigrún Sæmundsdóttir, Sigurbjörg Sigurðardóttir, Sigurður Aðalsteinsson, Sigurður Bjarnason, Sigurður Blöndal,

Sigurður K. Eiríksson, Sigurður Gunnarsson (SG), Sigurður Hallmarsson, Sigurður Sigurkarlsson, Sigurjón Jóhannesson, Sigurlaug Egilsdóttir, Skarphéðinn Ásbjörnsson, Skarphéðinn Þórisson (SP), Skúli Gunnarsson, Smári Lúðvíksson, Snjólfur Gíslason, Sóley Sigursveinsdóttir, Stefán Jóseppsson, Stefán Þórðarson, Steindór R. Ágústsson, Steingrímur Vilhjálmsson, Steingrímur Þorsteinsson, Sveinn Helgason, Sveinn Þórarinnsson, Sverrir Bjarnason, Sverrir Thorstensen. Tómas G. Gunnarsson, Trausti Tryggvason, Tryggvi S. Bjarnason, Tryggvi Eyjólfsson, Tryggvi Stefánsson. Úlfur Guðmundsson. Valbjörg Jónsdóttir, Valgeir Benediktsson, Valgerður Jónsdóttir, Vigfús Jónsson, Vigfús H. Jónsson, Viktor Sigurjónsson. Yann Kolbeinnsson (YK). Þorlákur Sigurbjörnsson, Þorsteinn Einarsson, Þorsteinn Guðmundsson, Þorsteinn Ingólfsson, Þórarinn Sigvaldason, Þórir Snorrason, Þröstur Jóhannsson, Þurður Ingvarsdóttir. Ævar Petersen. Ölver Arnarsson, Örn Ólafsson, Örn Óskarsson (ÖÖ), Örn Þorleifsson.

HEIMILDIR

- Arnþór Garðarsson 1997. Korpönd að vestan. *Bliki* 18: 65-67.
- Gunnlaugur Pétursson 1996. Tregadúfa í Vestmannaeyjum. *Bliki* 17: 27-28.
- Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson og Erling Ólafsson 1995. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1994. *Bliki* 16: 11-45.
- Gunnlaugur Þráinsson 1997. Tvær dagarskríkjur finnast á Íslandi. *Bliki* 19, í prentun.
- Ólafur K. Nielsen 1995. Hrökönd sest að á Íslandi. *Bliki* 15: 1-15.
- Örn Óskarsson 1995. Barfinkuvarp á Tumastöðum í Fljótshlíð 1994. *Bliki* 15: 57-59.

SUMMARY

Rare birds in Iceland in 1995

This is the 17th report of rare birds in Iceland. It lists 97 rare or vagrant bird species or subspecies recorded in 1995. Furthermore, one additional species from 1994 is reported, and a few records from previous years are included. These records have been accepted by the Icelandic Rarities Committee.

The appearance of the report has been changed to minimise the space that it occupies in *Bliki*. We hope that it will also become more readable, despite more condensed form. Counties are now depicted in bold, localities in italics, records separated by a long bar, and numbers used for months (instead of abbreviated names). In the previous reports all records of Blackbird *Turdus merula* and Fieldfare *Turdus pilaris* have been published (from autumn 1980 to autumn 1994). The Rarities Committee has now decided not to consider and publish records of these two species after 1st September 1994.

Rare breeding birds: A pair of Barn Swallow *Hirundo rustica* bred in Hamarsfjörður (SE Iceland) and

raised three young. Another pair bred in Fljótshlíð (S Iceland) and raised five young. Four pairs of Siskins *Carduelis spinus* also bred in Fljótshlíð (S Iceland) at the same location as in 1994. Six to eight pairs of House Sparrows *Passer domesticus* raised many young at the same farm in Örafi (SE Iceland), where they have been present since 1985. Two females Shoveler *Anas clypeata* were reported with young in 1995 (on lake Mývatn and in Djúpvogur). No breeding Shelducks *Tadorna tadorna* and Ruddy Ducks *Oxyura jamaicensis* were found, but these two species have bred a few times in recent years. Furthermore, a singing Broad-billed Sandpiper *Limicola falcinellus* was seen (the ninth year in a row at the same location), but breeding was not confirmed this year either! One singing male Brambling *Fringilla montifringilla* was reported in spring.

Common vagrants and winter visitors: As usual all records of Grey Heron *Ardea cinerea*, King Eider *Somateria spectabilis*, Common Goldeneye *Bucephala clangula*, Bar-tailed Godwit *Limosa lapponica* and Curlew *Numenius arquata* are included. Number of records of the following species were well above average: Sooty Shearwater *Puffinus griseus* (the best year ever), Ivory Gull *Pagophila eburnea* (the best year ever), Snowy Owl *Nyctea scandiaca* (the best since at least 1979), Blackcap *Sylvia arcticapilla* (the best year since 1982), Goldcrest *Regulus regulus* (the best year ever). On the other hand, below average were the number of records of Bar-tailed Godwit, Curlew, Wood Pigeon *Columba palumbus*, Common Swift *Apus apus* (only three), Chiffchaff *Pylloscopus collybita* and Willow Warbler *Pylloscopus trochilus*. Only one Lapland Bunting *Calcarius lapponicus* was recorded.

Influxes: An unprecedented influx of Bullfinches *Pyrrhula pyrrhula* occurred in late autumn 1994, when at least 33 birds were reported. This influx continued into 1995, and at the end 100 birds were reported (only 37 birds had been seen before 1994). An influx of Goldcrests *Regulus regulus* started in the first week of October. About 100 birds were seen, including many on a ship off the east coast of Iceland. Only about 275 had been recorded before. Five Red-eyed Vireos *Vireo olivaceus* were reported, all between 18th and 27th October, doubling the records of this species in Iceland.

New species: Three new species were reported in 1995. In April, a Yellow-legged Gull *Larus cachinnans* was seen in Garðabær (SW Iceland). It was of the subspecies *micahellis*. A Mourning Dove *Zenaida macroura* was recorded in October on the island Heimaey off the south coast of Iceland. This is the second record for the Western Palearctic (Gunnlaugur Pétursson 1996). The third species was Magnolia Warbler *Dendroica magnolia*. Two birds were recorded, one at the farm Bakki í A-Landeyjum (S Iceland), where a bird stayed from late September to early December, and another at Seltjörn í Njarðvík (SW Iceland) in October. These two records are the

second and third for the Western Palearctic (Gunnlaugur Pétursson 1997). Included in this report is also the first record of White-winged Scoter *Melanitta fusca deglandi*, a male seen and photographed at Foss í Fossfirði (NW Iceland) in June 1993. This nearctic subspecies (or even species) had not been recorded in Europe before (Arnþór Garðarsson 1997).

Rare vagrants: Other extreme rarities in 1995 include the second record of Swainson's Thrush *Catharus ustulatus*, the third records of Solitary Sandpiper *Tringa solitaria*, Wilson's Phalarope *Phalaropus tricolor* and White-winged Black Tern *Chlidonias leucopterus*, the fourth Great Crested Grebe *Podiceps cristatus*, the fourth Black Brant *Branta bernicla nigricans* and the fifth Citrine Wagtail *Motacilla citreola*. Other very rare species include Tree Sparrow *Passer montanus* (the sixth record and the first for 19 years), no less than five Red-eyed Vireos (sixth to tenth records), Blackpoll Warbler *Dendroica striata* (seventh record), Laughing Gull *Larus atricilla* and Bonaparte's Gull *Larus philadelphia* (the eighth record of each species), and the ninth records of Blue-winged Teal *Anas discors*, Smew *Mergus albellus*, Peregrine Falcon *Falco peregrinus*, American Golden Plover *Pluvialis dominica* and Reed Warbler *Acrocephalus scirpaceus*.

Explanations: The three numbers in parentheses after each species name indicate, respectively: (1) the total number of birds (individuals) seen in Iceland until 1978, (2) in the period 1979-1994, and (3) in 1995 (the present report). In some cases, the number of birds recorded before 1979 have not yet been compiled and is thus indicated by a hyphen (-). For a few very common vagrants or winter visitors no figures are given.

The following details are given for each record: (1) county (abbreviated in bold), (2) locality (in italics), (3) number of birds, if more than one, (4) sex and age, if known, (5) observation date (months may be in words and are then abbreviated), (6) observers (in parentheses, some abbreviated). If a specimen of a bird is preserved at the Icelandic Institute of Natural History, the catalogue number is given [RM].

The following abbreviations are used: ♂ = male, ♀ = female, *par* = pair, *fullo* = adult, *ungf* or *ungur* = immature, *fdl* = found dead, *fnl* = found newly dead, *fld* = found long dead, □ = photographed (or filmed) and identification confirmed by at least one committee member, ☆ = collected (species identification confirmed with a specimen), *amk* = at least, *ofl* = et al., *um* = about, *til* = until, *á fyrsta vetri* = first winter, *árs-gamall* = first summer, *á öðrum vetri* = second winter, *á þriðju sumri* = second summer. Number of birds is usually given in words (*einn*, *ein* or *eitt* = one; *tveir*, *tver* or *tö* = two; *þrír*, *þrjár* or *þrjú* = three; *fjórir*, *fjórar* or *fjögur* = four; *fimm* = five; *sex* = six; etc.).

Gunnlaugur Pétursson, Mel'æ 40, 110 Reykjavík.
Gunnlaugur Pétursson, Gautlandi 21, 108 Reykjavík.

Kambönd á Norðurlandi

Inngangur

Vor og haust 1994 sást kambönd *Mergus cucullatus* á Norðurlandi. Kambönd hefur aðeins einu sinni áður sést hérlandis, en það var á Heimaey árið 1988 (Ævar Petersen 1989). Sá fugl var ófleygur og bar merki frá fuglagarði. Hann hefur því sloppið úr haldi og hugsanlega verið fluttur alla leið til Heimaeyjar. Ekkert bendir til að fuglinn á Norðurlandi 1994 hafi komist undir manna hendur og telst hann því vera fyrsta kamböndin sem flækist hingað.

Kambönd er fiskiönd. Hér á landi verpa tvær tegundir fiskianda, toppönd *M. serrator* og gulönd *M. merganser*. Að auki hefur hvítönd *M. albellus* sést í nokkur skipti hér á landi.

Fullorðnir karlfuglar kambanda í skrautbúningi eru auðgreindir frá öllum öðrum öndum. Kvenfuglar og karlfuglar í felubúningi líkjast nokkuð kvenfuglum toppanda og gulanda en eru þó mun minni, með styttra nef og þéttari kamb. Ungir karlfuglar líkjast kvenfuglum fyrsta veturinn. Á öðru hausti eru karlfuglar að mestu eða öllu leiti komnir í fullorðinsbúning.

Náttúruleg heimkynni kambandar eru í N-Ameríku og kjörlendi hennar eru tjarnir, stöðuvötn og lygnar ár, sjaldan langt frá sjó (Madge & Burn 1988).

Atvik


Þann 21. maí voru Árni Einarsson og Magnús Magnússon við fuglaathuganir að Tjörn í Svarfaðardal. Þar sáu þeir árgamlan kambandarstegg á hornsflaveiðum í tjörnninni. Fuglinn var allur gráleitur, en með hvítan skúf í hnakka sem hann reisti stöku sinnum. Augu voru rauðleit, fætur dökkir og kviður hvítur.

Tveimur dögum síðar, 23. maí fór Gaukur Hjartarson að Tjörn án þess að

finna fuglinn. Erling Ólafsson fór að Tjörn þann 25. maí að leita fuglsins en sú ferð bar heldur engan árangur.

Þann 11. september var Sigurður Gunnarsson að skoða fuglalífið við bæina Sand og Sílalæk í Aðaldal. Umhverfis þessa bæi er mikið votlendi. Þar eru m.a. vötnin Miklavatn og Sílalækjarvatn sem aðskilin eru með stararflóa. Á þessum vötnum er mikið fuglalíf og er þetta einn af þeim stöðum sem skoðaðir eru reglulega af fuglaskoðurum. Á Sílalækjarvatni sá hann önd sem hann þekkti ekki. Hún var álíka stór og skúfendur *Aythya fuligula* sem þarna voru. Fuglinn var allur brúnleitur, en vangar og síður jósari en bak. Hann hafði fremur stutt og mjótt nef, líku nefi toppanda en mun styttra. Öndin hafði kamb á höfði svo höfuðið var hlutfallslega langt.

Næsta dag, 12. september, fóru Gaukur og Ríkarður Ríkarðsson á staðinn. Innan um skúfendur sáu þeir kambönd. Hún flaug fljótt upp og yfir á Miklavatn þar sem hún var síðan skoðuð betur. Fuglinn var dökkur á baki en síður ljósari og brúnleitari. Höfuð, kambur og bringa voru grá-brúnleit. Andlit var heldur dekkra en aftari hluti höfuðs. Fremst á bringu voru hvítir dílar. Hvítar rendur sátust aftarlega í dökkum væng. Fuglinn átti það til að velta sér og sást þá að kviður var ljós. Augu voru skærgul og sátust þannig langt að. Enni reis bratt frá nefi, kollurinn var flatur og langur og endaði í miklum skúf, mun þéttari og stífari en á toppöndum. Vaxtarlag var svipað vaxtarlagi toppanda en fuglinn var þó ekki eins djúpsyndur. Þegar fuglinn var í rólegheitum, t.d. að snyrta sig eða sofandi, spertti hann stélið upp líkt og hrókendur *Oxyura jamaicensis* gera. Þegar hann var að synda milli staða lagði hann

A**B****C**

1. mynd. **A:** Kambandarsteggur í felubúningi 12. september 1994. **B:** Kambandarsteggur í búningaskiptum 19. september 1994. **C:** Kambandarsteggur í fullum skróða 30. september 1994. – Ríkarður Ríkarðsson.

stélið niður að vatnsborðinu, líkt og toppendur. Athugendur töldu fuglinn karlfugl vegna augnlitar og hvítra díla í bringu (1. mynd A).

Næstu daga fór Ríkarður nokkrum sinnum að leita að kamböndinni en án árangurs þangað til 19. september. Þá sá hann kamböndina aftur, rétt sem snöggvast en nógu lengi til að sjá að hún hafði breyst í útliti. Helsta breytingin var að áberandi hvítur blettur var kominn í kambinn (1. mynd B).

Enn sá Ríkarður kamböndina 30. september, nú á Miklavatni. Hún hafði tekið miklum breytingum, og var komin í hnökralausan skrautbúning fullorðins kambandarsteggs. Ríkarður gaf sér góðan tíma til að skoða fuglinn og teikna hann upp (1. mynd C). Eftir þetta sást kamböndin ekki þrátt fyrir ítarlega leit um votlendið 1. október.

Kambendur í Evrópu

Á síðari árum hafa kambendur sést í auknum mæli í Evrópu. Talið er að flestar þeirra hafi sloppið úr haldi. Okkur er kunnugt um eftirfarandi athuganir í Evrópu:

Bretlandseyjar: Ungur kvenfugl veturinn 1830-31, karlfugl veturinn 1854, þar í desember 1878, kvenfugl í janúar 1881, ungur kvenfugl í desember 1957, kvenfugl desember 1983, fullorðinn karlfugl 19. september til 23. desember 1989, kvenfugl 2.-15. júní 1990, kvenfugl 1995-1996. Talið er að þær kambendur sem sést hafa eftir 1957 séu eldisfuglar (Cramp & Simmons 1977, Rogers o.fl. 1993, Dr. Colin Bradshaw bréfl. uppl.).

Þýskaland: Fullorðinn karlfugl 1906. 10 athuganir á 9. áratugnum, taldir vera eldisfuglar (Lewington o.fl. 1991).

Noregur: Fyrsti fuglinn sást í september 1985, annar í júní 1986, þriðji fuglinn (fullorðinn karlfugl) 20.-29. desember 1989 og sá fjórði frá 13. janúar til 20. apríl 1991 sem talin er eldisfugl (Lewington o.fl. 1991, *Brit. Birds* 85: 446, 86: 39, 86: 280 og 87: 4).

Finnland: Fyrsti fugl sást í maí 1989, annar í október til nóvember 1989 og sá þriðji (karlfugl) sást 10.-11. nóvember 1991. Allir fuglarnir eru taldir eldisfuglar (*Brit. Birds* 85: 446 og 86: 38).

Holland: Kambendur hafa sést reglulega síðasta áratug, alls 10-20 fuglar. Lítil meirihluti fuglanna eru kvenfuglar eða ungir karlfuglar. Flestir fuglarnir hafa borið ummerki um eldi og enginn hefur enn verið samþykktur af villtum uppruna. Mikill meiri hluti kambandanna hefur sést inni í landi, jafnvel við aðstæður sem ekki teljast kjörlendi í náttúrulegum heimkynnum. Margar hafa haldið sig í nánasta nágrenni andagarða (Enno B. Ebels bréfl. uppl.).

Belgía: Fyrsti fuglinn sást 22. október 1983, annar (kvenfugl) 7. febrúar 1991 og þriðji (fyrsta árs kvenfugl) frá 26. nóvember 1993 til 17. apríl 1994. Allir fuglarnir taldir vera eldisfuglar (Jan Pollet bréfl. uppl.).

Svíþjóð: Síðan 1985 hafa sést fáeinir fuglar sem taldir eru eldisfuglar. Karlfugl 16.-17. maí 1991, annar 21.-23. mars 1992 og þriðji 31. mars til 10. apríl 1992 (Lewington o.fl. 1991, *Brit. Birds* 86: 39 og 86: 280).

Frakkland: Fyrsti fuglinn sást 12. desember 1983 til 28. janúar 1984, annar í lok ágúst til 12. október 1990 og sá þriðji 17. nóvember 1992 til 23. febrúar 1993. Allir fuglarnir voru karlfuglar og eru taldir eldisfuglar (Jean-Yves Frémont bréfl. uppl.).

Luxemborg: Nokkrar athuganir síðan 1983. Taldir vera eldisfuglar (Lewington o.fl. 1991).

Danmörk: Tvær athuganir, fyrri fuglinn í janúar 1991 og seinni fuglinn (kvenfugl/ungfugl) 8.-11. ágúst 1994, taldir vera eldisfuglar (*Brit. Birds* 90: 240).

Kambendur eru algengar í haldi í fuglagörðum Evrópu. Árið 1988 var vitað um a.m.k. 73 varppör í haldi á 49 stöðum á Bretlandseyjum (*Birding World* 3: 330). Árið 1989 voru skráðir 637 kambandungar í eldi í fuglagörðum í Hollandi og árið 1991 voru þeir orðnir 1437. Talið er

að raunverulegur fjöldi unga hafi verið tvisvar til þrisvar sinnum meiri (Enno B. Ebels bréfl. uppl.).

Vangaveltur

Fremur líklegt er að kamböndin við Sílalæk sé sú sama og við Tjörn þó um það verði ekki sagt með vissu. Fjarlægð milli þessara tveggja staða er aðeins um 48 km í beinni loftlínu. Flestar endur eru lítið á ferðinni að sumarlagi og því líklegt að Sílalækjarfuglinn hafi borist hingað til lands um vorið. Gaukur fór um votlendi að Sandi og Sílalæk 21. maí, þ.e. sama dag og kamböndin fannst að Tjörn. Eftir það vitum við ekki um neinar yfirgripsmiklar athuganir á fuglalífi á svæðinu þar til kamböndin sást á Sílalækjarvatni þann 11. september. Hún gæti því hæglega hafa komið að Sílalæk þegar um vorið, án þess að eftir henni yrði tekið. Við Sílalæk hefur hún fundið kjörlandi við hæfi, lífríkt stöðuvatn við sjó, og því dvalið þar um tíma.

Uppruni kambandarinnar er óviss. Til og með 1957 höfðu sést sjö kambendur í Evrópu og hafa þær trúlega allar komist af sjálfdáðum yfir Atlantshafið. Kambendur voru því þekktar sem flækningar í Evrópu áður en þær fóru að sleppa úr haldi úr andagörðum. Ekki hafa orðið verulegar breytingar á stofnstærð kambanda í N-Ameríku að talið er (Madge & Burn 1988), svo gera má ráð fyrir að tíðni þeirra sem raunverulegra flækingsfugla í Evrópu hafi ekki breyst umtalsvert. Stofnstærðin er fremur lítið þekkt, en upp úr 1960 var vaðstofninn áætlaður um 76.000 einstaklingar (Madge & Burn 1988).

Fuglinn að Tjörn var ársgamall. Við höfum takmarkaða vitneskju um aldur fugla sem sést hafa í Evrópu á undanförunum árum, en ekki er ólíklegt að þar sé að mestu um að ræða fullorðna fugla sem e.t.v. hafa þvælst um í nokkur ár. Aldur fuglsins gæti því fremur bent til ameríksks uppruna. Athugendur sáu engin merki á fótum fuglsins sem styður að fuglinn sé af villtum uppruna.

ÞAKKIR

Gunnlaugur Þráinsson fær sérstakar þakkir fyrir að s. oð við öflun upplýsinga og yfirlestur á greininni. Yann Kolbeinsson þýddi upplýsingar úr frönsku, Gunnlaugur Pétursson las greinina yfir og færði margt til betri vegar og er þeim þakkað. Dr. Colin Bradshaw, Enno B. Ebels, Jean-Yves Frémont og Jan Pollet fá þakkir fyrir að veita upplýsingar um kambendur í Evrópu.

HEIMILDIR

- Cramp, S. & K.E.L. Simmons ritstj. 1977. The Birds of the Western Palearctic. Vol. I. Oxford Univ. Press, Oxford.
- Lewington, I., P. Alström & P. Colston, 1991. A Field Guide to the Rare Birds of Britain and Europe. Domino Books, Harper Collins Publishers, London.
- Madge, S. & H. Burn 1988. Wildfowl. An identification guide to the ducks, geese and swans of the world. Christopher Helm, London.
- Rogers, M.J. & the Rarities Committee 1993. Report on rare birds in Great Britain in 1992. Brit. Birds 86: 447-540.
- Ævar Petersen 1989. Fimm nýjar anda- og spörfugla tegundir á Íslandi. Bliki 8: 56-61.

SUMMARY

Hooded Merganser *Mergus cucullatus* in northern Iceland

On 21st May 1994 an immature male Hooded Merganser *Mergus cucullatus* was seen at Tjörn, Svarfaðardalur, Eyf. (N-Iceland), and from 11th-30th September 1994 a male, presumably the same bird, was present at Miklavatn, Aðaldalur, S-Þing, 48 km east of Tjörn. This is the second Hooded Merganser seen in Iceland. The first record was an escape (close-ringed bird) on the island Heimaey off the south coast in 1988 (see Ævar Petersen 1989). The present bird, on the other hand, has been accepted by the Icelandic Rarities Committee as the first for Iceland.

Hooded Mergansers have been seen in increasing numbers in Europe for the last 10-15 years, but most of them are considered to be escapes. Until 1957 there were six records (including seven birds) in Europe, probably reflecting genuine vagrancy. Hooded Mergansers are common in wildfowl collections in Europe and breed freely. They are not kept in captivity in Iceland.

The Hooded Merganser in Iceland 1994 did not show any signs of captive origin. It was shy and no rings were seen. Both Tjörn and Miklavatn, where the bird was seen, are small shallow freshwater lakes in coastal region as is the species native habitat in N America.

Gaukur Hjartarson, Háagerði 7, 640 Húsavík.
Ríkarður Ríkarðsson, Öldustóð 30, 220 Hafnarfjörður.

Lóan er komin - en hvaðan?

„Lóan er komin að kveða burt snjóinn“ er hending úr ljóði eftir Pál Ólafsson, sem allir Íslendingar þekkja. Koma lóunnar til landsins síðla vetrar er öruggt merki um að vorið sé í nánd. En hvaðan er hún að koma? Þessu greinarkorni verður litið á endurheimtur merktra heiðlóa erlendis til þess að varpa ljósi á hvar þær halda sig á vetrum.

Heiðlóan *Pluvialis apricaria* (1. mynd) er útbreiddur varpfugl á norðurhveli jarðar, allt frá Taymýrskaga í Síberíu til Íslands (Cramp & Simmons 1983). Á A-Grænlandi er heiðlóan fátíður varpfugl (Boertmann 1994). Vetrarheimkynnin eru einkum meðfram ströndum V-Evrópu, frá Norðursjó suður til Portúgal en einnig við Miðjarðarhaf, Kaspíahaf og norðanverða Afriku (Cramp & Simmons 1983). Íslenskar heiðlour teljast til norrænu deilitegundarinnar *P. a. altifrons* og þekkjast frá suðlægu deilitegundinni *P. a. apricaria* á dekkra andliti. Heiðlour af sömu deilitegund og hér, verpa einnig í norðanverðri Skandinavíu og í Síberíu. Varpstofninn íslenski er mjög stór, gróflega áætlaður allt


að 300.000 pör, og sá stærsti í Evrópu (Piersma 1986).

Heiðlóan er alger farfugl á Íslandi eins og í nær öllum varpheimkynnum sínum, nema Bretlandseyjum þar sem hún er staðfugl að hluta. Fyrstu heiðlóurnar koma til Íslands síðla marsmánaðar, en flestar koma í apríl (Árni Waag Hjálmarsson 1982). Varp tíminn er frá miðjum maí fram í ágúst. September yfirgefa flestar lóurnar landið að nýju, en talsvert dvelur þó hér fram í nóvember og stundum jafnvel inn í desember.

Á síðastliðnum 75 árum hafa alls 6411 heiðlour verið merktar á Íslandi, 5397 sem ungar og 1014 sem fullvaxnar (Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirt gögn). Af þessum fuglum hafa 152 endurheimst erlendis. Auk þess hafa fimm fuglar sem merktir voru erlendis endurheimst hér á landi. Íslenskar heiðlour hafa endurheimst víða um vestanverða Evrópu, einkum með ströndum, allt frá Skotlandi í norðri og Danmörku í austri til Marokkó í suðri (2. mynd). Langflestar endurheimtur eru frá vestanverðu svæðinu, aðallega frá Írlandi.

1. Mynd. Heiðlauhópur *Pluvialis apricaria* í Flóa, 15. september 1991. – A flock of Golden Plovers *Pluvialis apricaria*. – Jóhann Óli Hjálmarsson.





2. mynd. Allir endurheimtu- og merkingastaðir heiðlóa erlendis er tengjast Íslandi. – All foreign recovery- and ringing sites of Golden Plovers linked to Iceland.

Í 1. töflu hefur gögnunum verið skipt eftir því í hvaða mánuði fuglarnir endurheimtust. Ekkert mynstur kemur fram sem bendir til að fuglarnir færi sig á milli svæða á vetrarstöðvum. Svo virðist sem heiðlóurnar fari að mestu beint á áfangastað og haldi sig þar vetrarlangt. Athyglisvert er að fyrstu endurheimtur að hausti eru frá sama tíma bæði á Írlandi og í Frakklandi (5. september). Fyrstu endurheimtur að hausti frá Spáni og Portúgal eru frá því í október, sem gæti verið vísbending um að þær hafi haft viðdvöl

annars staðar á leiðinni. Hins vegar bendir ferð fullorðinnar lóu sem merkt var á Íslandi 13. október og náðist á Spáni aðeins átta dögum síðar til beins flugs til vetrarstöðva á Pýreneaskaga. Dæmi er um eina heiðlóu þar sem skemmra leið frá merkingu á Íslandi til endurheimtu erlendis. Sú var merkt 11. september, þá fullorðin, og náðist í Frakklandi rétttri viku síðar. Fáeinar endurheimtur eru frá austurhluta útbreiðslusvæðisins, Danmörku, Þýskalandi, Hollandi og Belgíu, og er engin þeirra frá hávetri.

1. tafla. Fjöldi endurheimta erlendis á heiðlóum merktum á Íslandi (152 fuglar) eftir mánuðum auk merkinga erlendis á heiðlóum sem endurheimst hafa á Íslandi (5 fuglar). Engar lóur hafa endurheimst erlendis mánuðina maí til ágúst. – *Timing of recoveries (n = 152) and ringing (n = 5) abroad of Golden Plovers ringed or recovered in Iceland, shown as number of individuals per month. No recoveries are available from May to August.*

Land Country	Mánuður – Month								Samtals Total
	sep	okt	nov	des	jan	feb	mar	apr	
Írland – Ireland	5	16	5	11	13	9	1	1	61
Skotland – Scotland	2	3		2	2	2		2	13
Wales – Wales				1	1				2
England – England	1	1	2	2	2	2	1		11
Danmörku – Denmark	1								1
Þýskaland – Germany	1								1
Holland – Netherlands			2				1	1	4
Belgía – Belgium							1		1
Frakkland – France	2	4	5	2	4	3	4		24
Spánn – Spain		2	4	3	5	4			18
Portúgal – Portugal		1		4	6	8	1		20
Marokkó – Morocco						1			1
Erlendis alls – Total abroad:	12	27	18	25	33	29	9	4	157

2. tafla. Tímasetning merkinga á íslenskum heiðlóum sem endurheimst hafa erlendis, ásamt aldri þeirra við merkingu. Engar merkingar hafa farið fram vetrarmánuðina nóvember til mars. – *Age when ringed and month of ringing for Golden Plovers in Iceland. No Golden Plovers have been ringed in Iceland during winter (November – March).*

Aldur Age	Mánuður – Month							Samtals Total
	apr	maí	jún	júl	ág	sep	okt	
Ófleygur ungi – Unfledged chick			30	43	6	3		82
Fullv. á 1. ári – Fullgrown 1st year	1			1	6	10	11	29
Fullorðin – Adult, >1 yr	8	1	7	4	5	4	11	40
Samtals – Total	9	1	37	48	17	17	22	151

Alls voru 110 heiðlóanna sem endurheimst hafa erlendis, á þekktum aldri þegar þær voru merktar, annað hvort ófleygir eða fullvaxnir ungar (2. tafla). Ef aldur þessara fugla við endurheimtu er skoðaður fást vísbendingar um aldursamsetningu stofnsins og lífslíkur fullvaxinna heiðlóa. Meirihluti fuglanna, eða 60 einstaklingar, endurheimtust meðan þeir voru enn á fyrsta ári (55%), 16 á öðru ári, 10 á þriðja ári, 9 á fjórða ári, 4 á fimmta ári, 5 á sjötta ári, 5 á sjöunda ári og loks 1 á því áttunda. Eins og hjá flestum öðrum fuglategundum eru dauðsföll yfirgnæfandi nest meðal ungfugla en minnka síðan. Af heiðlóum sem náð hafa eins árs aldri deyja að meðaltali 35% þeirra á ári. Aldursforsetinn í þessum hópi var merktur sem ófleygur ungi í Hörgárdal í Eyjafirði 5. júlí 1939 og náðist 17. febrúar 1947 á Írlandi, sjö og hálfs árs að aldri.

Skotveiðar á heiðlóum eru leyfðar víða í V-Evrópu og hafa til skamms tíma verið vinsæl íþrótt í mörgum löndum. Sé litið á orsakir endurheimta kemur í ljós að langflestar voru lóurnar skotnar eða 124 af 157 (79%). Hinar 33 fundust dauðar eða slasaðar úti í náttúrunni. Líkur á að merki finnist á veiddum fuglum eru margfalt meiri en að þau finnist á þeim sem deyja af náttúrulegum orsökum. Þetta háa hlutfall veiddra fugla segir okkur því ekkert um hve stór hluti stofnsins verði byssumönnunum að bráð. Ef við leikum okkur að tölum og gefum okkur eftirfarandi forsendur: (1) að fimmtungur merktra unga komist á legg (aðeins 82 lóur af 5397 (1,5%) sem merktar voru sem ófleygir ungar endurheimtust erlendis, samanborið við 70 af 1014 (6,8%) sem merktar voru fullvaxnar), (2) að allar lóur sem merktar voru fullvaxnar yfirgefi landið og (3) að helmingur veiðimanna skili merkjum, þá fæst að um 12% stofnsins falli fyrir veiðimönnum. Þessi tala er hrein ágiskun, en sýnir þó að líklegast deyr yfirgnæfandi meirihluti fuglanna af öðrum orsökum en skotveiðum. Hlutfall veiddra fugla af þeim sem tilkynntir eru dauðir, eftir tímabilum, getur hinsvegar gefið vísbendingar um breyting-

ar í sókn á stofninn. Á árabílinu 1921-1940 voru 36 af 47 (77%) endurheimtum heiðlóum veiddar, 1941-1960 veiddust 42 af 44 (95%), 1961-1980 veiddust 36 af 43 (84%) og loks á árunum 1981-1995 veiddust aðeins 10 af 18 (55%). Þessi samanburður bendir til að á síðustu árum hafi dregið nokkuð úr veiðum á heiðlóu á vetrarstöðvum hennar.

HEIMILDIR

- Árni Waag Hjálmarsson 1982. Vaðfuglar. Rit Landverndar 8:117-148.
- Boertmann, D. 1994. An annotated checklist to the birds of Greenland. Meddelelser om Grønland, Bioscience 38:1-63.
- Cramp, S. & K.E.L. Simmons (ritstj.) 1983. The birds of the Western Palearctic. Vol. III. Waders to Gulls. Oxford University Press, Oxford.
- Piersma, T. (ritstj.) 1986. Breeding waders in Europe. Wader Study Group Bulletin 48, Supplement.

SUMMARY

Winter distribution of Icelandic Golden Plovers *Pluvialis apricaria*

Between 1921 and 1995 a total of 6,411 Golden Plovers were ringed in Iceland. Of these 5,397 were ringed as unfledged chicks and 1014 as fullgrown (1st year or older). A total of 152 Icelandic ringed Golden Plovers have been recovered abroad. Furthermore, five Golden Plover ringed abroad have been recovered in Iceland.

The winter quarters of Icelandic Golden Plovers range from Scotland in north, Denmark in east, Portugal in west and Morocco in south (Fig. 2). Most of the recoveries are from the western part of the range, Ireland, France, Spain and Portugal (Table I). First recoveries in autumn are from 5 September (Ireland, France). That the first recoveries both from Spain and Portugal date from October may indicate intermediate stopover sites, although one recovery in Spain 13 October 8 days after ringing in Iceland shows that this migration can be achieved without prolonged interruptions.

Out of 110 birds ringed as unfledged or fledged chicks 50 (55%) were recovered during the 1st winter, 16 in 2nd winter, 10 in 3rd, nine in 4th, four in 5th, five in 6th, five in 7th and finally one in the 8th. Annual mortality of Icelandic Golden Plovers more than one year old is on average 35%. The recovery rate varies considerably between age groups ringed, being 1.5% for birds ringed as unfledged chicks and 6.8% for those ringed as fullgrown.

G. Þundur A. Guðmundsson, Náttúrfræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

Þyngdartap æðarkolla *Somateria mollissima* á álegutíma

Inngangur

Fullorðnar æðarkollur *Somateria mollissima* eru undir miklu álagi um varptímann og athuganir hafa sýnt að um eða yfir helmingur dauðsfalla þeirra eigi sér stað á þeim tíma (Milne 1963, Coulson 1984). Álagið stafar af föstu kollanna, en eftir að þær hefja álegu éta þær lítið sem ekkert (Finnur Guðmundsson 1932, Tinbergen 1958, Milne 1963, Cooch 1965, Korschgen 1977). Um þremur mánuðum fyrir varp auka æðarkollur fæðunám sitt svo um munar og síðustu vikurnar éta þær helmingi meira en blikarnir (Gorman & Milne 1971). Á þessum tíma bæta kollurnar á sig miklum fituförða og eggjahvítuefnum. Útungun tekur að jafnaði 24-26 daga (Parker & Holm 1990, Kristinn H. Skarphéðinsson

1993, Jón Guðmundsson & Ævar Petersen, óbirt gögn) og á þeim tíma nota kollur orkuförðann sem þær safna fyrir varp og meira til, því í lok útungunartímans eru þær mjög horaðar og oft illa á sig komnar (Gorman & Milne 1971).

Sýnt hefur verið fram á að æðarkollur sem hafa orpið a.m.k. einu sinni sleppa því að verpa sum ár (Coulson 1984). Með því að verpa í slæmu líkamlegu ástandi aukast líkur á ótímabærum dauða og þá með minni heildar ungaframleiðslu yfir ævina. Langfir fuglar eins og æðarluglar, sem geta orðið áratuga gamlir, geta vænst þess að verpa mörgum sinnum og koma á legg ungum þegar skilyrði eru góð og því skiptir það ekki miklu fyrir þá að sleppa varpi einstaka ár.



1. mynd. Æðarkolla á hreiðri. – *Incubating female Eider*. – Jóhann Óli Hilmarsson.

Á árunum 1982-84 stóð Náttúrufræðistofnun Íslands að margþættum athugunum á æðarfuglum í Æðey í Ísafjarðardjúpi. Einn þátturinn fólst í að kanna þyngd æðarkolla á álegutíma, en þyngd getur gefið vísbendingar um almennt ástand fuglanna fyrir varp. Markmiðið var að afla upplýsinga um ástand æðarkolla í upphafi varptíma og álag útungunar á þær. Fyrir varp þurfa þær að ná ákveðinni lágmarksþyngd til að halda áleguna út og sú þyngd gæti verið mælikvarði á ástand mikilvægra umhverfispáttá, s.s. fæðuframboðs síðustu vikur fyrir varp.

Rannsóknarsvæði og aðferðir

Athuganir fóru fram í Æðey í Ísafjarðardjúpi (66°06'N, 22°40'V) á árunum 1982-84. Eyjan er um 2 km² að flatarmáli og til hennar teljast að auki þrír hólmar. Yfirborð hennar er nokkuð óslétt og einkennist af hólum og mýrlendi. Eyjan er vel gróin, en gróðurinn er frekar einhæfur, votlendis- eða vallendisgróður. Á hæstu hólunum finnst ögn af lynggróðri en á vallendinu er mosi ríkjandi. Búseta mannsins hefur haft mikil áhrif á gróðurinn, en í Æðey hefur verið búið í ár-hundruð og búskapurinn oft á tíðum mikill.

Æðarvarpið er undirstaða búskapar í Æðey en það hefur lengi verið eitt af þeim stærstu á Íslandi (Sigurður Stefánsson 1917). Æðarfuglar verpa um alla eyju, en einkum þó á óræktuðu svæðunum, svo og í hólmunum.

Þrjú ár í röð, 1982-84, voru æðarkollur vigtaðar á hreiðrum á ýmsum stígum varps. Þær voru veiddar með háfi og vegnar í léreftspoka með 5 kg gormvog (± 10 g) og þyngd pokans dregin frá jafnóðum. Hver kolla var vegin aðeins einu sinni. Kollurnar voru merktar með stálhring á fót eða lesið af merkinu ef þær höfðu áður verið merktar.

Til að spá fyrir um hve langt var liðið álegu var notuð aðferð sem byggist á breytingu eðlisþyngdar eggja yfir álegutímann (Hoyt 1979, Furness & Furness 1981). Öll

egg í hreiðri voru vegin með gormvog (± 1 g) og lengd og breidd þeirra mæld með rennimáli ($\pm 0,1$ mm). Rúmmál eggjanna var síðan reiknað út frá þeirri forsendu að öll egg hafi sömu lögun og að rúmmál sé fall af lengd og breidd eggjanna (Furness & Furness 1981). Út frá áætluðu rúmmáli var síðan eðlisþyngd eggjanna reiknuð og í framhaldi af því fjöldi álegudaga. Talið er að með þessari aðferð sé unnt sé að spá fyrir um útungunarstig eggja með 95% nákvæmni (Hario 1983).

Öll útvinna var unnin af lóni Guðmundssyni ásamt aðstoðarmanni.

Niðurstöður og umræður

Athugun okkar í Æðey leiddi í ljós að æðarkollur léttust verulega yfir varptímann. Samkvæmt aðhvarfsgreiningu var munur á meðalþyngd æðarkolla í upphafi og við lok álegutímans tölfræðilega mjög marktækur öll árin (1982: $F=244$, frítala=177, $P<0,001$; 1983: $F=77$, frítala=77, $P<0,001$; 1984: $F=118$, frítala=107, $P<0,001$). Kollur léttust um 18-21 g á dag á álegutímanum, minnst árið 1984 en mest árið 1983 og þyngdartap yfir álegutímann nam 26-29% af þyngd í upphafi álegu (1. tafla). Þar sem munur milli ára var ekki tölfræðilega marktækur var gögnum árána þriggja slegið saman í eina heild. Að meðaltali léttust kollur um 19 g á dag á álegutímanum og þyngdartapið nam 27% af þyngd í upphafi álegu. Niðurstöður aðhvarfsgreiningar eru í 1. töflu og á 2. mynd.

Athuganir annarra ber að sama brunninn þó í flestum tilfellum sé þyngdartapið aðeins meira en í okkar athugun. Þannig komst Milne (1976) að þeirri niðurstöðu að æðarkollur á Forvie í Skotlandi léttust um allt að 30% eftir að álega hófst og niðurstöður Korschgens (1977) bentu til að kollur í Maine í Bandaríkjunum léttust um 32%. Parker & Holm (1990) reiknuðu út að kollur í Ny-Ålesund á Svalbarða léttust um 25% yfir álegutímann, en athugun á sama stað ári síðar leiddi í ljós að kollur léttust um 36% (Gabrielsen o.fl. 1991).


1. tafla. Niðurstöður aðhvarfsgreiningar. – *Results of the regression analysis.*

Ár	n	Þyngd við upphaf álegu (g)	Þyngd við klak (g)	Þyngdartap	Jafna aðhvarfslínu
<i>Year</i>	<i>n</i>	<i>Body mass at the start of incubation (g)</i>	<i>Body mass at hatching (g)</i>	<i>Weight loss</i>	<i>Linear regression</i>
1982	178	1795	1304	27%	$y = 1795 - 18,9 x$
1983	78	1820	1286	29%	$y = 1820 - 20,5 x$
1984	108	1782	1314	26%	$y = 1782 - 18,0 x$
1982-84	364	1797	1304	27%	$y = 1797 - 18,9 x$

Munur milli athugana felst ef til vill í mismunandi rannsóknaraðferðum, en einnig er líklegt að munur á veðurfari eftir svæðum og árum sem og ástand fugla skipti máli.

Sjálfsgagt er engin ein ástæða fyrir því að fasta þróaðist hjá æðarkollum. Milne (1976) heldur því fram að hún hafi þróast vegna afræningja sem ættu auðveldara með að ræna hreiður kollanna ef þær fara mikið frá til fæðuöflunar. Korschgen (1977) er sömu skoðunar. Kostir þess að fara sjaldan af hreiðri eru augljósir á þeim stöðum þar sem eggjarán er mikið, enda getur afrán verið háð því hve oft og hve

lengi í senn kollur yfirgefa hreiðrin. Ef þetta er rétt ættu kollur að byrja fyrr að liggja á og vera lengur á hverju sinni þar sem afrán er mikið en þar sem afrán er lítið. Útungunartími ætti jafnframt að vera styttri þar sem afrán er mikið, því fósturþroskinn ætti að ganga hraðar fyrir sig þegar legið er stöðugt á. Slíkt mætti skoða með samanburðarrannsóknum. Rannsókn á varpháttum æðarfugls í Æðey árið 1982 leiddi í ljós að talsvert afrán átti sér stað í eyjunni. Áætlað var að 18% af heildarfjölda eggja hafi verið rænt (Jón Guðmundsson & Ævar Petersen, óbirt gögn). Meðalfjöldi eggja var um 4 egg í hreiðri og



2. mynd. Þyngd æðarkolla á mismunandi álegudögum yfir varptímann 1982-84. – *Body mass of female Eiders in Æðey at different incubation days during the incubation period.*

athugunin sýndi að 8% æðarkolla byrjuðu að liggja stöðugt á við fyrsta egg, 41% við annað, 31% við þriðja egg, 16% við það fjórða og 4% við fimmta egg. Öllum eggjum í hreiðri var orpið að meðaltali á fjórum dögum.

Veðurfar gæti, eins og afrán, átt sinn þátt í að fasta þróaðist hjá æðarfuglum. Þegar kalt er í veðri geta langar fjarvistir af hreiðri aukið hættu á að egg kólni og fóstur drepist. Eftir því sem kolla er lengur í burtu af hreiðri þarf hún að eyða meiri orku til að hita egginn aftur (Gabrielsen & Steen 1979, Biebach 1986, Tzien o.fl. 1986). Á köldum dögum er það því kostur að kollan liggi sem fastast á hreiðri sínu. Búast má við að kollur léttist meira í köldu veðri en hlýju, því meiri orka fer í að halda hita á sér og eggjunum. Niðurstöður okkar styðja að einhverju leyti þessa hugmynd því árið 1983 var eitt af köldustu árum aldarinnar, sérstaklega tímabilið apríl-ágúst (Veðráttan 1982-1984). Meðalhiti yfir varptímamann þetta ár var lægri en árin á undan og eftir og kollur léttust að meðaltali mest, um 29% (1. tafla). Í upphafi álegu voru kollur að meðaltali þyngst- ar árið 1983 en við lok álegutímans voru þær léttari en árið áður og eftir.

Niðurstöður okkar gætu bent til að í köldum árum sé hagstætt fyrir kollur að vera þungar. Við skiptum kollum í tvo hópa; þær sem lentu fyrir neðan aðhvarfs- línu voru skilgreindar sem „léttar“ kollur og þær sem voru fyrir ofan línuna voru skilgreindar „þungar“. Þegar við athuguð- um hvort þessir tveir hópar léttust hlut- fallslega jafnmikið kom í ljós að munurinn var nánast enginn árin 1982 og 1984. Árið 1983 var munur á þyngdartapi léttara og þunga kolla hins vegar meiri, léttar kollur léttust um 33% en þungar um 27%. Niðurstöður prófa sýndu þó að munurinn var ekki tölfraðilega marktækur (1982: $t=0,922$, $df=175$, $P>0,05$; 1983: $t=1,020$, $df=75$, $P>0,05$; 1984: $t=0,710$, $df=105$, $P>0,05$). Hafa ber í huga að skipting okkar í „léttar“ og „þungar“ kollur gefur ekki endilega rétta mynd því kollur geta verið

stórar og þungar en jafnframt horaðar og léttar kollur geta verið litlar en hold- miklar.

Samkvæmt Coulson (1984) sleppa hlut- fallslega margar æðarkollur því að verpa í hörðum árum og þær sem verpa eiga fá egg. Það bendir til að köld ár séu slæm fyrir stofninn í heild. Í athugun okkar var meðalfjöldi eggja mestur kaldasta árið, 1983, eða 4,28 egg (s.f. 0,92 egg) í hreiðri (óbirt gögn N.Í.), og það ár voru kollur að meðaltali þyngst í upphafi álegu. Þetta bendir til að þrátt fyrir kalt ár hafi það ekki verið slæmt fyrir stofninn í heild. Fugl- arnir höfðu fullan aðgang að fæðustöðvum sínum allan veturinn fram að varpi og náðu birgja sig vel upp fyrir varp.

Gera má ráð fyrir að æðarkollur þoli ekki að léttast niður fyrir ákveðna þyngd. Korschgen (1977) yfirfærði niðurstöður athuganna á öðrum sundfuglum yfir á æð- arkollur og sagði að samkvæmt þeim þyldu þær ekki að léttast meira en 44% eftir að álega hefðist, eða niður fyrir 1070 g. Léttasta kollan í Æðey var 1040 g á 26. degi álegu árið 1982 og ef útreikningar Korschgens eru réttir ætti hún ekki að hafa lifað af marga daga til viðbótar á hreiðr- inu. Þó ber að hafa í huga að munur getur verið milli undirtegunda, en íslenska und- irtegundin *S. m. borealis* er ívið smærri en *S. m. dresseri* sem Korschgen (1977) at- hugaði í Bandaríkjunum (Palmer 1976). Í varpinu fundust fáeinar kollur dauðar á hreiðrum, en gögn um þyngd þeirra eru ekki til. Alla jafna léttast æðarkollur þó ekki svo mikið að þær séu nálægt hættu- mörkum.

Það er ljóst að með þeirri ákvörðun að verpa stíga æðarkollur stórt skref því þeirra biður mikið líkamlegt álag sem get- ur beinlínis verið hættulegt lífi þeirra ef þær ganga of nærri sér. Kollur sem hefja varp án þess að hafa nægar orkubirgðir til að halda út föstuna neyðast til að yfirgefa varpið því annars gætu þær átt á hættu að drepast. Það álag sem fylgir föstu veldur minnkandi viðnámsþrotti gegn ýmsum sjúkdómum, og þéttleiki fuglanna um

varptímann veldur því að smithætta er meiri en á öðrum árstíma (Korschgen 1977). Ef kollur er sýktar af sníkjudýrum þegar þær leggja út í varp getur það auðveldlega haft áhrif á lífslíkur þeirra og varpárangur ef sýkingin er á háu stigi (Karl Skírnisson o.fl. 1996). Þess vegna má búast við að sníkjudýrasýking geti haft áhrif á ákvörðun kollu hvort hún verpi og hversu mikið hún á að leggja í varpið (Skorping 1996).

Af því sem hér hefur komið fram er ljóst að það er ekki einföld ákvörðun hjá æðarkollu hvort hún eigi að verpa eða ekki. Eitt er þó víst, að það er skynsamlegt hjá kollu sem á einhvern hátt er ekki nógu vel stödd fyrir varp, hvort sem það er orku- eða heilsufarslega séð, að sleppa varpi algjörlega það árið og reyna frekar næsta ár á eftir. Hún gæti unnið það upp seinna.

ÞAKKIR

Þorvarður Árnason aðstoðaði við útvinnu summaríð 1982. Þau ár sem rannsóknin fór fram tóku ábúendur í Æðey, Jónas Helgason og Katrín Axiúsdóttir, athugunarmenn inn á heimili sitt og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir það og aðra aðstoð sem þau veittu.

HEIMILDIR

- Biebach, H. 1986. Energetic cost of incubation on different clutch sizes in starlings *Sturnus vulgaris*. *Ardea* 69: 141-142.
- Cooch, F.G. 1965. The breeding biology and management of the Northern Eider (*Somateria mollissima borealis*) in the Cape Dorset area, Northwest Territories. *Wildl. Mgmt. Bull.* 2. ser., 10: 1-66.
- Coulson, J.C. 1984. The population dynamics of the Eider Duck *Somateria mollissima* and evidence of extensive non-breeding by adult ducks. *Ibis* 126: 525-543.
- Finnur Guðmundsson 1932. Beobachtungen an isländischen Eiderenten (*Somateria mollissima*). *Beitr. Fortpfl. Biol. Vögel* 8: 85-93.
- Furness, R.W. & B. L. Furness 1981. A technique for estimating the hatching dates of eggs of unknown laying date. *Ibis* 123: 98-102.
- Gabrielsen, G.W. & J.B. Steen 1979. Tachycardia during egg hypothermia in incubating ptarmigan *Lagopus lagopus*. *Acta Phys. Scand.* 107: 273-277.
- Gabrielsen, G.W., F. Mehlum, H.E. Karlsen, Ø. Andreassen & H. Parker, 1991. Energy cost during incubation and thermoregulation in the female Common Eider *Somateria mollissima*. *Norsk*

Po arinstitutt Skrifter 195: 51-62.

- Gorman, M. L. & H. Milne 1971. Seasonal changes in the adrenal steroid tissue of the Common Eider (*Somateria mollissima*) and its relation to organic metabolism in normal and oil-polluted birds. *Ibis* 113: 218-228.
- Hario, M. 1983. Weight loss of incubating female Eiders. *Suomen Riista* 30: 28-33. (Á finnsku með enskum útdrátti).
- Hoyt, D. F. 1979. Practical methods of estimating volume and fresh weight of bird eggs. *Auk* 96: 73-77.
- Karl Skírnisson, Áki Á. Jónsson, Arnór Þ. Sigfússon & Sigurður Sigurðarson 1996. Seasonal changes of the food composition and condition of the Common Eider in Iceland. *Bull. Scand. Soc. Parasitol.* 6(2): 127-128.
- Korschgen, C.E. 1977. Breeding stress of female Eiders in Maine. *J. Wildl. Mgmt.* 41(3): 360-373.
- Kristinn H. Skarphéðinsson 1993. Tjón af völdum arna í æðarvörpum. Skýrsla unnin af Náttúrufræðistofnun Íslands fyrir Umhverfisráðuneytið. Reykjavík 1993.
- Milne, H. 1963. Seasonal distribution and breeding biology of the Eider, *Somateria mollissima* L., in the north-east Scotland., Aberdeen Univ., Ph.D. Thesis.
- Milne, H. 1976. Body weights and carcass composition of the Common Eider. *Wildfowl* 27: 115-122.
- Palmer, R.S. (ritstjóri) 1976. *Handbook of North American Birds*. Vol. 3. Yale University Press, New Haven and London.
- Parker, H. & H. Holm 1990. Patterns of nutrient and energy expenditure in female Common Eiders nesting in the High Arctic. *Auk* 107: 660-668.
- Sigurður Stefánsson 1917. Æðarvarp á Íslandi að fornu og nýju. *Búnaðarrit* 31(1-2): 1-61.
- Skorping, A. 1996. Why should marine and coastal bird ecologists bother about parasites? *Bull. Scand. Soc. Parasitol.* 6(2): 98-102.
- Tinbergen, N. 1958. *Curious naturalists*. Country Life Ltd., London.
- Tzien, Z., A. Aulie & J.B. Steen 1986. Thermoregulatory responses to egg cooling in incubating bantam hens. *J. Comp. Physiol. B.* 156: 303-307.
- Veðráttan 1982-84. Ársýfirlit tekið saman af Veðurstofu Íslands.

SUMMARY

Weight loss of female Eiders *Somateria mollissima* during incubation

Female Eiders *Somateria mollissima* eat little or not at all during incubation (Guðmundsson 1932, Tinbergen 1958, Milne 1963, Cooch 1965, Korschgen 1977) and after incubating for 24-26 days (Parker & Holm 1990, Skarphéðinsson 1993, Guðmundsson & Petersen, unpubl. data) the females have lost considerable weight and sometimes die of starvation (Gorman & Milne 1971). About half of the adult female mortal-

ity occurs during the breeding season (Milne 1963, Coulson 1984).

In 1982-84 The Icelandic Institute of Natural History conducted extensive studies on Common Eiders on Aðey, an island in the fjord of 'safjardardjúp, NW-Iceland (66°06'N, 22°40'W). One part was to study the weight of incubating female Eiders, since weight could give information about the physical condition of the birds before breeding. Our aim was to get some information on body condition of female Eiders in the beginning of incubation, and the physiological stress related to the incubation period.

Altogether 364 nesting female Eiders were captured by a handnet, and weighed with a 5,0 kg (± 10 g) spring scale. To estimate the stage of incubation we used a method based on calculating the egg density (Hoyt 1979, Furness & Furness 1981). We weighed the eggs using a spring scale (± 1 g), and measured their length and width with vernier calipers (± 1 mm).

Our study indicates that the weight of female Eiders decreases significantly after they start incubating. Based on regression analysis the difference between the mean weight of females in the beginning, and at the end of the incubation period was highly significant in all the years (1982: $F=244$, $df=177$, $P<0.001$; 1983: $F=77$, $df=77$, $P<0.001$; 1984: $F=118$, $df=107$, $P<0.01$). Females lost 18-21 g each day after they started incubating and the weight loss during the incubation period amounted to as much as 26-29% (Tab. 1). Since the difference between years was not statistically significant the data from all years was pooled (Fig. 1), where the mean mass loss was 19 g per day during incubation and 27% at the end of incubation.

Other studies have indicated the same, but often the weight loss recorded is slightly greater than we found (30%, Milne 1976; 32%, Korschgen 1977; 25%, Parker & Holm 1990; 36%, Gabrielsen *et al.* 1991). The difference between studies may partly be due to methodological differences, but the weather in different places and different years, and birds condition, could also have some effects.

There are several factors which may have effected the evolution of the pattern of reproduction in which Eider females abstain from feeding throughout 24-26 days. Egg predation which can occur when females leave their nest (Milne 1976, Korschgen 1977) and climate are probably the two most important factors. The advantage of abandoning nests as seldom as possible is obvious in places where egg-predation is extensive, since predation can be relative to how often females leave their nests and for how long. In cold weather, abandoning the nest could result in cooling the eggs and the embryos could die. The longer time spent away from a nest, the more energy is needed to reheat the eggs (Gabrielsen & Steen 1979, Biebach 1986, Tøien *et al.* 1986). Our results support the idea that female Eiders lose more weight in cold weather than warm, since 1983 was one of the coldest year in this century,

especially in April-August (Veðráttan 1982-1984). That year weather during the incubation period was colder than the years before and after, and females lost more weight (29%), probably due to heat loss.

According to Coulson (1984) as much as 65% of female Eiders, which had already bred at least once, failed to nest in years in which survival was potentially poor. Common Eiders are long-lived birds, and they can expect to lay eggs often and raise chicks when conditions are beneficial. When high proportion of females were non-breeders smaller clutches were laid by those females which nested, indicating that the year was bad for the whole population. In our study the mean clutch size was biggest in 1983, 4.28 eggs per nest ($SD = 0.92$) (unpubl. data - Icel. Inst. of Nat. Hist.), and then the mean weight of females was highest. That indicates that despite cold breeding season it was not bad for the breeding birds, presumably because of favourable feeding conditions in the prelaying period.

Korschgen (1977) applied the weight loss percentage prior to death observed for other waterfowl to Eiders and found that they could not tolerate a loss of more than 44% of weight at the start of incubation, and the terminal death weight would be 1070 g. We found a few females lying dead in their nests, but we have no data on their weight. Usually though female Eiders do not reach this terminal weight.

It is obvious that when female Eiders decide to breed they take a big step, since the physiological stress related to the incubation could practically danger their lives. Females which start breeding without having enough energy supplies are forced to desert their nests to save themselves from death. The stress during incubation undoubtedly causes the females to be more vulnerable to various diseases, and they run higher risk of being infected than in other parts of the year since the birds are at higher densities while breeding (Korschgen 1977). If females are infected by parasites when they start breeding it can easily affect their condition and reproductive success, especially when the infection is massive (Skírnisson *et al.* 1996). Therefore it can be expected that parasite load may affect a female's decision on when to reproduce and how much resources should be spent (Skorping 1996).

It is clear that it is not simple for a female Eiders to decide whether she should breed or not. One thing is clear though, that if a female is in some way not ready to breed she should wait since she can make up for loss in reproduction in later years when conditions are better without endangering her survival.

María Harðardóttir, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

Jón Guðmundsson, Heilbrigðiseftirlit Kópavogs, Fannborg 2, 200 Kópavogur.

Ævar Petersen, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

Korpönd að vestan

Korpönd *Melanitta fusca* er alltíður flækingsfugl hérlandis og hefur sést víðs vegar með ströndum landsins. Oftast eru þetta steggir, sem halda sig innan um æða-fugl *Somateria mollissima*, en hafa einnig sést í hrafnsandahópum *Melanitta nigra*. Kvenfuglar eða ungfuglar koma sjaldan fyrir. Stundum hafa korpandar-steggir sést hér ár eftir ár á svipuðum slóðum og er þar trúlega um að ræða sömu einstaklingana, enda er korpöndin eflaust langlífur fugl svo sem skyldar tegundir kafanda.


Korpöndin er fremur stór önd, steggurinn vegur um 1700 g og kollan lítið eitt minna. Steggurinn er svartur með hvíta vængspegla og hvítan blett undir auga. Nefið er að mestu rauðleitt eða gulleitt, en svartur hnúður við nefrótina, fætur eru rauðir. Kvenfuglinn er dökkbrúnn með hvíta

vængspegla og ljósleitan blett framan og aftan við auga. Ungfuglar á fyrsta hausti líkjast kvenfuglum en eru jósari að neðan.

Korpöndin er útbreiddur varpfugl við vötn norðan til í barrskógabeltinu og einnig norðan skógarmarka, aðallega milli 55° og 70° norðurbreiddar. Vetrarstöðvarnar eru meðfram ströndum N-Atlantshafs og N-Kyrrahafs. Tegundin skiptist í þrjár undirtegundir. Norður-Evrópu er *M. fusca fusca* (L.), í Austur-Asíu er *M. fusca stejnegeri* (Ridgway) og í Norður-Ameríku *M. fusca deglandi* (Bonaparte).

Útlitseinkenni steggja af þessum þremur undirtegundum eru fremur glögg (sjá til dæmis Dwight 1914, Palmer 1976, Cramp & Simmons 1977), en þau eru sem hér segir (1. mynd):

M. fusca fusca: lágur nefhnúður, ílangar nasir, svartar bolhliðar.



Melanitta fusca deglandi

M. fusca fusca

M. fusca stejnegeri

1. mynd. Undirtegundir korpandar: höfuð steggja séð af hlið og að ofan. Takið eftir neflagi, sérstaklega nefhnúð og nösum og fiðurjaðri ofan við nefið sem er V-laga á *deglandi* en þverstýfður á hinum. – *Subspecies of White-winged Scoter: heads of males seen from the side and from above. Only deglandi has V-shaped frontal feathering.*



2. mynd. Korpandarsteggur við æðarhreiður í Fossfirði sunnanvert við Arnarfjörð, 3. júní 1993. Takið eftir einkennum undirtegundarinnar *Melanitta fusca deglandi*: hár kúlulaga nefhnúður, kringlóttar nasir, brúnar bolhliðar. Ef grannt er skoðað má sjá fiður ofan á nefhnúð. – An adult male White-winged Scoter paired to a nesting female eider, photographed at Foss in Arnarfjörður, Northwest Iceland on 3 June 1993. This bird shows the characteristics of *M. fusca deglandi*: high rounded knob at base of bill, round nostrils, rich brown flanks; close scrutiny reveals feathering on top of the bill knob. – Arnþór Garðarsson.

M. fusca stejnegeri: hár nefhnúður myndar horn að framan, kringlóttar nasir, svartar bolhliðar.

M. fusca deglandi: hár kúlulaga nefhnúður, kringlóttar nasir, fagurbrúnar bolhliðar. Bæði steggir og kollur deglandi greina sig auk þess á öllum aldri frá *fusca* og *stejnegeri* á því að fiðurjaðar ofan á nefi gengur fram í V-laga totu, í stað þess að vera þverstíður (1. mynd). Lýsingar á þessu einkenni eru óljósar í ritum og hef ég staðfest þetta með því að skoða eintök í söfnum, aðallega breska náttúrufræðisafninu í Tring á Englandi.

Til eru tvö safneintök af korpönd frá Íslandi, hvort tveggja fullorðnir steggir og sýna báðir öll einkenni norður-evrópsku undirtegundarinnar *fusca*. Hamirnir eru af

fugli sem náðist veikur eða örmagna á Patreksfirði 8. apríl 1953 (Náttúrufræðistofnun Íslands, nr. RM 1102) og fugli sem sást í æðarvarpi við Hofstaði í Helgafellssveit og fannst þar dauður 12. júní 1994 (RM 10951, sbr. Gunnlaugur Þráinsson o.fl. 1995b).

Hinn 3. júní 1993 ók ég fram á korpandarstegg þar sem þjóðvegurinn liggur ofan við flæðarmálið við bæinn Foss í Fossfirði sunnanvert við Arnarfjörð (sbr. Gunnlaugur Þráinsson o.fl. 1995a). Þarna var töluvert æðarvarp á þanghrönnum við efstu flóðmörk. Æðarblikar sátu víða við hreiðrin og umræddur korpandarsteggur sat einnig við æðarhreiður. Er ekki að orðlengja það að steggurinn var ljósmyndaður á stuttu færi uns kollan fældist af hreiðrinu

og fylgdi hann henni eftir ásamt vænum hóp æðarblika, fyrst út á sjó og síðan upp í fjöru. Athyglisvert var að í samanburði við æðarblikana, sem eru mestu léttfetar og trítluðu reigðir á eftir kollunni, var korp- andarsteggurinn nærri ófær til gangs og brólti eða flögraði þess í stað. Ekki vannst tími til að tefja lengi við fuglaskoðun þar á sjávarbakkanum við Foss og var þessi at- hugun látin duga. Nánari skoðun mynd- anna leiðir hins vegar í ljós að korpandar- steggurinn, sem hér hafði látið tælast af æðarkollu, ber öll einkenni undirtegundar- innar *deglandi* (2. mynd) og er því ættaður frá Norður-Ameríku. Er þetta í fyrsta skipti sem þessi undirtegund er skráð aust- an Atlantsála.

ÞAKKIR

Ég þakka dr. Robert Prys-Jones við British Muse- um, Natural History, og dr. Ævari Petersen við Nátt- úrufræðistofnun Íslands, fyrir að veita aðgang að ein- tökum í vörslu þessara safna. Dr. Kadosaki Masaaki við sögusafn Hokkaido-eyjar, Sapporo, var svo vin- samlegur að senda mér mynd af *stejnegeri*.

HEIMILDIR

- Cramp, S. & K.E.L. Simmons (ritstj.) 1977. The birds of the western Palearctic, 1. bindi. Oxford Uni- versity Press, Oxford.
- Dwight, J., Jr. 1914. The moults and plumages of the Scoters, - genus *Oidemia*. Auk 31: 293-308.
- Gunnlaugur Þráinsson, Gunnlaugur Pétursson og Erl- ing Ólafsson 1995a. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1993. Bliki 15: 21-51.
- Gunnlaugur Þráinsson, Gunnlaugur Pétursson og Erl- ing Ólafsson 1995b. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1994. Bliki 16: 11-45.
- Palmer, R.S. (ritstj.) 1976. Handbook of North Amer- ican birds, 3. bindi. Yale University Press, New Haven.

SUMMARY

First record of the Nearctic White-winged Scoter *Melanitta fusca deglandi* in Iceland and a note on the identification of the subspecies

The White-winged (Velvet) Scoter *Melanitta fusca* is a frequent vagrant on the shores of Iceland and has been recorded almost annually in recent years. Most records are of males associating with eiders *Somateria mollissima* or sometimes Common Scoters *Melanitta nigra*.

Melanitta fusca forms three well marked subspe- cies, adult males can be distinguished in the field in favourable conditions. The field characteristics of the males of the three subspecies are as follows:

M. fusca fusca (North Europe): low knob at base of bill, oblong nostrils, black flanks.

M. fusca stejnegeri (East Asia): knob at base of bill concave in front, forming a horn; round nostrils, black flanks.

M. f. s. deglandi (North America): high rounded knob at base of bill, round nostrils, rich brown flanks.

Moreover, both males and females of *deglandi* at all ages are distinguished from *fusca* and *stejnegeri* by the frontal feathering which forms a V-shaped protrusion, instead of being almost transverse (Fig. 1). As published descriptions of the frontal feathering are rather unclear, this was verified by examination of specimens of all three subspecies in the British Museum, Natural His- tory, in Tring, England.

Two specimens have been collected in Iceland and are in the collection of the Icelandic Institute of Natural History (RM 1102 and RM 10951). Both are adult males, collected in Northwest Iceland in spring, and both belong to the subspecies *fusca*.

An adult male paired to a nesting female eider was photographed at close range at Foss in Arnarfjörður, Northwest Iceland on 3 June 1993 (Fig. 2). This bird shows all the characteristics of *M. fusca deglandi* and constitutes the first European record of this Nearctic subspecies.

Arnhjór Garðarsson, Líffræðistofnun háskól- ans / Institute of Biology, University of Ice- land, Grensásvegi 12, 108 Reykjavík.

ÍSFYGLA

Íslenskir fuglar - Aves Islandicæ.

Höfundur: Sigurður Ægisson.

Grenjadarstaður 1996. 158 bls.

Skráð verð kr. 5900; 7900 í gjafahylki.

Þetta er alþýðlegt fræðirit eftir prest sem er áhugamaður um fuglaskoðun. Eingöngu er g eint frá 77 tegundum, sem taldar eru árvissir varp-fuglar hér á landi nú á dögum, og eru þá teknar með tegundir eins og haftyrdill og keldusvín sem eru næstum horfnar, en sleppt nokkrum tegundum sem virðast verpa árlega (helsingi) og öllum stoplum varpfuglum (gráspör er þó tekinn með).

Fjallað er um tegundirnar í stafrófsröð og fær hver tegund heila opnu. Notuð er stafrófsröð Cleasbys og símaskrárinnar (broddstafur á eftir hinum). Röðin er byggð á stöðluðum íslenskum heitum (t.d. heiðlóa en ekki lóa, haförn en ekki örn, fálki en ekki valur, svartbakur en ekki veiði-bjalla), og er það trúlega hugsað sem aðferð til þess að hjálpa óvönnum til að nota bókina sem uppflettirit og rata á rétta tegund. Hver tegund er kynnt sem hér segir: heiti (auk íslensku og latínu er nafnið á 13 Vesturevrópumálum), texti, penna-teikning og neðanmálsgrein um samanburðarorð-fræði og nafngiftir.

Undir hverri tegund er fjallað um hlutina í sömu röð. Fyrst kemur útgáfa höfundar á því sem skiptir máli í flokkunarfræði viðkomandi tegundar, m.a. ættbálkur, ætt, stætt yfirlit um aðrar tegundir skyldar og hverjar hafi sést hér á landi. Miklar endurtekningar eru í flokkunarkaflanum vegna þess að sömu eða mjög svipaðar upplýsingar koma fyrir undir mörgum skyldum tegundum. Þetta stafar auðvitað af stafrófsröðinni sem veldur því að höfundur finnur sig knúinn til að útskýra sömu atriðin undir hverri tegund. Flokkunarfræðileg röð byði hins vegar upp á inngangskafla fyrir hvern hóp tegunda.

Lýst er útliti og va pháttum, getið nokkuð um lífnaðarhætti, m.a. ferðir, og stofnstærð tíunduð án þess að gera greinarmun á tölum sem byggðar eru á vönduðum talningum og þeim sem grundvallast einungis á ágiskunum. Síðan kemur nokkur þjóðlegur fróðleikur, þ.á.m. upptalning á mörgum íslenskum nöfi um tegundarinnar, sem erfitt er að henda reiður á, enda ekki getið heimilda (t.d. kannast undir itaður við að lævirkir ha i stundum þýtt heiðlóa, en ekki að turtildúfa hafi nokkurn tíma verið notað fyrir þessa tegund).

Einnig er hér nokkur útlendur alþýðufróðleikur, m.a. f á norðmönnum og indjáním. Loks er getið um mesta þekktu aldur viðkomandi tegundar (en ekki meðalaldur eða dánartölu).

Vissulega er e fitt að koma svona sundurleitt um upplýsingum fyrir á eina opnu þannig að heppilegur jöfnuður náist og nákvæmni sé ekki fóttuð. Oftast eru svona textar hálfgerir snakk og því miður er þessi bók ekki undantekning að því leyti. Mér sýnist það eiga við bæði um líffræðilegu hliðina og þá þjóðfræðilegu.

Töluvert af líffræðilegu upplýsingunum, þar sem sérstaklega er getið um hegðun viðkomandi tegundar hér á landi, eru teknar úr yfirlitsritinu Fuglar (Rit Landverndar 8, 1982), en stundum hefur gleymst að bæta inn nýjum niðurstöðum, þannig að úreltur fróðleikur er birtur upp á nýtt. Einnig er dálítið erlitt fyrir lesandann að átta sig á því hvaða staðhæfingar byggjast á ítarlegum rannsóknum og mælingum og hverjar styðjast við fáar athuganir, ágiskun eða sögusögn. Nokkuð er um ónákvæmni (rauðhöfði er t.d. sagður koma til landsins í maí, en ekki apríl) eða oftúlkun (staðhæfing um hjúskaparhætti sömu tegundar, og að ferðir hennar séu illtúreikanlegar). Misskilningur kemur líka fyrir (röng túlkun á bls. 58 á þét-leikatölum sem birtust í Töflu 9-2 í Náttúru Mývatns). Hins vegar er varla hægt að segja að lýsingar séu beinlínis misvísandi. Það skal tekið fram að allt er þetta mjög stíll við það sem tíðkast almennt í bókum af þessu tagi.

Stundum er sagt um yfirlitsrit og alþýðleg fræðirit um náttúrufræði að þar lepi hver upp eftir öðrum og er það raunar eðli empirískra fræða. Þó er misjafnt hversu nálægt fyrirmyndinni menn kunna við að fara án þess að brúka gæsalappir. Við fyrstu sýn þótti mér höfundur Ísfyglu fara nokkuð fjálslega með aðfengna texta. Til dæmis fannst mér orðaval í texta um rjúpunu óþarflega kunnuglegt á pörtum.

Þá eru það húnánisku hliðarnar. Þar fannst mér vera allmikill fróðleikur en lítil greining. Ég býst við að höfundur sé vel að sér í tungumálum, en sé þó ekki tilganginn með að gefa heiti hvernar tegundar fyrir sögn á svo mörgum vesturevrópskum málum, en sleppa þremur málum sem standa okkur nær en mörg þessara, g ænlensku, rússnesku og amerískri ensku. Fuglaheitið sem upp eru talin eru opinber nöfi viðurkennd af fræðimönnum í hve ju landi, en slík nöfn eru í raun merkimiðar og hafa ekkert fræðilegt gildi, þótt þau geti nýst til þýðinga. langri runu af íslenskum samheitum ægir saman þekktum heitum.

forum og nýjum, útbreiddum og staðbundnum, og líka vafasömum nöfnum, allt niður í dulnefni sem lögbrjótur eru sagðir nota, sbr. nafnið klettarotta sem sagt er að eggjasafnarar noti um fáka, en oftast eru óvenjuleg nöfn aðeins sk áð en ekki útlístuð nánar. Tæpt er á þjóðtrú en hvergi er það tæmandi. Vísindalegar athuganir Jóns Guðmundssonar lærða eru hér taldar með þjóðtrú og er það afar misv sandi að ekki sé meira sagt. Efnistöð valda því að indjánafróðleikur um þá Úlfabjórð og Heillahúlf er endurtekinn fyrir flestallar andategundir og útlístin á landafræði Gallíu hinnar fornu (alls tvær línur) kemur einnig fulloft fyrir.

Neðanmálgrein á litrunni um uppruna opinbera íslenska heitisins og fræðiheitisins er dálítið misheppnuð. Uppruni viðtekis íslensks heitis er ekki endilega merkilegri eða fróðlegri en uppruni og vensl annarra íslenskra heita á sömu fuglategund. Af hverju eyða þúðri á að skýra orðið fáki en ekki valur, stuttnefja en ekki nefskeri, svartbakur en ekki veiðibjalla? Annars eru orðskýringar af þessu tagi vandmeðfarnar og misjafnar að gæðum og er þar ekki við höfund þessa rits að sakast. Skýringar hans á tilurð fræðiheitis hvernar tegundar bera hins vegar tæplega vott um innsei í venjur og reglur sem gilda um hið alþjóðlega nafngiftakerfi dýrafræðinnar.

Pennateikning er af hvernig tegund eftir Jón Baldur Hlíðberg. Mér fannst teikningarnar svolítið dauflegar og sumar þeirra líða fyrir það að ekki hefur verið gefin nægur gaumur að byggingu og hlutföllum líkamans og eðlilegri hreyfingu.

Heimildir eru settar upp eins og algengt er í alþýðlegum ritum, þannig að allmikil heimildaskrá er aftast í bókinni og er þar greinilega reynt að geta helstu undirstöðurita og stundum einnig nýlegra greina, þá gjarnan þeirra sem birst hafa í íslenskum ritum. Hins vegar er ekki vísað til heimilda í texta og því gagnast bókin ísýgla ekki sem heimild og hefur það sennilega aldrei verið ætlunin. Fyrir bragðið hefur samning heimildaskrár orðið vandasamari. Til dæmis er heimildum um flækingsfugla hin síðari ár gerð góð skil þótt flækningar komi varla fyrir í texta). Nokkurra nýlegra og aðgengilegra greina um íslenska fugla á íslensku er að engu getið, en tíndar til ýmsar alþýðlegar bækur útlendar, m.a. um þjóðtrú og fleira þess háttar.

Bókin er í óvenjulegu broti, ferköntuð 26x26 cm og bundin nokkuð hátíðlega í svartan sjirting með gylltu lettri. Hún er prentuð á mattan og áferðargóðan pappír. Blaðsíðutöl eru hvít á brúnum depli sem mér finnst sundurgerðarlegt. Prentvillur sýndist mér vera fáar og ekki til skaða.

Í stuttu máli inniheldur bókin ísýgla ýmsan almennan fróðleik um líf algengra íslenskra varpfugla og nokkuð sérvískulegan samtíning um fuglanöfn og þjóðtrú. Alla umræðu og fróðleiksmola um fugla og önnur dýr ber þó að skoða í því ljósi að hér á landi ríkir mikil fáfræði um dýralíf landsins og valdamiklir aðilar ala á fordómum. Því má vel vera að bók eins og ísýgla geti orðið til nokkurs gagns.

Arnþór Góðarsson

Vetrarfuglatalning 1996-97

Hin árlega jólatalning eða vetrarfuglatalning fór fram þann 29. desember 1996 og dagana þar í kring. Talning af þessu tagi hefur verið framkvæmd árlega í 45 ár síðan 1952, af fuglaáhugamönnum um land allt undir stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Saga og framkvæmd talninganna hefur verið rakin (Ævar Petersen 1983), auk þess sem gefin hafa verið út þrjú fjölrít Náttúrufræðistofnunar Íslands þar sem niðurstöðum talninga einstök ár eru gerð skil (Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1989, 1991, 1993). Hér verður aðeins gerð örstutt grein fyrir helstu niðurstöðum síðustu talningar og rétt er að ítreka að ekki er um

endanlegar niðurstöður að ræða þar sem ekki hafa allir skilað talningarskýrslum sínum enn.

Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands virðist veður hafa verið ákjósanlegt til talninga víðast um land, vindur hægur og víðast úrkomulaust og léttskýjað, en eins og gefur að skilja getur veður haft mikil áhrif á niðurstöður talninga og fjölda tegunda sem sést.

Í talningunni sáust að þessu sinni 71 tegund sem er í meira lagi samanborið við fyrri talningar. Alls sáust um 103.000 fuglar, sem ekki er mjög mikið samanborið við fyrri talningar (Æva Petersen & Gaukur Hjartarson 1989, 1991, 1993). Al-



Álftir *Cygnus cygnus* á ságrárrí spöng. – Jóhann Óli Hilmarsson.

gengasta tegundin var æða fugl eins og oft áður en 41.700 æðarfuglar sáust sem er um 40% af heildarfjölda fugla. Næst algengasta tegundin var snjótittlingur en 8.600 sáust að þessu sinni sem er um 8% af heilda fjölda. Næst þar á eftir komu 6.800 hvítmáfar (um 7% af heildarfjölda) og 6.200 stökkendur (um 6%).

Að venju sást nokkuð af flækingsfuglum í talningunni og má þar nefna runntítlu, glókkoll og ísmáf. Allnokkuð sást af grápröstum eða 59, en hann hefur oþið hér á landi og er algengur vetrar-gestur. Haftyrðlar sáust í nokkrum mæli, eða 150 fuglar sem verður að teljast mikið miðað við oft áður (Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1989, 1991, 1993).

Vetrarfuglatalningarnar hafa margvíslegt gildi. Í fyrsta lagi er þetta mikilvægur atburður fyrir áhugamenn um fuglaskoðun sem þarna fá tækifæri til að hittast og vinna saman og einnig örlar á keppni milli þeirra um fjölda tegunda og fugla sem mönnum tekst að sjá. Einnig veita þessar talningar okkur upplýsingar um hvaða fuglategundir hafa hér vetursetu, hve algengar þær eru og upplýsingar um dreifingu þeirra. Þá geta þessi gögn gefið mikilvægar vísbendingar um stofnbreytingar hjá ákveðnum tegundum.

Á Náttúrufræðistofnun er nú hafin tölvuskráning talningargagna frá upphafi, í þeim tilgangi að auðvelda samanburð milli ára og tímabila og úrvinnslu þeirra með tilliti til upplýsinga um stofnbreytingar. Hingað til hefur megnið af gögnunum aðeins verið til á eyðublöðum sem hefur torveldað úrvinnslu þeirra. Hér er um að ræða tölu-

vet magn gagna og er talsverð skráningarvinna eftir. Ætlunin er að reikna út vísitölur fyrir sumar tegundanna, en misjafnt er hve vel gögnin henta eftir tegundum. Þó má t.d. vænta þess að hægt verði að sjá út úr gögnunum hvort svartbak hafi fækkað undanfarna áratugi, en margir hafa haft þá tilfinningu þó gögn um það hafi skort. Einnig ættu gögnin að henta til að mæla stofnbreytingar hjá tegundum eins og stökkönd, æðarfugli og fleiri tegundum strandfugla sem eru hér staðfuglar, en flestöll talningarsvæðin eru strandsvæði.

Rétt er því að hvetja alla fuglaáhugamenn til dádá þannig að áframhald verði á þessari gagnasöfnun. Alltaf eru til svæði fyrir fleiri athugendur, og því eru þeir sem áhuga hafa á að slást í hóp talningamanna og taka þátt beðni, um að hafa samband við Náttúrufræðistofnun Íslands.

HEIMILDIR

- Ævar Petersen 1983. Fuglatalningar að vetrarlagi: Saga og árangur. Bliki 2:28-42.
- Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1989. Vetrarfuglatalningar: Skipulag og árangur 1987. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 11. 42 bls.
- Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1991. Vetrarfuglatalningar: Árangur 1988. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 18. 38 bls.
- Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1993. Vetrarfuglatalningar: Árangur 1989. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 23. 43 bls.

Arnór Þórir Sigfússon, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík

Þórshani *Phalaropus fulicarius* á fyrsta hausti. Bakkatjörn á Seltjarnarnesi 3. september 1996. – Jóhann Óli Hilmarsson.



Fuglagáta

6. fuglagátu stingur fugl nokkur höfði undan steini. Höfuðlag og fremur grannur og langur goggur benda til vaðfugls. Litamynstur bendir til þess að um ungan sundhana (*Phalaropus*) sé að ræða. Sundahanarnir eru þrír, óðinshani *P. lobatus*, þórshani *P. fulicarius* og freyshani *P. tricolor*. Strax er hægt að útiloka freyshana vegna þess að goggur hans er miklu lengri og grennri (sjá mynd bls. 37 í flækinga-skýrslu hér að framan), auk þess sem höfuðmynstur ungs freyshana er annað. Þá eru aðeins eftir óðinshani og þórshani. Goggur þessa fugls er ekki mikill að sjá en þó er goggur óðinshana mun grennri, þótt hann sé svipaður að lengd. Höfuðmynstur styður auk þess að um þórshana sé að ræða. Augnrák óðinshana er breiðari undir auganu og kollhettan nær lengra fram á ennið en á þessum fugli. Á meðfylgjandi mynd, sem er af sama fugli og myndin dularfulla sem birtist í Blika 17, sést vel að þetta er ungur þórshani sem er að skipta yfir í vetrarbúning. Fullorðinn fugl í vetrarbúningi er jafngrátt á baki og vængjum og án kollhettu.

Þórshani er sjaldgæfur varpfugl hér á landi, aðeins um 40-50 hjón fundust í könnun sem gerð var árið 1987. Þórshana koma seint til landsins eða í lok maí. Fáeinir fuglar sjást stundum fram eftir hausti og er hugsanlegt að þar gætu verið á ferð fargestir frá norðlægari varpstöðvum.

Jóhann Óli Hilmarsson.

Aðeins bárust ritstjórn fjórar úrlausnir á síðustu fuglagátu. Þrjár þeirra voru réttar. Dregið var um vinningshafa og fær Yann Kolbeinsson, Reykjavík, eintak af *Blika 18* sent án endurgjalds. Við viljum hvetja lesendur *Blika* til að taka þátt í þessum leik með okkur og senda inn svör. Til mikils er að vinna, því dregið verður úr réttum svörum og einum getsþökum þátttakanda sent frítt eintak af næsta *Blika*. Öllum er heimil þátttaka, nema ritnefndarmönnum og ljósmyndara gátunnar. Aðeins þarf að nefna tegundina og skrifa nafn sitt og heimilisfang undir. Sendið svör til *Blika*, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík, merkt „Fuglagáta 7“. – *Ritstjóri*.



Fuglagáta nr. 7. Greinið tegundina. – *Mystery photograph no. 7. Identify the species.*

LEICA sjónaukar henta öllu útivistarfólki og sérstaklega þeim sem hafa áhuga á að ferðast um og skoða náttúru Íslands í sinni bestu mynd. Þeir eru þekktir fyrir frábæra hönnun og mikla endingu auk þess að vera mjög þægilegir í notkun. Allir LEICA sjónaukar sýna fullt sjónsvið hvort sem notuð eru gleraugu eða ekki.

LEICA 7x42 BA

Stækkun: 7x

Linsupvermál: 42mm

Útgangsbrennidepill: 6mm

Sjónhorn: 140m í 1.000m

Stysti fókus: 6,30m

Birtuskil: 17,1

Þyngd: 890 gr.

Fáanlegir í bæði svartri og grænni umgjörð

Verð kr. 83.800



LEICA 8x20 BC

Stækkun: 8x

Linsupvermál: 20mm

Útgangsbrennidepill: 2,5mm


Sjónhorn: 115m í 1.000m

Stysti fókus: 3,0m

Birtuskil: 12,6

Þyngd: aðeins 223 gr.

Verð kr. 28.900.



LEICA Televid 77

Brennividd: 440mm

Linsupvermál: 77mm

Útgangsbrennidepill frá: 1,28-3,85mm


Stysti fókus: 3,9m

Innbyggð sólhlíf

Fáanlegur beinn eða 45°

Þyngd: 1.495gr.

Verð frá kr. 73.900.



BECO, Barónsstíg 18, 101 Reykjavík

Sími: 552 3411

Fax: 552 3420

E-Mail: beco@itn.is



CONTENTS

Arnþór Garðarsson & Árni Einarsson: Production and numbers of some diving ducks at Mývatn, Iceland	1
Ólafur K. Nielsen: Rock Ptarmigan research at Birningsstaðir in Laxárdalur 1963 to 1995	14
Gunnlaugur Þráinsson & Gunnlaugur Pétursson: Rare birds in Iceland in 1995	23
Gaukur Hjartarson & Ríkardur Ríkarðsson: Hooded Merganser <i>Mergus cucullatus</i> in northern Iceland	51
Guðmundur A. Guðmundsson: Winter distribution of Icelandic Golden Plovers	55
María Harðardóttir, Jón Guðmundsson & Ævar Petersen: Weight loss of female Eiders <i>Somateria mollissima</i> during incubation	59
Arnþór Garðarsson: First record of the Nearctic White-winged Scoter <i>Melanitta fusca deglandi</i> in Iceland and a note on the identification of the subspecies	65
Book review	68
Miscellaneous	69
Mystery photograph	71



EFNI

Arnpór Garðarsson og Árni Einarsson: Viðkoma og fjöldi nokkurra Mývatnsanda	1
Ólafur K. Nielsen: Rjúpnarannsóknir á Birningsstöðum í Laxárdal 1963-1995	14
Gunnlaugur Þráinsson og Gunnlaugur Pétursson: Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1995	23
Gaukur Hjartarson og Ríkarður Ríkarðsson: Kambönd á Norðurlandi	51
Guðmundur A. Guðmundsson: Lóan er komin - en hvaðan?	55
María Harðardóttir, Jón Guðmundsson og Ævar Petersen: Þyngdartap æðarkolla <i>Somateria mollissima</i> á álegutíma	59
Arnpór Garðarsson: Korpönd að vestan	65
Ritfregn	68
Vetrarfuglatalning 1996-97	69
Fuglagáta	71